

# HÁSKÓLI ÍSLANDS

*Menntun á heimsmælikvarða*

Við HÍ  
undirbúa  
rithöfundar  
**farsælan**  
**glæpaferil!**

**Jafnrétti til  
útflutnings**

„Rífangi gangur  
í Háskóla Íslands“

„Grundvallarspurningar  
mannlegrar tilveru“

**Háskólatorgið**  
*er bylting*

„Stúdentagardarnir eru yndislegir fyrir börnin“

# MBA nám HÍ

- > Mikil tenging við íslenskt atvinnulíf
- > Alþjóðlegt samstarf og erlendir fyrirlesarar
- > Greiður aðgangur að kennurum námsins
- > Framúrskarandi vinnuumhverfi

**MBA**

VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD  
HÁSKÓLA ÍSLANDS



Umsóknarfrestur fyrir MBA nám 2008-2010 er 2. maí nk.

[www.mba.is](http://www.mba.is)



# Metnaður Háskóla Íslands er að veita nemendum menntun á heimsmælikvarða

Það markar tímamót í lífi hvers einstaklings að skrá sig í háskóla. Háskólanám er ögrandi og kallar á sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði einstaklingsins. Það er því mikilvægt við val á námi og í upphafi þess að vera óhrædd við að spyrja og leita ráða. Háskóli Íslands kappkostar að styðja nemendur sína í einu og öllu.

Meginhlutverk háskóla er að skapa nýjan skilning stúdenta á margflóknum veruleika, þroska rökhugsun og auðga heimsmynd þeirra. Það hlutverk tekur Háskóli Íslands alvarlega og rækir af metnaði og alúð. Ungt fólk lítur á allan heiminn sem mennta-

og atvinnuvettvang sinn og það sækir þangað sem best er að því búið. Þess vegna er Háskóli Íslands alþjóðlegur háskóli sem skapar ungu fólki tækifæri, heima sem að heiman. Þekkingin á sér engin landamæri og íslenskir háskólar verða að vera hluti af alþjóðlegu menntakerfi. Þar er Háskóli Íslands í forystuhlutverki.

Metnaður Háskóla Íslands er að veita nemendum menntun á heimsmælikvarða, veita þeim prófgráður sem standast alþjóðlegan samanburð, veita þeim aðgang að nýrri þekkingu og kveðja þá sjálförugga og vel búna til virkrar þátttöku í alþjóðasamfélaginu.

Við erum sífellt að leita nýrra leiða til að bæta nám og aðstöðu nemenda við Háskóla Íslands. Með opnun Háskólators er búið að skapa skólanum stórkostlega umgjörð til að sinna sínu mikilvæga hlutverki. Í Háskólatorsi eru glæsilegir fyrirlestrasalir, kennslustofur, aðstaða til rannsókna, tölvuver, lesrými og matsalur auk margvíslegrar þjónustu við stúdenta og starfsfólk. Háskólators er miklu meira en bara nýtt hús, því það tengir saman nokkrar lykilbyggingar Háskólans og gjörbreytir þannig hlutverki þeirra og notkunarmöguleikum. Með tilkomu Háskólatorsins hefur Háskóli Íslands eignast miðju og þangað eru allir velkomnir.

Markmið Háskóla Íslands er að vera í fremstu röð háskóla og að nota alþjóðlega viðurkennda mælikvarða við allt gæðamat á starfi skólans. Við gerum miklar kröfur til sjálfra okkar, kennara, stjórnenda og annars starfsfólks. En við gerum líka miklar kröfur til nemenda okkar því við viljum tryggja að prófgráða frá Háskóla Íslands sé öruggur gæðastimpill sem nýtur trausts um allan heim. Þetta markmið Háskólans er styrkur þinn í framtíðinni.

Ég vona að þú finnr nám við hæfi í þeirri fjölbreyttu flóru námsleiða sem í boði er við Háskóla Íslands og að næsta haust fái ég tækifæri til að ávarpa þig í hópi nýnema.

Vertu velkomin/n í Háskóla Íslands

*Kristín Ingólfssdóttir*  
rektor



# Prófessor við HÍ fann heimsins elsta ísbjörn

*Kenningum um möguleika ísbjarna til að lifa af hnattræna hlýnun hugsanlega kollvarpað með fundi Ólafs Ingólfssonar*

Vísindavefur BBC fjallaði nýverið ítarlega um afrek jarðvísindamannsins Ólafs Ingólfssonar, sem er prófessor við Háskóla Íslands. Í rannsóknarleiðangri Ólafs á Svalbarða fannst steingert kjálkabein úr ísbirni sem talið er vera elsti steingervingur ísbjarna sem nokkurn tímann hefur fundist. Kjálkabeinið er um 23 sentimetrar að lengd og er afar vel varðveitt. Vísindamenn hafa hingað til talið að ísbirnir hafi komið fram sem sérstök tegund fyrir um 70 þúsund árum, en kjálkabeinið, sem er líklega úr fullvaxta birnu, er að öllum líkindum 110 til 130 þúsund ára gamalt. Ísbirnir eru í dag á válista norðurslóðadýra og margir telja að hnattræn hlýnun og minnkun hafisþekju geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir ísbjarnastofninn.

Í samtali við BBC segir Ólafur að ísbjörninn hafi upphaflega þróast frá brúnbjörnum sem vegna kólnandi veðurfars á ísöld hafi haldið út á hafísinn á norðurheimskautsvæðunum og sérhæft sig í að veiða sel sér til átu. Ólafur og samstarfsmenn hans telja að ísbirnir hafi verið á heimskautsvæðunum í að minnsta kosti 200 þúsund ár.

Ef þessar hugmyndir eru réttar hefur ísbjörninn lifað af stórfelldar umhverfisbreytingar og tímabil þegar jörðin var mun hlýrri en í dag og minni hafís á heimskautsvæðunum. Því er kannski ekki ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af framtíð ísbjarna þótt hnattræn hlýnun geti haft áhrif til minni hafisþekju að sumri á norðurheimskautsvæðunum. Eins lengi og selir og hafís að vetri eru til staðar verða til ísbirnir. Ísbjörnum stafar í dag aðallega ógn af vaxandi mengun.



## Ásgeir Gunnar Ásgeirsson, nemi í tannlækningum og knattspyrnumaður Gefur nýtt bros

*„Það var enginn sérsök ástæða fyrir því að ég vildi læra tannlækningar. Ég var bara á heimasíðu Háskólans þegar ég var við nám í Bandaríkjunum og rakst þá á tannlækningar. Svo leist mér vel á námið og endaði í þessu. Sumir félagar mínir hafa verið að spyrja mig hvort ég hafi gaman af því að þína fólk, en þetta er orðið svo breytt í dag. Enginn þarf að kvefjast við að fara til tannlæknis. Síðan getur starfið verið mjög gefandi. Sumir koma til mín og þora ekki að brosa. Þá lagar maður það og gefur þeim nýtt bros.“*



# HVERNIG sækir þú um nám við Háskóla Íslands?

*Hvar er sótt um nám? Hvenær rennur umsóknarfrestur út? Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að komast í skólann?*

## Hvar?

Sótt er um nám á vefsetri Háskóla Íslands, hi.is. Þar eru rafræn umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar og leiðbeiningar fyrir tilvonandi nemendur. Einnig má sækja um hjá Nemendaskrá í Háskólatorgi.

## Hvenær?

Umsóknarfrestur í grunnám er til 5. júní en í framhaldsnám er umsóknarfrestur breytilegur milli deilda. Oftast er fresturinn til 15. mars eða 15. apríl. Nánari upplýsingar fást hjá Nemendaskrá og deildum.

## Hvaða skilyrði?

Almennt inntökuskilyrði er að nemendur hafi stúdentspróf af bóknámsbraut eða öðru sambærilegu prófi frá erlendum skólum. Einstaka deildir gera þó aðrar kröfur og umsækjendur eru hvattir til að kynna sér inntökuskilyrði í einstakar námsleiðir.

Allar nánari upplýsingar um inntökuskilyrði er að finna á heimasíðum deilda og hjá Námsráðgjöf.



*Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, sjónvarpskona og sjúkraþjálfari*

## Gífurlega góður grunnur

*„Ég var fyrst að velta því fyrir mér að fara í læknisfræði. Svo gat ég ekki séð mig sjálfa læsta inni á skurðstofu. Þannig endaði ég í sjúkraþjálfuninni,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir, leikkona, söngkona, sjónvarpskona og auðvitað sjúkraþjálfari frá Háskóla Íslands.*

*„Námið reyndist allt öðru vísi en ég bjóst við. Þetta varð gífurlega góður grunnur bæði fyrir mannleg samskipti og nánd við fólk. Það er ótrúlegt hvað þetta nýtist manni í lífinu og er samvinnnað hinu daglega lífi.*

*En það var erfitt að samvinna Kastljós og námið. Undir lokin var ég alveg að gefast upp en lét mig samt hafa það. Ég fékk svakalega góðan stuðning úr vinnunni og það varð eiginlega til þess að ég fór alla leið með þetta.*

*Það sem ég lærði fyrst og fremst var að skipuleggja mig. Svo reyndist þetta góð viðbót við sjónvarpsmennskuna því námið hjálpar mér að tengjast fólki enda þarf ég oft að vinna náðið með þeim sem ég ræði við,“ segir Ragnhildur Steinunn.*

## VERTU MEÐ

### Viltu syngja?

#### Háskólakórinn

Háskólakórinn setur sterkan svip á félagslífið í Háskóla Íslands. Kórinn hefur komið fram við margvíslegar opinberar athafnir á vegum skólans en heldur að auki eigin tónleika og stendur að útgáfu. Mikið félagslíf er í kringum Háskólakórinn sem ferðast bæði innanlands sem utan og ber hróður Háskólans víða. Nýir félagar eru boðnir velkomnir í kórinn á hverju ári.

### Viltu leika?

#### Studentaleikhúsið

Studentaleikhúsið hefur sett á svið fjölmargar nýstárlegar og skemmtilegar sýningar sem notið hafa mikilla vinsælda. Studentaleikhúsið er opið öllum sem hafa áhuga á leiklist á einn eða annan hátt – hvort sem fólk vill leika, leikstýra, skrifa handrit, velja handrit, búa til leikmyndir eða hvað annað skapandi og skemmtilegt.

### Viltu skemmta þér?

#### Nemendafélög

Fjölmörg nemendafélög eru starfandi innan skólans. Þar er kjörið tækifæri fyrir nemendur að kynna samnemendum sínum og láta í sér heyra. Nemendur standa fyrir áhráttum, partýum, kvikmyndakvöldum, fyrirlestrum, upplestrarkvöldum og ljóðakvöldum, svo fátt eitt sé nefnt. Nemendafélögin taka sérstaklega vel á móti nýnemum og halda mörg hver sérstök nýnemakvöld þar sem nýtt fólk er boðið velkomnið í hópinn.

### Viltu hreyfa þig?

#### Íþróttahúsið

Íþróttahús Háskóla Íslands er opið öllum nemendum skólans gegn vægu gjaldi. Þar er fullkominn tækjasalur, hópatímar af ýmsu tagi – svo sem þolfími, jóga, herþjálfun og margt fleira – síðan er hægt að slappa af í gufu eftir öll átökin. Að auki geta nemendur pantað íþróttasallinn til eigin afnota. Þennan kost nýta sér margir til að spila fótbolta, blak, badminton eða annað.

### Viltu lesa og skrifa?

#### Studentablaðið

Stúdentaráð er útgefandi Stúdentablaðsins sem kemur út reglulega yfir vetrartímann. Stúdentablaðið er metnaðarfullur fréttar-, skemmti-, og upplýsingamiðill sem dreift er til allra stúdenta Háskóla Íslands. Stúdentablaðið er opin miðill sem öllum stúdentum er frjálst að skrifa í og eru allir hvattir til að leggja Stúdentablaðinu lið með hvers kyns skrifum. Ritstjóri Stúdentablaðsins hefur aðsetur á skrifstofu Stúdentaráðs í Háskólatorgi.

### Viltu koma?

#### Opinn háskóli

Allt árið um kring eru fyrirlestrar, málþing, ráðstefnur og viðburðir af margvíslegum toga við Háskóla Íslands opnir almenningi. Tugir þúsunda gesta sækja slíka viðburði árlega og eru nemendur sérstaklega velkomnir.

*Magnús Þorkell Bernharðsson er okkar fremsti sérfræðingur í málefnum Mið-Austurlanda og einbeitir sér að þeim heimshluta í kennslu og rannsóknum. Hann er nýráðinn lektor við guðfræðideild Háskóla Íslands.*

# Er Islam helsta ógn samtímans?

Magnús hefur víða komið við um ævina, en sem barn átti hann heima í Afríku og ferðaðist þá töluvert um Mið-Austurlönd. Áhuginn á þessum fjarlæga heimshluta kviknaði þó ekki fyrr en Magnús hóf framhaldsnám í Bandaríkjunum. „Þetta var kannski ekki eðlilegasta skrefið að taka,“ segir hann, „en þetta var krefjandi, spennandi og ögrandi og það hvatti mig áfram.“

Mið-Austurlönd hafa átt huga Magnúsar æ síðan. Hann hefur gefið út tvær bækur um þennan heimshluta, auk þess að sinna rannsóknum og kennslu. Nú vinnur hann að rannsókn um þátt Islam í myndun og þróun írakskrar þjóðernishyggju.

Magnús kennir aðallega námskeið um þátt trúarinnar í nútímasamfélögum og veltir því m.a. upp hvort Islam sé helsta ógn samtímans. Við kennslu leggur hann höfuðáherslu á að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun og vinnubrögð í námi. „Ég lít ekki á nemendur sem neytendur sem þiggja upplýsingar frá kennaranum heldur ætlast ég til þess að þeir eignu sér efnið og taki þátt í að þróa það og greina,“ segir Magnús.

Fræðin skipta miklu máli fyrir umræðuna í samfélaginu – um það er Magnús ekki í vafa. „Fræðimenn geta bætt heilmiklu við umræðuna ef fólk og fjölmiðlar sætta sig ekki við að fá aðeins einfölduð svör við spurningum sínum. Í þessu sambandi er einna mikilvægast að fram komi sjónarmið þeirra sem búa í Mið-Austurlöndum og hvernig söguleg reynsla þeirra getur haft áhrif á viðbrögð þeirra og skoðanir.“

Magnús bendir á að Vesturlandabúum er samt að líta á hlutina út frá sínum forsendum og búast við að aðrir geri það líta. „Ég lít svo á að einn tilgangur fræðanna sé að stuðla að gagnrýnni hugsun, bæði meðal nemenda og almennings, svo fólk trúir ekki öllu sem sett er fram heldur hugsu málið vandlega áður en gengið er til verks, til dæmis þegar tekin er ákvörðun um hvort heyja eigi stríð eða ekki.“

Í Bandaríkjunum verður umræða um Mið-Austurlönd og fræðin oft persónuleg, ólíkt því sem oftast á við hérlandis. Magnús segir sýn Bandaríkjamanna á málefni Mið-Austurlanda eins misjafna og þeir eru margir. „Ég hef hitt Bandaríkjamenn sem eru djúpt þenkjandi og



aðra sem eru það alls ekki. En þetta á líka við um Íslendinga sem ég hitti,“ segir hann og bætir við að það að vera Íslendingur veiti sér ákveðið frelsi. „Ólíkt Bandaríkjamönnum, Bretum, Frökkum eða Þjóðverjum hafa Íslendingar ekki haft mikil ítök á þessum slóðum. Ég tengist því ekki neinni stefnu og þarf ekki að afsaka eitt eða neitt – nema þegar fólk spyr mig út í stuðning Íslands við innrásina í Írak.“

*Berghildur Erla Bernharðsdóttir, nemi í MA-námi í blaða- og fréttamennsku*

## „Námið er fjölbreytt og hagnýtt“

*„Námið er fjölbreytt, hagnýtt og einstaklingsmiðað,“ segir Berghildur Erla Bernharðsdóttir, sem hefur nýlokið við MA-nám í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands en hún hefur vakið athygli fyrir störf sín á fréttastofu Útvarpsins og Sjónvarpsins.*

*„Með náminu langaði mig að bæta við verklegri og fræðilegri þekkingu á fjölmiðlun,“ bætir Berghildur við.*

*Meistaraprófsritgerð Berghildar fjallar um sjálfsstyrkingu en ritgerðin vakti verðskuldaða athygli, m.a. hjá Capacent Gallup. „Ég kem til með að halda fyrirlestra um efni ritgerðarinnar á námskeiðum hjá því fyrirtæki.“*

*Berghildur gerði heimildarmyndina Lystin að lifa á námstímanum og vakti hún gríðarlega athygli. Myndin fjallaði um átröskun ungrar stúlku og var sýnd í Sjónvarpinu. „Verkefnið gerði mér kleift að sækja inn á nýjan starfsvettvang innan fjölmiðlunar.“*

*Verkefni Berghildar er raunhæft og afar skýrt dæmi um hvernig nám skilar ótvírætt árangri í atvinnulífinu.*





# Jafnrétti til útflutnings

**- Auðlind í tengslum við útrás þekkingar, segir Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki**

Það hefur vakið athygli víðar en hér á Íslandi hversu sterk staða kvenna er við Háskóla Íslands. Rektor Háskólans er kona og meirihluti núverandi deildarforseta er konur.

„Í nýskipuðu háskólaráði eru konur í meirihluta líka. Það tel ég vera mjög ánægjulegt og til marks um árangur í jafnréttismálum í Háskóla Íslands,“ segir Kristín Ingólfssdóttir, sem er fyrsti kvenrektor Háskóla Íslands.

„Við eigum auðlind sem tala má um í tengslum við útrásþekkingar,“ segir Sigríður Þorgeirsdóttir, dósent í heimspeki við Háskóla Íslands og bætir við: „Það er sú merka hefð í jafnréttismálum sem við búum að og sú þekking á þeim sem við höfum aflað okkur. Háskóli Íslands hefur rutt brautina í rannsóknnum á jafnrétti hér á landi með stofnun RIKK, námsbrautar í kynjafraeði og

rannsóknnum er varða jafnrétti, auk skipulagðs jafnréttisstarfs við skólann.“

Sigríður segir að sóst sé eftir þessari þekkingu víða um heim. Nú er unnið að undirbúningi jafnréttisseturs og jafnréttisskóla að fyrirmynd Jarðhita- og Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna sem eru starfræktir í tengslum við HÍ. Þessir skólar eru liður í þróunarsamvinnu Íslendinga og bjóða upp á þjálfun og nám fyrir fólk frá þróunarlöndum á þeim sviðum sem Íslendingar hafa sérþekkingu á.

„Nú er vitað að kynjamisrétti stendur framförum í þróunarlöndum einna mest fyrir þrífum. Efling jafnréttis er þess vegna ein helsta forsenda þess að styrkja lýðræði og auka velsæld í löndum sem við viljum styðja á veg þróunar,“ segir Sigríður.

## Við Háskóla Íslands undirbúa rithöfundar farsælan glæpaferil

**Sakamálsögur, svokallaðir krimmar, hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi undanfarin ár og fjölmargir öflugir rithöfundar hafa stormað fram á ritvöllinn með slíkar sögur í fartaskinu. Ófáir þeirra hafa fengið undirbúning fyrir þennan listræna „glæpaferil“ við Háskóla Íslands. Þeirra á meðal er Arnaldur Indriðason, sem sumir kalla kóng íslensku glæpasögunnar.**

Arnaldur hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir glæpaskrif sín, m.a. hlaut Grafarþögn eftir Arnald „Gullna rýtinginn,“ verðlaun samtaka breskra glæpasagnahöfundna árið 2005. Nýjasta bókin hans, Harðskafi, var sú vinsælasta á árinu 2007 hér á landi samkvæmt samantekt Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Arnaldur hefur sagt að menn geti með ýmsu móti lært að verða rithöfundar. Til dæmis hafa verið gefnar út milljón sjálfshjálparbækur um listina að rita glæpasögur. Arnaldur þekkir ekki þessar bækur heldur fer sínar eigin leiðir: „Ég veit ekki betri aðferð en þá sem ég notaði. Ég fór í sagnfræði í Háskólanum,“ segir hann.

Af öðrum glæpasagnahöfundum sem hafa setið á skólabeck í Háskóla Íslands eru m.a. Yrsa Sigurðardóttir, sem er með BS-gráðu í byggingaverkfræði og Óttar M. Norðfjörð, sem er með MA-gráðu í heimspeki.



## Í HÓP 100 BESTU

### Skóli með sögu og sál

Háskóli Íslands hefur verið hornsteinn þekkingaruppbyggingar á Íslandi í næstum 100 ár. Skólinn hefur lagt grunninn að velferð þjóðarinnar og er rótgróinn í íslensku þjóðarsál. Stöðug framþróun og sterk framtíðarsýn er og verður styrkur Háskóla Íslands til að ná markmiði sínu: Að komast í röð 100 bestu háskóla í heimi.

### Skóli í stöðugri mótun

Háskóli Íslands er sífellt að stækka bæði að innra og ytra byrði: Nemendum fjölga á hverri önn og kennarar skólans afla sér stöðugt nýrrar þekkingar og reynslu sem kemur þeim til góða við kennslu og rannsóknir. Háskólabyggingum fjölga og þær eldri eru endurbættar. Með tilkomu Háskólatorgs og þeirra nýbygginga sem eru í burðarliðnum verður starfsaðstaða nemenda og starfsfólks enn betri en áður. Á hverjum degi vinna starfsfólk, kennarar og nemendur Háskóla Íslands að því að gera skólann okkar betri – samfélaginu öllu til góða.

### Nýsköpun og rannsóknir

Kennarar skólans og nemendur í rannsóknartengdu framhaldsnámi stunda fjölþættar rannsóknir í nánum tengslum við íslenskt samfélag og atvinnulíf. Það má með sanni segja að dag hvern fari fram öflugt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf í Háskóla Íslands. Við Háskóla Íslands starfar stór hópur vel menntaðra og þjálfaðra kennara. Mikill meirihluti fastráðinna kennara er með doktorspróf og hefur sá hópur stundað bæði nám og rannsóknir við virta erlenda háskóla.

### Alþjóðleg samskipti og samvinna

Alþjóðleg tengsl kennara Háskóla Íslands eru mikil og sterk og margir þeirra eru í fremstu röð í sínum fræðum í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Við Háskóla Íslands starfa að auki framúrskarandi erlendir kennarar, bæði í föstum stöfum og sem stunda- eða gestakennarar. Þá á Háskóli Íslands í samstarfi við mörg hundruð erlenda háskóla og rannsóknastofnanir um nemendaskipti, rannsóknir, starfsmannskipti og fleira. Allir nemendur skólans eiga kost á að taka hluta af námi sínu við erlenda háskóla og á hverju ári tekur Háskóli Íslands á móti hundruðum erlendra nemenda og fer þeim fjölgandi ár hvert.

### Síbreytilegur skóli

Háskóli Íslands er alltaf að verða til, umbreytast á einn eða annan hátt í takt við tíðarandann. Sameining Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands er liður í þessari þróun – að gera skóla allra landsmanna að betri menntastofnun en nokkru sinni fyrr. KHÍ myndar uppistöðuna að einu af fimm fræðasviðum HÍ á komandi hausti, menntavísindasviði.

### Sköpunarkraftur í Vatnsmýrinni

Vísindagarðar Háskólans rísa brátt og munu þeir gjörbreyta aðstæðum til kennslu, rannsókna og samskipta á háskólalóðinni. Vísindagarðar eru þekkingarsetur, þar sem atvinnulíf og vísindasamfélagið sameina krafta sína og þekkingu. Í fyrstu verður lögð sérstök áhersla á líf- og heilbrigðisvísindi, upplýsinga- og fjarskiptatekni og orkurannsóknir. Þar mun einnig verða aðstaða framhaldsnema á sviði verkfræði og náttúruvísinda.

# Allt til alls

Háskóli Íslands er lifandi samfélag sem teygir anga sína um allt land og út fyrir landsteinana en hjarta þess slær í Reykjavík. Innan þessa samfélags vinna nemendur, kennarar og starmenn að því að efla vísindi og fræði. Fjölpætta þjónustu er að finna innan háskólasamfélagsins, svo sem húsnæði fyrir stúdenta, leikskólaláss, atvinnumiðlun, námsráðgjöf, leikhús og annað sem einstaklingar þarfnast. Háskólasamfélagið er kraftmikið og jákvætt samfélag sem ávallt vill gera gott enn betra.

## Stærsta bókasafn landsins Landsbókasafn-Háskólabókasafn

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að fullkornasta bókasafni landsins í Þjóðarbókhöfðinu og fá þeir bókasafnskort sér að kostnaðarlausu meðan á námi stendur. Á bókasafninu hafa nemendur, auk bóka og tímarita, aðgang að rafrænum gagnasöfnum í eigu og áskrift safnsins og öllum lokaritgerðum nemenda við Háskólann. Í Þjóðarbókhöfðinu eru mörg hundruð sæti til lesaðstöðu, tölvuver og hópinnuherbergi.

## Það er leikur að læra ...

### Lesaðstaða - tölvuver

Stöðugt er unnið að því að bæta námsaðstöðu nemenda og þjónustu við þá. Innra vefkerfi skólans er í stöðugri þróun og nýtist það nemendum bæði við námið sjálft og skipulag þess. Nemendaskrá heldur utan um námsferilinn og Námsráðgjöf aðstoðar nemendur við stórt sem smátt. Lesaðstöðu, bókasöfn og tölvuver er að finna í nær öllum byggingum. Þá veita Landsbókasafn-Háskólabókasafn og Bóksala stúdenta afbragðs góða þjónustu.

## Alltaf opið - aldrei læst

### Sólarhringsaðgangur að byggingum

Nemendur Háskóla Íslands hafa aðgang að byggingum skólans allan sólarhringinn. Á háskólavefnum geta nemendur sótt um



Stúdentakort sem veitir þeim aðgang að byggingunum, auk þess að vera afsláttar- og auðkenniskort.

## Get ég aðstoðað?

### Þjónustuskrifstofa nemenda Háskóla Íslands

Nemendaskrá er þjónustuskrifstofa nemenda Háskóla Íslands. Þar geta þeir nálgast yfirlit yfir einkunnir, námsferil og námskeið auk ýmiskonar vottorða, t.d. vegna húsaleigubóta, orlofs o.fl. Allar upplýsingar fyrir væntanlega umsækjendur liggja frami á skrifstofu Nemendaskrár og starfsfólk svarar fúslega öllum spurningum. Umsóknir um skólavist fara þó að mestu fram á vefsetri Háskólans.

## Hvað á ég að læra?

### Námsráðgjöf stendur með þér

Námsráðgjafar Háskólans eru brautryðjendur í sínu starfi og sinna nemendum af mikilli alúð. Veitt er ráðgjöf um vinnubrögð í háskólánámi, úrræði og ráðgjöf vegna fötlunar, ráðgjöf í námsvali og upplýsingamiðlun auk þess sem námsráðgjafar sinna persónulegri og sálfræðilegri ráðgjöf. Starfsfólk Námsráðgjafar heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir nemendur hvern vetur, t.d. um námstækni, prófundirbúning, markmiðasetningu og tímastjórnun.

## Þú skiptir máli!

### Stúdentaráð og hagsmunafélög nemenda

Nemendur skipta höfuðmáli við Háskóla Íslands og þeir hafa alltaf verið ófeimnir við að láta rödd sína heyra. Stúdentaráð Háskóla Íslands starfar að hagsmuna- og félagsmálum stúdenta og er sameiginlegur málsvari þeirra innan skólans sem utan. Stúdentar eiga fulltrúa í öllum mikilvægum ráðum og nefndum innan Háskóla Íslands. Stúdentar geta því tekið ríkan þátt í ákvörðunum um starfsemi skólans. Auk stúdentaráðs eru ýmis hagsmunafélög og nemendafélög starfrækt innan deilda sem eru nemendum innan handar og vinna að hagsmunum þeirra.





### Út vil ek!

#### Alþjóðasamstarf – nám erlendis – erlendir nemendur

Samstarf Háskóla Íslands við erlenda háskóla, rannsóknastofnanir o.fl. er viðamikilið og þar gegnir Alþjóðaskrifstofan víðtæku hlutverki. Starfsfólk Alþjóðaskrifstofu aðstoðar stúdenta, kennara og stjórnslu varðandi þátttöku skólans í fjölþjóðlegum samstarfsáætlunum auk ýmissa tvíhliða samninga. Alþjóðaskrifstofa aðstoðar einnig þá stúdenta sem hyggjast fara utan til náms, sem og þá erlendu stúdenta sem hingað koma.

#### Upplýsingar fyrir þig – um þig Innra net Háskóla Íslands

Hver og einn starfsmaður, kennari og nemandi Háskóla Íslands fær úthlutað netfangi ásamt aðgangi að innri vef skólans. Á innra netinu geta nemendur m.a. nálgast yfirlit yfir einkunnir, námsferil og þau námskeið sem þeir sækja hverju sinni. Hvert og eitt námskeið hefur sitt heimasvæði á innri vefnum og þangað geta kennarar sett inn glósur, fyrirlestra og fleira fyrir nemendur auk þess sem hægt er að búa til umræðuvefi og rafræn verkefni.



### Námsárið

#### Haust- og vormisseri

Hvert námsár skiptist í tvö misseri, haustmisseri og vormisseri. Kennsla hefst alla jafna í byrjun september á haustmisseri og í fyrstu og annarri viku janúar að vori.

### Matið

#### Einingar

Nám við Háskóla Íslands er metið í einingum (e). Eðlilegt námsár er miðað við 30 einingar og vanalegast að nemandi taki 15 einingar á misseri. Nemendum er þó leyfilegt að taka allt að 21 einingu á misseri, en sérstakt leyfi þarf til að taka fleiri. Nemendum er frjálst að taka færri en 15 einingar á misseri kjósi þeir það.

### Má bjóða þér aðstoð?

#### Námsráðgjöf

Háskólatorgi  
Sími: 525-4315  
radgjof@hi.is  
www.hi.is/page/namsradgjofhi

#### Nemendaskrá

Háskólatorgi  
Sími: 525-4309  
nemskra@hi.is  
www.hi.is/page/nemendaskra

#### Alþjóðaskrifstofan

Háskólatorgi  
Sími: 525-4311  
ask@hi.is  
www.ask.hi.is

#### Stúdentaráð HÍ

Háskólatorgi  
Sími: 5700 850  
shi@hi.is  
www.student.is

#### Skrifstofa FS

Háskólatorgi  
Sími: 5700 700  
fs@fs.is  
www.fs.is

#### Bóksala stúdenta

Háskólatorgi  
Sími: 5700 777  
boksala@boksala.is  
www.boksala.is

#### Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn

Arngrímshaga 3  
Sími: 525 5600  
lbs@bok.hi.is  
www.landsbokasafn.is

## FRÆÐASVIÐIN FIMM

Við Háskóla Íslands eru fimm fræðasvið: félagsvísindasvið, heilbrigðisvísindasvið, hugvísindasvið, menntavísindasvið og verkfræði- og náttúruvísindasvið. Hvert svið skiptist í fjórar til sex deildir og eru deildirnar samtals 26. Hver deild skiptist síðan í námsleiðir, mismargar eftir deildum.

### HÁSKÓLAFRÉTTIR

1. tölublað: 30. árgangur, febrúar 2008.

#### Útgefandi:

Markaðs- og samskiptasvið Háskóla Íslands.

#### Ritstjórar:

Guðrún Bachmann og Jón Örn Guðbjartsson.

#### Höfundar efnis:

Guðrún Bachmann, Helga Birgisdóttir, Jón Örn Guðbjartsson, Kolbrún Mjöll Hrafnisdóttir, Stefán Valsson, Valur Grettilsson og talsmenn deilda.

#### Lestur prófarka:

Guðrún Bachmann, Jón Örn Guðbjartsson, Magnús Diðrik Baldursson og Sæunn Stefánsdóttir.

#### Ljósmyndir:

Kristinn Ingvarsson, Jón Örn Guðbjartsson, Oddur Þórisson, Stefán Valsson, o.fl.

#### Hönnun og umbrot:

Tryggvi Ólafsson. tryggvio@gmail.com

#### Mynd á forsiðu:

Háskólatorg, Kristinn Ingvarsson.

#### Upplag:

10,000 eintök.

#### Prentun:

Íslandsprent.

Prentað á vistvænan pappír.

Ef ritið er ekki varðveitt vinsamlegast skilið til endurvinnslu að loknum lestri.

ISSN: 1670-2778

www.hi.is

### Prófgráðurnar

#### Grunnnám og framhaldsnám

Við Háskólann eru veittar þrjár háskólagráður. Fyrsta háskólagráðan er kölluð grunnnám, þ.e. BA- eða BS-gráða, og að baki þeirri gráðu liggur að minnsta kosti þriggja ára nám eða 90 einingar. Nokkrar námsleiðir taka þó lengri tíma. Önnur háskólagráða kallast meistaranám, þ.e. MA- eða MS-gráða. Meistaranám er yfirleitt tvö ár eða 60 einingar. Þriðja háskólagráðan er doktorsgráða og tekur doktorsnám yfirleitt þrjú til fjögur ár.

Saman kallast meistara- og doktorsnám framhaldsnám. Þessu til viðbótar býður Háskóli Íslands ýmsar styttri námsleiðir, diplómanám eða hagnýtt nám, starfsmiðað nám eftir fyrstu háskólagráðu og sjálfstætt grunnnám.

# Félagsvísindasvið

Á félagsvísindasviði reyna nemendur og kennarar að skilja manninn og samfélagið sem hann býr í, skapar og mótar. Þetta er gert út frá ólíkum sjónarhornum og ráðast pælingarnar af þeirri deild sem nemendur velja sér, en þær eru 6 talsins. Við sviðið er t.d. hægt að sérhæfa sig í stjórnmálum, hagfræði, félagsfræði, lögfræði eða viðskiptafræði svo fátt eitt sé nefnt.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# FÉLAGSVÍSINDASVIÐ



Ólafur P. Harðarson,  
varaforseti háskólaráðs

## „Við erum rétt að byrja!“ Rífandi gangur í Háskóla Íslands

„Ég er búinn að starfa við Háskóla Íslands í 28 ár – og það hefur aldrei verið skemmtilegra. Hér iðar allt af lífi. Krafturinn er ótrúlegur. Rannsóknir blómstra, kennsluhættir batna og ytri umgjörð er að verða með því glæsilegasta sem gerist í heiminum,“ segir Ólafur P. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði og varaforseti háskólaráðs. „Kennarar Háskólans eru margir fremstu sérfræðingar á sínum sviðum og flestir hafa lokið doktorsprófi við virta erlenda háskóla, austan hafs og vestan.“

Í Háskólanum er fjallað um heillandi viðfangsefni vísindanna á frjóan og gagnrýninn hátt og krafist er virkrar þátttöku nemenda. „Þetta er blanda sem virkar – enda þekkt uppskrift frá bestu háskólum heims. Við gerum miklar kröfur til kennara og nemenda. Án þess næst aldrei árangur sem máli skiptir. Við viljum að nemendur okkar tileinki sér öguð vinnubrögð og öðlist staðgöða þekkingu, skarpan skilning, frumkvæði og kunnáttu í mannlegum samskiptum.“ Ólafur segir að nemendur frá Háskóla Íslands hafi lagt grunninn að íslensku þekkingar- og þjónustusamfélagi. „Ég get nefnt örfá dæmi úr minni eigin grein, stjórnmálafræði. Nemendur þaðan hafa haslað sér völl hjá alþjóðastofnunum, félagsþjónustu, menntastofnunum,

fjölmíðlum, heilsugæslu, utanríkisþjónustunni, auglýsinga- og upplýsingabransanum, Alþingi og ríkisstjórn, ráðgjafarfirmakerkjum, fjármálafræðingum – og svo auðvitað í háskólum og rannsóknarstofnunum. Sams konar sögu mætti segja af öðrum fræðigreinum.“

Ólafur bendir á að nú standi yfir bylting í húsnæðismálum Háskólans og að nýtt skipulag skólans muni efla bæði kennslu og rannsóknir. „Í sumar verður skólanum skipt í fimm öflug fræðasvið, en innan þeirra verða 26 deildir. Nýja Háskólatorgið er þegar orðið kjarni lífandi háskólasamfélags. Það er beintengt við Gimli, Odda og Lögberg, þar sem félagsvísindasviðið fær glæsilega aðstöðu. Heilbrigðisvísindasvið mun eflast í nýjum háskólasjúkrahúss byggingum við Hringbraut. Nýir Vísindagarðar munu gagnast verkfræði- og náttúruvísindasviði og öðrum sviðum – auk þess að efla enn tengslin við atvinnulífið. Þá hefur verið tekin ákvörðun um að menntavísindasvið flytjist frá Stakkahlíð í nýtt hús á háskólasvæðinu innan fimm ára og á teikniborðinu eru nýjar byggingar fyrir hugvísindasvið. Háskóli Íslands verður alvöru „campus“ á næstu árum – og akademía í fremstu röð. Við erum rétt að byrja!“



## Félags- og mannvísindadeild

Félags- og mannvísindadeildin er ein stærsta deild Háskóla Íslands. Þar er lögð rík áhersla á að nemendur öðlist skilning á margbreytileika mannlífsins, á þjóðfélögum, menningu og lífsháttum ólíkra hópa. Nemendur hljóta færni í að takast á við staðbundinn og hnattrænan vinnumarkað sem er í örri þróun.

Deildin nýtir styrk stærðarinnar með því að bjóða upp á óvenju fjölbreytt námsframboð sem nemendur geta auðveldlega raðað saman, allt eftir áhugasviði hvers og eins. Hægt er að taka flestar greinarnar til BA-prófs, ýmist sem aðalgrein eða sem aukagrein. Deildin býður einnig upp á framhaldsnám í flestum greinum til diplóma-, meistara- og doktorsprófs.

Hægt er að taka greinar í deildinni ýmist sem aðal- eða aukagreinar. Auk þess er hægt að velja aukagreinar í öðrum deildum og mismunandi áherslur innan hvers greinar. Öllum þessum valkostum er lýst í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar [www.felags.hi.is](http://www.felags.hi.is)



Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, dósent við félags- og mannvísindadeild

## Fjölbreytni mannlífsins

„Ótal tækifæri gefast til skapandi samstarfs í félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, sem býður uppá margvíslegar áherslur er snerta margbreytileika þjóðlífsins, hvort sem horft er til þjóðmenningar eða alþjóðasamfélags, einstaklinga eða þjóðfélagshópa,“ segir Guðbjörg Linda Rafnsdóttir dósent og bætir því við að rík áhersla sé lögð á skapandi og öguð vinnubrögð, gagnrýna hugsun og rökræður.

„Nemendur öðlast einstakan skilning á þjóðfélögum og menningu, stöðu ólíkra hópa og færni í upplýsinglæsi. Slíkt hefur sjaldan verið eins mikilvægt og í hnattvæddum heimi nútímans. Nemendur sem útskrifast úr deildinni getq unnið sjálfstætt og sett fram fræðilegan texta í ræðu og riti. Þeir geta tjáð sig á agaðan hátt um efni á fræðasviðinu, í tölum og texta. Nemendur geta skoðað, greint og fundið raunhæfar lausnir á viðfangsefnum

þar sem um er að ræða flóknar upplýsingar með því að beita ólíkum rannsóknaraðferðum greinanna. Þeir tileinka sér sjálfstæða og gagnrýna hugsun, viðsýni og frumleika sem nýtist í áframhaldandi námi, starfi og lífi. Styrkur félags- og mannvísindadeildar er að hún er ein stærsta deild Háskólans. Námið endurspeglar fjölbreytileika mannlífsins, allt frá þjóðmenningu til margmenningar og gerir nemendum kleift að sérhæfa sig innan ólíkra sviða þess. Deildin býður upp á óvenju fjölbreyttar námsleiðir sem nemendur geta tvinnad saman og fengið þannig almenna og hagnýta þekkingu á sínu aðal fræðasviði, en jafnframt haft einstaklingsbundnar áherslur, allt eftir áhugasviði hvers og eins. Nemendur geta útskrifast úr grunn- og framhaldsnámi, með BA-próf, diplóma-, MA- eða doktorspróf, m.a. í samvinnu við framúrskarandi erlenda háskóla.“

Hrannar Pétursson, BA í félagsfræði

## „Heiðarleiki er grundvallarforsenda fyrir góðum árangri“

„Sá sem vinnur við almannatengsl þarf að þekkja sinn málaflokk vel og má aldrei vikja frá sannleikanum. Sumir virðast halda annað, en heiðarleiki er grundvallarforsenda fyrir góðum árangri og öðruvísi ávinnur þú þér ekki traust annarra í þessu starfi,“ segir Hrannar Pétursson, forstöðumaður almannatengsla Vodafone á Íslandi sem lauk BA-prófi í félagsfræði árið 1996.

Lokaritgerð Hrannars fjallar um innreið og notkun e-töflunnar á Íslandi sem var svo til nýtt fyrirbæri hér á landi á þeim tíma. „Námsefnið í félagsfræðináminu samræmdist áhugasviði mínu og þess vegna var námið mjög skemmtilegt,“ segir Hrannar og bætir við að samskiptin við samnemendurna hafi verið frábær.

Að lokinni útskrift lá leið Hrannars til fjölmiðlanna, fyrst til Bylgjunnar, þar sem hann var sumarstarfsmaður á fréttastofu og síðan til Sjónvarpsins þar sem hann starfaði sem fréttamaður í þrjú ár.

„Félagsfræðinámið nýttist mér í starfi fréttamanns á ýmsa vegu en þar fékk ég þjálfun í því að skrifa agaðan og góðan texta og að skilja hismið frá kjarnanum,“ segir Hrannar. „Í félagsfræðinni er ekki til einn sannleikur. Hún kennir manni að hægt er að skoða öll mál frá mismunandi sjónarhornum.“

Hrannar starfaði hjá Alcan á Íslandi í samtals átta ár eða þar til í apríl 2007 þegar hann flutti sig yfir til Vodafone. „Tíminn í aðdraganda íbúakosninganna í Hafnarfirði sem snérist um stækkun álvers Alcan í Straumsvík var sá mest krefjandi sem ég tókst á við í starfi mínu þar, en jafnframt sá lærdómsríkasti,“ segir Hrannar sáttur við sína frammistöðu þótt niðurstöður kosninganna hefðu ekki verið fyrirtækinu hagstæðar.





## Félagsráðgjafardeild

Félagsráðgjafardeild mun veita nemendum sínum bestu mögulegu kennslu á sviði félagsráðgjafa og nemendur fá tækifæri til að kynna nýjustu rannsóknir á sviðinu jafnt innanlands sem utan. Lögð er áhersla á að veita nemum í BA námi grunnþekkingu á þeim starfsvettvangi sem félagsráðgjafar starfa á, þekkingu á löggjöf sem unnið er eftir og helstu þáttum heilbrigðis- og félagsmálakerfisins auk þeirra vinnuáferða sem félagsráðgjöf byggist á.

Með fjölbreyttum kennsluáferðum, samræðum og skoðanaskiptum verður starfsumhverfi kennara og nemenda gefandi og skilar öflugum námsmönnum. Nemendur í félagsráðgjöf verða áfram hvattir til að taka hluta af námi sínu við erlenda skóla. Nám í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands hefur nýlega hlotið evrópska gæðavottun og verður þess gætt að viðhalda gæðum námsins í framtíðinni.

Áfram verður unnið að uppbyggingu framhaldsnáms. Helsta nýjungin er starfsréttindanám á meistarastigi en þar er m.a. lögð áhersla á starfsþjálfun á vettvangi undir leiðsögn félagsráðgjafa og nemandinn fær tækifæri til að tengja saman fræðikenningar og starf. Einnig má benda á meistaranám í öldrunarfræðum en frá hausti 2008 verður hægt að stunda þverfræðilegt samnorraent meistaranám á því sviði.

Félagsráðgjafar eru eftirsóttir til starfa bæði hjá hinu opinbera og einkageiranum. Þannig koma félagsráðgjafar t.d. að stefnumótun málaflokka bæði hjá ríki og sveitarfélögum, vinna að fræðslu og fjölskylduráðgjöf ýmist innan lögbundinnar þjónustusviða eða sem sjálfstætt starfandi, leggja áherslu á félagslega endurhæfingu innan heilbrigðiskerfisins og vinna á vettvangi barnaverndar og félagsþjónustu.



Guðný Björk Eydal, dósent við félagsráðgjafardeild

## Frjótt umhverfi

„Í félagsráðgjafardeild er lögð áhersla á frjótt og jákvætt námsumhverfi þar sem samræður og virkt samstarf nemenda og kennara er lykilatriði,“ segir Guðný Björk Eydal.

„Nemendur eru hvattir til gagnrýnnar hugsunar og virkrar þátttöku í kennslustundum. Félagsráðgjafardeild leggur áherslu á samstarf við nemendur um þróun námsins og leitar reglulega eftir endurgjöf nemenda á það, fyrir utan hefðbundnar kennslukannanir. Í starfsréttindanámi á framhaldsstigi fá nemendur einstaklingsbundna handleiðslu á vettvangi sem krefst mikillar samvinnu nemenda og kennara. Félagsráðgjafar eru eftirsóttir starfskraftar jafnt hjá hinu opinbera sem einkaaðilum, en hér á landi er félagsráðgjöf einungis kennd við Háskóla Íslands. Nemendur sem lokið hafa BA-námi þekja m.a. grunnatriðin í uppbyggingu velferðar- og heilbrigðiskerfisins, helstu starfsaðferðir félagsráðgjafa og hafa góðan grunn til að velja sér framhaldsnám eða starfsvettvang. Þeir sem ljúka starfsréttindanámi á meistarastigi hafa fræðilega undirstöðu og

þjálfun til að starfa við sálfélagslega ráðgjöf og meðferð fyrir einstaklinga, fjölskyldur og hópa. Félagsráðgjafar eru færir um að sinna stjórnun þjónustustofnana og stefnumörkun á sviði heilbrigðis- og félagsmála og þeir hafa góðan grunn til að stunda rannsóknir á vettvangi félagsráðgjafa.

Félagsráðgjafardeild er í virku samstarfi við erlenda háskóla, m.a. til að tryggja að námið sé sambærilegt við það sem best gerist. Lögð er áhersla á samráð og samvinnu við stofnanir á vettvangi við skipulagningu námsins. Þannig hefur á síðustu árum verið þróað einstaklingsbundið meistaranám, meistara- og diplómanám á sérsviðum og doktorsnám. Rannsóknir í félagsráðgjöf eru fjölbreyttar og kennarar við deildina eru í alþjóðlegu og innlendu rannsóknasamstarfi. Með stofnun Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd voru stóðir rannsókna í greininni styrktar enn frekar, en deildin byggir á þeirri sýn að öflugar rannsóknir séu sú undirstaða sem faglega starfið byggir á.“

## Hilmar Jón Stefánsson, nemi í félagsráðgjafardeild Ótrúlega spennandi

„Ég var að skoða námsleiðir í félagsráðgjöf og sá þá að þetta væri ótrúlega spennandi nám. Hafði áður verið að daðra við sálfræðina en endaði þarna fyrir tilviljun. Maður er í sjálfu sér að undirbúa sig fyrir mjög ljóta hluti. Maður lærir þarna um ofbeldi og vanrækslu gagnvart börnum. En þetta er spennandi nám og skemmtilegar kenningar sem maður er að læra þarna. Það er margt sem kemur til greina þegar maður fer út á vinnumarkaðinn. Maður er ekki tilneyddur að vinna hjá Féló frekar en maður vilji. Sjálfur er ég heillaður af rannsóknarvinnu. Ég er meira fyrir hið fræðilega í þessu öllu saman en praktíkina.“





## Hagfræðideild

Hagfræði hefur verið kennd við Háskóla Íslands allt frá því viðskiptadeild var stofnuð árið 1962 og reyndar allar götur frá stofnun laga- og hagfræðideildar skólans árið 1941. Árið 1988 var viðskiptadeild skipt í tvær skorir, hagfræðiskor og viðskiptaskor, og nafni deildarinnar breytt í viðskipta- og hagfræðideild. Jafnframt var hafin kennsla til BS-prófs í hagfræði. Mikil reynsla er því komin af BS-náminu en skipulag þess hefur í aðalatriðum haldist óbreytt þau ár sem liðin eru. Síðar var bætt við BA-prófi, en það gefur nemendum færi á að velja sér aukagrein, svo sem lögfræði eða stjórnmálafræði og breikka með því námið. Boðið var upp á MS-nám í fyrsta sinn haustið 1991 og síðustu ár hafa bæst við námsbrautir á meistarastigi í fjármálahagfræði og heilsuhagfræði.

Markmið bæði BS- og MS-náms í deildinni er að veita nemendum góðan undirbúning í hagfræði, stærðfræði og tölfraði en gefa jafnframt möguleika á sérhæfingu í öðrum greinum sem falla að áformum nemenda um framtíðarnám og störf. Þannig gerir skipulag BS-námsins ráð fyrir því að nemendur taki sjö valgreinar, þar af þrjár utan deildar. MS-nám í hagfræði gefur einnig kost á fjölda valnámskeiða. MS-nám í heilsuhagfræði gerir nemendum kleift að sérhæfa sig í stjórnun heilbrigðisstofnana, lýðheilsu, öldrunar- og velferðarmálum og lyfjamálum, svo nokkur svið séu nefnd. Menntun í hagfræðideildinni mun þannig gagnast einstaklingum í hinum ýmsu atvinnugreinum; frá blaðamennsku til reksturs fyrirtækja, frá kennslu til starfa innan fjármálafyrirtækja, frá rannsóknum til opinberrar stjórnsýslu.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að slaka ekki á kröfum til nemenda. Árangur þessa má sjá í góðri frammistöðu fyrirverandi nema við erlenda háskóla sem og á vinnumarkaði. Þeir sem hafa brautskráðst með BS- og BA-próf hafa þannig átt greiða leið í framhaldsnám við framúrskarandi háskóla erlendis. Þeir sem leita beint á vinnumarkað búa að góðri þekkingu í hagfræði, tölfraði, fjármálum og reikningshaldi og eru því mjög samkeppnishæfir, innan lands sem utan.



Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði

## Áhersla á að nemendur standi sig í atvinnulífinu

„Hagfræðideild stefnir að því að brautskráðir nemendur hafi góðan skilning á hagfræði, geti kynnt sér fræðin á eigin spýtur, beitt þeim í starfi og staðið sig vel í framhaldsnámi þar sem mestar kröfur eru gerðar,“ segir Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði.

„Deildin leggur áherslu á að slaka hvergi á kröfum til nemenda þannig að tryggt sé að þeir standi sig sem best í atvinnulífi og framhaldsnámi. Einnig er BS-námið skipulagt á þann máta að nemendur taka fleiri námskeið og hafa betri bakgrunn í grunngreinum hagfræði; þjóðhagfræði, rekstrarhagfræði, stærðfræði og tölfraði, en gengur og gerist erlendis.

Tryggt er með námskeiðaframboði að nemendur getir orðið góðir starfskraftar í atvinnulífinu, t.d. í fjármálaheiminum eða öðrum fyrirtækjum.

Þannig geta BS-nemar tekið mörg valnámskeið, auk skyldu- og valnámskeiða í hagfræði, og meðal skyldunámskeiða eru námskeið í reikningshaldi og fjármálum fyrirtækja. Brautskráðir hagfræðingar hafa þannig góðan bakgrunn í reikningshaldi og fjármálum. Hið sama á við um MS-nám í hagfræði en þar er boðið upp á umtalsvert val til þess að tryggja að unnt sé að sníða námið að þörfum einstakra nemenda.

Til þess að efna til skapandi samstarfs nemenda og kennara er árlega efnt til ritgerðanámskeiða þar sem BS-nemar á þriðja ári og nokkrir kennarar kynna ýmsar þekktar ritgerðir í hagfræði og nemendur skrifa hver sína ritgerð sem þeir svo kynna. Ritun BS- og MS-ritgerða felur sömuleiðis í sér samstarf nemenda og kennara.“

## Hafliði Hjartar Sigurdórsson, MS-nemi í fjármálum fyrirtækja „Tengslanet er nauðsynlegt í viðskiptalífinu“

„Námið gerir manni kleift að skilja betur það sem fram kemur í fréttum um stjórnmal, efnahagsmál og maður getur haft skoðanir á hlutunum og tekið þátt í umræðum,“ segir Hafliði Hjartar Sigurdórsson, MS-nemi í fjármálum fyrirtækja.

Áður hafði Hafliði lokið BS-prófi í viðskiptafræði en hann starfar meðfram náminu á fjármálavíði verktakafyrirtækisins Atafels. „Ég fór í framhaldsnám til þess að bæta við mig þekkingu og fjölda atvinnumöguleikum.“

Hafliði sat í stjórn Maestro, félagi viðskipta- og hagfræðinema á meistarastigi, skólaárið 2006-2007. „Það starf var mjög skemmtilegt og þar gafst tilvalið tækifæri til að kynna fólk og víkka tengslanetið sem er mjög nauðsynlegt í viðskiptalífinu.“





## Lagadeild

Á árinu 2008 fagnar deildin því að 100 ár eru liðin síðan Lagaskólinn tók til starfa, sem síðan varð að lagadeild við stofnun Háskóla Íslands árið 1911. Lagadeild Háskóla Íslands er því elsta og öflugasta lagadeild landsins með tæplega 650 nemendum. Nemendur í dag eru auðvitað margfalt fleiri en fyrir 100 árum, auk þess sem námsgreinar og námsefni er fjölbreyttara og kennsluhættir gerbreyttir. Lagadeild er stolt af því að vera nútímaleg deild sem byggir á gömlum merg og á aldargamalli reynslu.

Kennarar lagadeilda eru helstu sérfræðingar þjóðarinnar hver á sínu sviði. Þeir eru í fararbroddi í rannsóknum í lögfræði og skrifa flestar þær kennslubækur sem kenndar eru í laganámi hér á landi. Kennslan er nútímaleg og fjölbreytt og tekur mið af því besta sem gerist. Þessar miklu kröfur endurspeglar gæði laganámsins og þann metnað deildarinnar að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga.

Í BA-náminu er lögð áhersla á grunngreinar lögfræðinnar sem allir vel menntaðir lögfræðingar verða að kunna góð skil á. Nemendum er skipt í minni hópa í öllum námskeiðum BA-námsins þar sem meistara- og doktorsnemar stýra umræðu- og verkefnatímum. Þannig eru nemendur hvattir til rökræðna og skilnings strax frá byrjun og þeir læra að tjá sig með röklegum hætti. Í meistaranáminu geta nemendur byggt á þessum góða grunni og valið um sérhæfingu á tíu áherslusviðum. Auk þess geta þeir stundað skiptinám erlendis og numið við aðrar deildir Háskólans.

Lögfræðingar frá lagadeild Háskóla Íslands eru eftirsóttir starfsmenn. Lögmannsstofur, dómstólar, fyrirtæki og stofnanir þekja gott orðspor deildarinnar og vita að frá deildinni koma úrvals starfsmenn. Allir nemendur deildarinnar eru búnir að ráða sig í góð störf eða stjórnunarstöður fyrir eða við útskrift og sú staðreynd segir meira en mörg orð.

Útskrifaðir lögfræðingar frá deildinni hafa komist að við bestu lagadeildir heims í framhaldsnámi. Nefna má háskóla eins og Harvard, Oxford, Cambridge, Yale, Stanford, Duke, London School of Economics og Kaupmannahafnarháskóla.

Lagadeild Háskóla Íslands lætur verkin tala.



Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild

# Nám við lagadeild er ógleymanleg lífsreynsla

„Í lagadeild er að finna spennandi og skemmtilegt umhverfi fyrir kennara og nemendur. Lögð er rík áhersla á gagnvirka kennsluhætti þar sem máttur virkrar samræðu á milli kennara og nemanda er nýttur til hins ýtrasta,“ segir Róbert R. Spanó, prófessor við lagadeild.

„Í lagadeild starfar kennarinn ekki einungis í þágu nemandans, heldur er tilvist kennara og nemanda fólgin í sameiginlegri leit þeirra að þekkingu. Í lagadeild mynda kennarar og nemendur öfluga einingu sem hefur það að markmiði að gera nám við lagadeild Háskóla Íslands að ógleymanlegri lífsreynslu.

Nám í lagadeild stefnir að því að útskrifa

framúrskarandi lögfræðinga sem hafa þekkingu og þjálfun í að leysa úr hvers kyns álitaefnum á sviði lögfræði. Markmið lagadeilda er að nemendur læri sjálfstæð vinnubrögð og temji sér nákvæmni og heiðarleika í samskiptum við samstarfsmenn sína og skjólstæðinga. Lagadeild væntir þess að lögfræðingar, sem útskrifast hafa frá deildinni, eigi sem fyrr ríkan þátt í að efla og styrkja íslenskt réttarkerfi í nútíð og framtíð.

Í lagadeild eru verkin látin tala. Öflugar rannsóknir samhliða árangursríkum kennsluáttum og styrkir stjórn mynda þá þrenningu sem er undirstaða deildarinnar. Lagadeild er og verður leiðandi á sviði rannsókna og kennslu í lögfræði.“

## Sigurður Örn Hilmarsson, MA-nemi í lagadeild „Litið á nemendur sem samstarfsmenn“

„Lögfræðin gagnaðist mjög vel í störfum mínum sem formaður Stúdentaráðs árin 2006-2007,“ segir Sigurður Örn Hilmarsson MA-nemi í lögfræði og fyrrverandi formaður Stúdentaráðs.

Sigurður endurvakti réttindaskrifstofu stúdenta, en þangað geta stúdentar leitað með umkvörtunarefni sín. „Við tókum upp nær 100 mál fyrir einstaka nemendur sem langflest leystust á farsælan hátt í samstarfi við kennara en eitt mál fór alla leið til umboðsmanns Alþingis.“

Sigurður segir viðhorfsbreytingu meðal starfsfólks hafa skilað sér í betri þjónustu á undanförunum árum. „Þetta er ekki sami skóli og áður og það er gleðilegt að nú er litið á nemendur sem samstarfsmenn.“

„Mér hefur líkað afskaplega vel í lagadeildinni, en þar eru samankomnir helstu fræðimenn landsins á sviði lögfræðinnar og það kann ég vel að meta,“ segir Sigurður sem hlakkar til að stunda einhverskonar lögmenntu í framtíðinni.





## Stjórn málafræðideild

Við stjórn málafræðideild er kennd stjórn málafræði til BA-prófs en auk þess alþjóðasamskipti og opinber stjórnsýsla til meistaranámanna. Stjórn málafræðideildin er einnig aðili að meistaranámi í blaða og fréttamennsku ásamt félags- og mannvísindadeild. Við nám í deildinni árið 2007-2008 voru samtals um 600 manns.

Störf stjórn málafræðinga eru fjölbreytt og þrátt fyrir nafn greinarinnar helgar ekki nema tiltölulega lítill hluti sig pólitísku starfi. Algengast er að stjórn málafræðingar starfi að afloknu námi við alþjóðasamskipti af ýmsu tagi, opinbera stjórnsýslu ríkis eða sveitarfélaga og fjölmiðla og upplýsingastörf. Viss hópur sinnir einnig rannsóknum og kennslu. Þessi hluti vinnu markaðarinnar hefur verið í mikilli þróun á undanförunum árum og enginn vafi leikur á því að hann gegnir lykilhlutverki fyrir samkeppnishæfni samfélaga, bæði í þröngum efnahagslegum skilningi og í þeim almenna skilningi að samfélög geti boðið þegnum sínum góð lífsskilyrði.

Stjórn málafræði fjallar um það hvernig samfélög fólks fara að því að komast að sameiginlegum niðurstöðum fyrir meðlimi sína og hvernig þeim gengur að fylgja þeim eftir. Hún fjallar um samskipti ríkja og samtaka á alþjóðavettvangi jafnt sem samskipti stofnana ríkisvaldsins innanlands, til dæmis ríkisstjórnar og þings eða ríkis og sveitarfélaga. Í öllum stjórn málafræðideildum er kennt um skoðanamyndun, kosningar, lýðræði, vald, stjórn málaflökka, hagsmunasamtök, aðferðafræði og tölfræði, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Að afloknu BA-prófi fara margir nemendur í framhaldsnám heima eða erlendis. Í framhaldsnámi sérhæfir fólk sig á einstökum sviðum stjórn málafræðinnar eða í einhverri af undirgreinum hennar. Meðal þeirra sviða sem margir sækja í eru alþjóðasamskipti, Evrópufræði, opinber stjórnsýsla, samunburðarstjórn málafræði og stjórn málaheimspeki. Sumir fara hins vegar í annars konar nám eftir BA-próf, til dæmis MBA-nám, blaðamennsku eða annað þverfaglegt nám.

Fastráðnir kennarar deildarinnar eru allir með doktorspróf frá virtum erlendum háskólum og virkir í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi. Meðal rannsóknarverkefna þeirra má nefna smárikki í alþjóðakerfinu, eignarréttinn, íbúalýðræði, kosningar og kjósendahegðun, leið Íslands til lýðræðis, stjórn málaflökka og öryggis- og varnarmál.



Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við stjórn málafræðideild

# Margir fara í valda- og ábyrgðarstörf

„Við deildina er kennd stjórn málafræði í BA- og meistaranámi en auk þess alþjóðasamskipti og opinber stjórnsýsla á meistarastigi. Mikill þróttur í starfi stjórn málafræðinnar undanfarin ár byggir á samspili öflugs og virks nemendahóps og kennara með fjölbætta menntun og reynslu af innlendum og erlendum vettvangi. Mjög stóran þátt í því lífandi umhverfi sem hér hefur skapast á síðan sambyli deildarinnar við tvær stofnanir, Alþjóðamálastofnun og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, sem standa reglulega fyrir umræðupingum um málefni líðandi stundar á innlendum og alþjóðlegum vettvangi,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson prófessor.

„Deildin leggur áherslu á að útskrifa fólk sem hefur þjálfun í að fjalla um flókin viðfangsefni á

gagnrýnn hátt. Stór hluti af okkar nemendum fær vinnu við alþjóðasamskipti, fjölmiðla- og upplýsingastörf eða opinbera stjórnsýslu hjá ríki eða sveitarfélögum. Mjög margir gegna valda- og ábyrgðarstöðum í samfélaginu og við reynum að undirbúa þá bæði faglega og hvað varðar þann lýðræðislega hugsunarhátt sem er nauðsynlegur hluti af störfum þeirra.

Deildin gerir miklar kröfur til þeirra sem ráðnir eru í kennarastöður til að þeir geti sinnt því meginhlutverki allra góðra háskóla að virkir vísindamenn taki þátt í kennslunni. Í stjórn málafræðideild hafa allir fastráðnir kennarar doktorspróf frá virtum erlendum háskólum og eru virkir í rannsóknum og alþjóðlegu samstarfi.“

## Heimir Karlsson, fjölmiðlamaður í stjórn málafræði Kominn í keppnisskap sem ég ræð ekki við

„Ég hef lengi ætlað í stjórn málafræði en nú var kominn tími til,“ segir Heimir Karlsson, fjölmiðlamaður og fyrrverandi atvinnumaður í knattspyrnu. Kolbrún Björnsdóttir, samstarfskona Heimis í þættinum „Í bitið“ á Bylgjunni, er nýútskrifuð úr stjórn málafræði frá Háskóla Íslands, þannig að þau hafa um margt að skrafa.

„Vandamálið er að ég er í fullri vinnu á Bylgjunni og á Stöð 2,“ segir Heimir, „og ætlaði mér því að taka þessu rólega, en svo kemur upp eitthvað keppnisskap og líka metnaður sem ég ræð bara ekki við. Ég er því eiginlega að berjast við eigið keppnisskap, en ætti auðvitað að taka þetta á mínum hraða og njóta þess betur. Stjórn málafræðin nýtist mér mjög vel í mínu starfi, því hún veitir mér betri innsýn í stjórn málin og kerfið sjálft, auk þess sem stjórn málafræðin snertir flest svið samfélagsins. Ég er rosalega ánægður í Háskóla Íslands, hér eru skemmtilegir og góðir kennarar og samnemendur mínir eru stórkostlegir.“







## Viðskiptafræðideild

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands er stærsta og öflugasta háskólastofnunin á sínu sviði á Íslandi. Viðskiptafræðideildin, sem áður hét viðskiptaskor, hefur gegnt forystuhlutverki í menntun stjórnenda og sérfræðinga á sviði viðskiptafræði í hartnær 70 ár eða allt frá árinu 1938 er forveri hennar, Viðskiptaháskóli Íslands, tók til starfa. Hlutverk deildarinnar er að auka og miðla framúrskarandi og alþjóðlegri, viðurkenndri þekkingu á sviði viðskiptafræði með vísindalegum rannsóknum, kennslu og þjónustu við íslenskt atvinnulíf.

Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands býður upp á fjölbreytt og krefjandi grunn nám og meistaranám sem er þekkt fyrir góða fræðilega undirstöðu, skapandi hugmyndir, öguð vinnubrögð og góðan skilning á þeim verkefnum og áskorunum sem tekist er á við í viðskiptalífínu. Nám í viðskiptafræði í Háskóla Íslands hefur ávallt þróast og tekið nauðsynlegum breytingum. Fyrstu áratuginna bauð deildin eingöngu upp á fjögurra ára cand. oecon-nám í viðskiptafræði, en á síðustu 15 árum hafa orðið mjög örar breytingar í starfi deildarinnar. Árið 1995 hófst kennsla í þriggja ára BS-námi í viðskiptafræði og árið 1997 var hleypt af stokkunum meistaranám í viðskiptafræði. Þá hófu 17 nemendur meistaranám, flestir á sérsviðinu stjórnun og stefnumótun. Árið 2007, áratug frá stofnun meistaranámsins, var fjöldi þeirra sem fékk kost á að innrita sig í meistaranám á sviði viðskiptafræði 350 talsins.

Við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands starfa helstu sérfræðingar landsins á öllum sviðum viðskiptafræði. Að auki kemur hópur erlendra háskólakennara og fjöldi stundakennara að kennslunni á ári hverju, fólk með framhaldsmenntun í viðskiptafræði eða hagfræði sem er við störf í atvinnulífínu. Þekking þessa einvaliðs á íslensku efnahags- og atvinnulífi og á sviði viðskiptafræðinnar er einstök og kennarar leggja metnað sinn í að koma henni vel til skila til nemenda.



*Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við viðskiptafræðideild*

## Áhersla á skapandi samstarf

„Í flestum námskeiðum viðskipta- og hagfræðideildar vinna nemendur verkefni. Þessi verkefni geta verið unnið í hópum eða á einstaklingsgrundvelli. Kennarar eru til reiðu til þess að aðstoða nemendur við val á verkefnum og leiðbeina nemendum eftir því sem þeir óska. Til viðbótar skrifa flestir nemendur bæði í grunn- og framhaldsnámi ritgerð undir handleiðslu kennara,“ segir Ingjaldur Hannibalsson prófessor.

Kennsluhættir hafa verið að breytast á undanförunum árum. Nemendur eru í háskóla til þess að læra og þroskast og er það hlutverk kennara að aðstoða þá við það. Því er í mörgum námskeiðum lögð áhersla á samtal nemenda og kennara til dæmis um raunhæf dæmi. Nemendur með aðstoð kennara brjóta

þá sameiginlega verkefni til mergjar.

Deildin leggur áherslu á að veita nemendum sínum traustan fræðilegan grundvöll sem gerir þeim kleift að takast á við fjölbreytileg verkefni að námi loknu. Þó svo að nemendur vinni ýmis hagnýt verkefni í námi sínu er áhersla lögð á sjálfstæð, fagleg vinnubrögð þannig að þeir geti aðlast nýjum aðstæðum að námi loknu. Góður árangur fyrrum nemenda í starfi sannar þetta.

Deildin leggur áherslu á fræðileg og hagnýt viðfangsefni, að nemendur hafi aðgang að kennurum eftir því sem þörf er á og þeir búi við eins góða vinnuastöðu og mögulegt er. Bætt aðstoða með tilkomu Gimlis og Háskólatorgs skiptir miklu máli í þessu sambandi.“

## Auður Geirsdóttir, BS-nemi í viðskiptafræði Stúdentagarðarnir eru yndislegir fyrir börnin

„Ég sló til og fór í markaðsfræði og alþjóðaviðskipti eftir að hafa ráðfært mig við námsráðgjafa í Háskóla Íslands,“ segir Auður Geirsdóttir BS-nemi í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum. „Þetta nám hentar mér afskaplega vel þótt það sé krefjandi vegna þess að ég hef alltaf haft áhuga á raungreinum og erlendum samskiptum.“

Auður starfar meðfram námi hjá Vinnuálastofnun og ristýrir um þessar mundir gæðahandbók fyrir starfsmenn stofnunarinnar. Hún býr á Stúdentagarðunum við Eggertsgötu og líkar dvölin þar afskaplega vel.

„Þetta er yndislegt svæði fyrir fimm ára son minn vegna þess að hann fær frábært tækifæri til þess að leika sér við önnur börn á sama aldri í öruggu og góðu umhverfi.“

„Ég reikna með að starfa áfram hjá Vinnuálastofnun eftir útskriftina í sumar og stefni á framhaldsnám meðfram vinnunni fljótlega eftir það.“





## Seljum á annað hundrað þúsund bækur

„Við seljum á annað hundrað þúsund bækur á ári og á síðasta ári fóru yfir 70 þúsund viðskiptavinir í gegnum verslunina,“ segir Sigurður Pálsson, rekstrarstjóri Bóksölu stúdenta. Hann er afskapalega ánægður með nýja aðstöðu Bóksölunnar í hjarta Háskólatorgs.

Sigurður segir að sumir telji sérstöðu Bóksölunnar felast í sérfræðiþekkingu starfsfólks. „Starfsaldur fólksins í búðinni styður þessa kenningu, en okkur helst vel á starfsfólki og er búðin þekkt fyrir það. Reynsla starfsfólksins og áratugalangt samstarf Bóksölunnar við erlend bókaforlög hefur áreiðanlega stuðlað að því að Bóksala stúdenta heldur velli þrátt fyrir harða samkeppni á markaði. Svo má ekki gleyma stærsta samkeppnisaðilanum – Internetinu,“ bætur Sigurður við, en reyndar er Bóksalan frumkvöðull á þeim vettvangi. „Vefverslun okkar gengur vel og er góður stígandi í henni. Mjög margir viðskiptavinir okkar kaupa eingöngu á vefnum.“

Sigurður segir að Bóksalan hafi ávallt leitast við að bjóða bækur á sambærilegu verði og erlendar bókaverðslanir á Netinu. „Við leggjum ekki endilega allt undir til að vera ódýrust heldur höfum frekar lagt áherslu á að verðstefnan sé skýr og þannig höfum við skapað okkur trúverðugleika.“

Sigurður segir að Bóksalan hafi það meginmarkmið að útvega stúdentum við Háskólann bækur og önnur námsgögn á sanngjörnu verði.



Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands

## Ætlum okkur stóra hluti í jafnréttismálum

„Áhersla á jafnréttismál innan Háskóla Íslands hefur aukist til muna á undanförunum árum og við ætlum okkur stóra hluti í þeim efnum, enda er það yfirlýst stefna skólans að vera ávallt í fararbroddi í jafnréttismálum,“ segir Arnar Gíslason, jafnréttisfulltrúi Háskóla Íslands.

Arnar fagnar þeirri grósku sem verið hefur í jafnréttismálum meðal stúdenta á undanförunum árum og segir marga og fjölbreytta hópa berjast fyrir hagsmunum þeirra. Auk Stúdentaráðs HÍ séu starfandi félög á borð við Félag hinsegin stúdenta, Femínistafélag HÍ, Félag fólks með geðraskanir, Félag stúdenta með sértæka námsörðugleika, Félag erlendra nema og Hagsmunafélag foreldra við HÍ svo eitthvað sé nefnt.

Félögin hafa starfað mislengi að sögn Arnars. Fyrir stuttu hélt Félag hinsegin stúdenta upp á 9 ára afmæli sitt en Femínistafélag HÍ var stofnað á síðasta ári og Arnar segir bæði þessi félög mjög virk í sínu starfi.

Háskólinn hefur skýra stefnu gegn mismunum og í Jafnréttisáætlun skólans er lögð sérstök áhersla á jafnrétti kynjanna. „Margt hefur áunnist í þessum efnum á undanförunum árum,“ segir Arnar,“ og má þar nefna að nú gegnir kona, Kristín Ingólfsdóttir, embætti rektors í fyrsta sinn og eins er það nýmæli að konur séu í meirihluta deildarforseta Háskólans, en þær eru sex af ellefu deildarforsetum í núverandi skipulagi.“

Arnar segir mikilvægt að halda til haga því jákvæða sem gerst hefur í jafnréttismálum, „en um leið megum við ekki láta blindast af því. Framundan eru mörg verkefni og mikilvægt að Háskólinn vinni sem ein heild og setji þennan málaflokk í forgang.“

## Andri Snær Magnason rithöfundur Leiðsögumaður um draumalandið

„Háskólaárin voru að mörgu leyti skemmtilegri en menntaskólaárin þótt margir haldi fram hinu gagnstæða, það er mýta eins og margt annað,“ segir Andri Snær Magnason BA í íslensku, ljóðskáld, leikritaskáld og rithöfundur.

„Íslenskunámið er hagnýtt að því leyti að því fylgja engin starfsréttindi og engar fastar skorður og þar af leiðandi engar kvaðir um að starfa í ákveðinni grein,“ segir Andri.

Frá því Andri Snær útskrifaðist með BA-próf í íslensku árið 1997 hefur hann hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir verk sín. Þekktasta verk Andra er bókin Draumalandið: Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð sem hlaut Bókmenntaverðlaun starfsfólks bókaverðslana í flokki hand- og fræðibóka árið 2006 og Íslensku bókmenntaverðlaunin sama ár. Þar með varð Andri Snær fyrstur höfunda sem hlotið hafa verðlaunin í báðum flokkum.

Í kjölfar þess að bókin Draumalandið sló í gegn flutti Andri Snær fyrirlestra um efni bókarinnar víðs vegar um landið og hefur valdið viðhorfsbreytingu margra á náttúruvernd á Íslandi.





# Tölvutengdur blindrastafur

**Ebba Þóra Hvannberg, prófessor í tölvunarfræði bætir hag blindra og sjónskertra með tölvutengdum þreifistaf**

Tölvur eru mannlegri en marga grunar og innan tölvunarfræði við Háskóla Íslands eru samskipti manns og tölvu rannsökuð. Þetta er þverfræðilegt svið sem tengir tölvunarfræði við önnur fræðasvið og stuðlar að betri lífsgæðum fatlaðra einstaklinga í þjóðfélaginu.

Ebba Þóra Hvannberg, prófessor í tölvunarfræði, hefur á undanförunum árum rannsakað samskipti manns og tölvu og er þreifistafur fyrir blinda eitt þeirra rannsóknarefna sem hún hefur unnið að. Markmiðið er að endurbæta samskipti blindra og tölvu, t.d. í þeim tilgangi að auka aðgengi blindra að stærðfræði. Þetta segir Ebba Þóra mikilvægt skref í þá átt að auka lífsgæði blindra.

„Verið er að gera tilraunir með hvernig blindir geta notað önnur skynfæri en sjónina til

að skynja hluti. Þá er þreifing og snerting í aðalhlutverki, en hljóð og tali er bætt við til að auka enn möguleika nemenda. Í stað þess að horfa á föll eða hluti, þá þreifa blindir á þeim með þreifistafnum, hlusta á leiðbeiningar eða hljóð sem leiðir þá áfram í skoðun á hlutum.“

Þreifistafurinn er eins konar tækniútgáfa af blindrastaf sem tengdur er við tölvu. „Sú tegund sem við höfum mest notað er þannig að notandinn stýrir eins konar penna á armi,“ útskýrir Ebba Þóra.

„Þegar notandinn hreyfir pennann er eins og hann þreifi á yfirborði einhvers hlutar, t.d. kúlu eða ferils.“ Notkunarmöguleikar stafsins eru margir og nýtist hann m.a. við að þreifa á ýmsum hlutum og er því ekki bundinn við stærðfræðikennslu. „Hægt er að nota hann til

að finna staði á korti, læra stjórnufræði o.fl. Það er líka spennandi að sjá hvort þreifistafurinn muni ekki einnig gagnast sjáandi við nám.“ Þá eru í gangi ýmsar rannsóknir og nýverið hafa rannsóknarhópar beint sjónum að því hvernig slík tækni getur orðið til að efla félagsleg tengsl fólks.

Þegar verið er að þróa tækni á borð við þreifistafinn segir Ebba Þóra nauðsynlegt að vera í samstarfi við vísindamenn á sviði sálfræði og félagsfræði. „Einnig getur verið nauðsynlegt að vera í samstarfi við sérfræðinga í viðfangsefni sem í tilfelli rannsókna okkar á þreifistafnum er menntun. Þannig reynum við að tengja margar fræðigreinar í rannsóknum á hvernig blindir geta notað þreifistafinn til að ná betri tökum á stærðfræði.“

## Ágúst Ólafur Ágústsson, alþingismaður og Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, aðstoðarsaksóknari Saman í ritstjórn Úlflyjóts og saman í dag

„Ætli gott félagslíf lagadeildarinnar hafi ekki átt einhvern þátt í því að við Ágúst urðum þar,“ segir Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og pistlahöfundur á Fréttablaðinu.

Þorbjörg og Ágúst Ólafur voru til að mynda saman í ritstjórn Úlflyjóts, tímaríts laganema. Reyndar voru þau Þorbjörg og Ágúst líka samferða í gegnum grunnskóla og framhaldsskóla.

„Mér fannst laganámið afskaplega skemmtilegt og tíminn sem fór í það gjöfull og hefði alls ekki viljað missa af því,“ segir Ágúst Ólafur sem lauk embættisprófi í lögfræði og BA-prófi í hagfræði árið 2003. Þorbjörg, sem lauk lagaprófi árið 2005 tekur í sama streng.

„Námið er áhugavert og snertir alla fleti mannlegs lífs, þannig að í þessu námi ættu allir að geta fundið eitthvað sem þeir hafa áhuga á. Mér fannst bekkjakerfið sömuleiðis til þess fallið að nemendur kynntust vel og ég held að flestir lögfræðingar taki undir það sjónarmið að í lagadeildinni hafi þeir kynnst mörgum af sínum bestu vinum.“

Ágúst segir námið góðan undirbúning fyrir stjórnálmámann vegna þess að í þeirra störfum reynir mikið á hagfræði og lögfræði.

Lokaritgerð Þorbjargar fjallar um afbrotið „nauðgun“ og heitir Nauðgun frá sjónarhorni kvennaréttar. „Ég hafði og hef enn mestan áhuga á refsiréttinum en við Ágúst völdum ólík námskeið í lokahluta námsins en hann lagði meiri áherslu á viðskiptalíf. Og ég held að nálgun okkar beggja hafi nýst okkur ágætlega í starfi.“

Ágúst segir þátttöku nemenda í félagsmálum ómissandi þátt í háskólanámi. „Í raun mætti jafnvel gefa einingar fyrir slík störf rétt eins og akademísk námskeið,“ segir Ágúst Ólafur í léttum dúr, en hann tók einmitt sjálfur þátt í félagsmálum á skólaárunum. Hann sat í stjórn Röskvu til skamms tíma og í stjórn Íslandsdeildar ELSA, félags laganema í Evrópu.



# Heilbrigðisvísindasvið


Við heilbrigðisvísindasvið eru 6 deildir og í þeim öllum er mannskepnan og heilbrigði hennar í brennidepli. Líkamlegt og andlegt heilbrigði er til rannsóknar, lyfjagjöf, heilsuefling, endurhæfing – allt það sem stuðlar að heilbrigðu samfélagi. Háskóli Íslands hefur lagt grunninn að heilbrigðiskerfi þjóðarinnar – og er þar í afgerandi forystuhlutverki.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ



*Helga M. Ögmundsdóttir  
prófessor  
stundar merkar  
rannsóknir við  
Háskóla Íslands*

## Rannsóknir á nýjum lyfjum gegn brjóstakrabbameini gefa góð fyrirheit

Merkar rannsóknir hafa verið unnar hérlendis á sviði brjóstakrabbameins, en Helga M. Ögmundsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, hefur í tvo áratugi stundað rannsóknir á þessu sviði á rannsóknarstofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði. Í ársbyrjun 2007 færðist rekstur rannsóknarstofunnar til læknadeildar Háskóla Íslands.

Helga fékk nýverið styrk vegna framúrskarandi árangurs við krabbameinsrannsóknir.

„Með því að rækta krabbameinsfrumur beint úr æxli er hægt að nálgast betur upplýsingar um hegðun og eðli krabbameinsins í viðkomandi einstaklingi,“ segir Helga M. Ögmundsdóttir. „Í framhaldi af þessu höfum við þróað aðferðir til að mynda svokallaðar frumulínur úr brjóstaexlum sem bera sérstaka íslenska stökkbreytingu í áhættugeni fyrir brjóstakrabbameini. Þessar frumulínur erum við nú að nota til að prófa ný lyf, en til eru lyf eða lyfjasprotar sem mikil ástæða er til að ætla

að verki sérstaklega á æxli sem hafa gallaða starfsemi í þessu áhættugeni.“

Að sögn Helgu má vænta þess að lyfin, sem hafa verið reynd við þessar aðstæður á rannsóknarstofum, muni valda miklum breytingum á batahorfum einstaklinga sem greinast með þessi mein. Þess má geta að á ári hverju greinast á Íslandi nærri 150 konur og tveir til þrjár karlmenn með krabbamein í brjóstum.



## Hjúkrunarfræðideild

Hjúkrunarfræðideild byggir starfsemi sína á 13 fræðasviðum hjúkrunarfræðinnar, þremur fræðasviðum ljósmóðurfræðinnar og fjórum fræðasviðum grunngreina. Fræðasvið hjúkrunarfræðinnar endurspeglar áherslur á forvarnir (s.s. geðvernd og kynheilbrigði) og hjúkrun bæði langveikra og þeirra sem þurfa á styttri umönnun að halda (s.s. barnahjúkrun, krabbameinshjúkrun, heimahjúkrun og öldrunarhjúkrun). Fræðasvið ljósmóðurfræðinnar lúta að barneignarferlinu, þ.e. meðgöngu, fæðingu og umönnun eftir fæðingu. Fræðasvið grunngreina ná til heilsufélagsfræði, lífeðlisfræði, fósturfræði og næringarfræði. Yfir hverju fræðasviði er starfandi forstöðumaður.

Innan hjúkrunarfræðideilda er boðið upp á ýmsar námsleiðir í hjúkrunarfræði, þ.e. fjögurra ára BS-nám, diplómanám á meistarastigi, meistaranám og doktorsnám. Hjúkrunarfræðideild hefur í auknum mæli boðið nemendum í framhaldsnámi upp á fjarnám. Þannig hafa nemendur af landsbyggðinni með þetra móti getað sótt nám við deildina. Ljósmóðurfræði er tveggja ára nám að loknu BS-prófi í hjúkrunarfræði.

Með því að færa hjúkrunar- og ljósmæðramenntun á háskólastig varð veruleg breyting á námi þessara starfsstétta hér á landi og hefur hjúkrunarfræðideild jafnan verið í fremstu röð hvað varðar grunnmenntun hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í Evrópu og á Vesturlöndum. Hjúkrunar- og ljósmóðurfræði hafa þá sérstöðu innan Háskólans að vera starfsmiðaðar fræðigreinar og nemendur sem brautskrást þurfa að hafa til að bera þekkingu og færni sem er nauðsynleg til að geta veitt faglega og örugga hjúkrunar- og ljósmóðurþjónustu sem miðar að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði skjólstæðinga þeirra.

Þeir sem útskrifast frá hjúkrunarfræðideild hafa möguleika á því að starfa á öllum heilbrigðisstofnunum landsins og út um allan heim. Það er mikil eftirspurn eftir hjúkrunarfræðingum víða í samfélaginu. Brautskráðum nemendum með BS- og MS-próf í hjúkrunarfræði frá Háskóla Íslands hefur gengið vel að komast í nám erlendis. Hjúkrunarfræðideild er í margvíslegu samstarfi við erlenda háskóla á Norðurlöndum, í Evrópu og Bandaríkjunum um rannsóknir og kennslu ásamt nemendaskiptum. Má t.d. nefna öflugt samstarf við University of Minnesota.



Sóley S. Bender, dósent við hjúkrunarfræðideild

## Framúrskarandi nám

„Í klínísku námi í hjúkrunarfræðideild geta vaknað margar spurningar um heilbrigðisvandamál, meðferð og árangur sem þarfnast sameiginlegrar úrlausnar. Í raun eru öll verkefni sem nemendur vinna í klínísku námi skapandi samstarf milli kennara og nemenda. Mikil samvinna leiðbeinenda og nemenda á sér einnig stað við vinnslu rannsóknarverkefna sem í eðli sínu er mjög skapandi,“ segir Sóley S. Bender.

„Það eru ákveðnir grunnþættir sem skipta máli í fari útskrifaðra nemenda, en þeir eru sjálfstæði, frumkvæði, gagnrýnin hugsun, stöðug þekkingarleit, virðing og umhyggja fyrir skjólstæðingum auk faglegra vinnubragða og góðrar samskiptahæfni. Þeir sem ljúka fjögurra ára BS-námi í hjúkrunarfræði eiga að vera færir um að starfa sem hjúkrunarfræðingar

á öllum heilbrigðisstofnunum landsins og hvar sem er í heiminum. Það fer eftir lengd framhaldsnámsins hversu mikla sérhæfingu nemendur öðlast á ýmsum sérsviðum hjúkrunar og veltur starfsframi þeirra töluvert á því hvernig þeir nýta menntun sína.

Lögð er áhersla á að veita framúrskarandi nám í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði hvort sem það er til BS-prófs í hjúkrunarfræði eða á öðrum námsstigum. Við höfum á að skipa mjög góðum kennurum sem hafa sótt menntun sína víða erlendis við mikils metna háskóla. Námskráin er endurskoðuð reglulega til að tryggja að námið sé í stöðugri þróun. Það hefur orðið bylting í framboði á framhaldsnámi á allra síðustu árum. Deildin leggur megináherslu á gæði námsins.“

## Birgir Örn Ólafsson, rötari og nemandi í hjúkrunarfræði „Rokkað á skurðstofunni“

„Þegar ég var tólf ára gamall ákvað ég að verða hjúkrunarfræðingur. Ég veit ekki af hverju. Í rauninni vissi ég ekki einu sinni um hvað hjúkrunarfræðin snýst fyrr en daginn sem ég mætti í námið sjö árum síðar.“

En sem annars flokks nemi þá ákvað ég að reyna fyrir mér í skurðhjúkrunarfræðinni. Það reyndist eiga ágætlega við mig. Með náminu hef ég svo starfað sem rötari hjá hljómsveitinni Á móti sól. Ég er þess vegna búinn að vera með rokkið í farteskinu síðan ég var í framhaldsskólanum. Það kom reyndar fyrir á ákveðnum tímamarki að skipulagsleysið varð til þess að allt fór í kós hjá mér. En þetta reddaðist að lokum.“





## Lyfjafræðideild

Lyfjafræði er fræðigrein sem fjallar um lyf frá öllum hugsanlegum sjónarhornum, allt frá þróun nýrra lyfjaefna og lyfjaforma til framleiðslu, notkunar og verkunar lyfjanna.

Lyfjafræðinámið er fjölbreytt þverfaglegt nám, samsett af bóklegri og verklegri kennslu í hinum ýmsu greinum líf- og raunvísinda, auk félagvísindagreina. Þessi breiði grunnur gerir lyfjafræðinga eftirsóttá í atvinnulífnum og þeirra biða fjölbreytt atvinnutækifæri í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar. Sem dæmi um starfsvettvang fyrir lyfjafræðinga má nefna lyfjaiðnaðinn, apótek, sjúkrahús og rannsóknir.

Námið skiptist í BS-hluta (þrjú ár) og MS-hluta (tvö ár). Í BS-náminu er lögð áhersla á ýmsar grunngreinar auk nokkurra sérgreina lyfjafræðinnar. Í MS-náminu eru eingöngu kenndar hinar ýmsu sérgreinar lyfjafræðinnar auk 15 eininga rannsóknaverkefnis. MS-gráða í lyfjafræði veitir rétt til að sækja um starfsleyfi lyfjafræðings.

Skipulagning lyfjafræðinámsins við Háskóla Íslands tekur mið af því sem tíðkast annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu og að námið uppfylli kröfur Evrópubandalagsins um menntun lyfjafræðinga. Þeir hljóta þannig viðurkennd atvinnuréttindi í aðildarlöndum bandalagsins.

Lyfjafræðideild Háskóla Íslands kappkostar að útskrifa lyfjafræðinga með fyrsta flokks menntun, hvort sem þeir kjósa að fara beint til starfa í atvinnulífnum eða hyggja á framhaldsnám hérlendis eða erlendis. Auk þess að mennta verðandi lyfjafræðinga er deildin mjög sterk rannsóknareining innan Háskóla Íslands og eru þar stundaðar margvíslegar rannsóknir á hinum ýmsu sviðum lyfjafræðinnar. Rannsóknasamstarf er við fjölmarga aðila innanlands og utan, háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Kennarar í lyfjafræði eru aðilar að norrænum og evrópskum kennslu- og rannsóknarnetum sem tryggir mikilvæg alþjóðleg tengsl og gerir nemendum mögulegt að taka hluta af náminu erlendis.

Lyfjafræðideild hefur sett sér skýr og metnaðarfull markmið varðandi kennslu og rannsóknir á næstu árum og vel gengur að uppfylla þau markmið.



*Elín Soffía Ólafsdóttir, prófessor í lyfjafræði*

## Störf lyfjafræðinga dýrmætt framlag til þekkingarsamfélagsins

„Í lyfjafræðideild er lögð áhersla á kennsluhætti sem stuðla að því að virkja sjálfstæði og frumkvæði nemenda. Lyfjafræðinámið byggir m.a. á verklegri þjálfun, verkefnavinnu og lausnaleit þar sem nánd kennara og nemenda er mikil og gefur ríka möguleika á skapandi samstarfi. Nemendur lyfjafræðideilda fá tækifæri til að eiga aðild að rannsóknaverkefnum kennara deildarinnar og samstarfsmanna þeirra innan lands og utan.

Lyfjafræðinámið er í eðli sínu þverfaglegt og í sífelldri þróun í takt við aukna þekkingu og framþróun á sviði lyfjafræðinnar. Lyfjafræðingar og sérfræðingar í lyfjavísindum sinna fjölbreyttum störfum í heilbrigðisþjónustu, rannsóknnum og lyfjaiðnaði og störf þeirra eru dýrmætt framlag til þekkingarsamfélags nútímans. Þeir þurfa því sífellt að fylgjast

með og verða sér út um nýja þekkingu. Í lyfjafræðideild er því lögð mikil áhersla á að útskrifaðir nemendur hafi öðlast góðan skilning á faginu, stundi vönduð vinnubrögð og síðast en ekki síst að þeir hafi getu og kunnáttu til að afla sér þekkingar á sjálfstæðan hátt.

Markmið lyfjafræðideilda er að efla lyfjafræðiþekkingu í landinu með öflugri menntun og rannsóknnum sem jafnast á við það besta í lyfjafræðideildum háskóla á Vesturlöndum. Deildin leggur áherslu á góð tengsl við heilbrigðisgeirann og fyrirtæki í lyfjaiðnaði og líftækni og hún fylgist vel með framþróun atvinnulífsins. Skipulag og innihald námsins er í sífelldri endurskoðun og rík áhersla lögð á að rækta samstarf við erlenda skóla á sviði rannsókna, náms og nemendaskipta.“

## Kjartan Hákonarson, lyfjafræðinemi og tónlistarmaður Púsluspil að raða saman námi og tónlist

„Ég fór í lyfjafræði því mér fannst það áhugavert fag. Lyf eru stór þáttur af heilbrigðiskerfinu og þróunin er hröð. Ég hef alltaf haft áhuga á efnafræði og lyfjafræði er skemmtilegur vinkill á hana. Námið er skemmtilegt og krefjandi. Það er mjög gott félagslíf í deildinni en í mínum árgangi eru um þrjátíu nemar. Það er nokkuð púsluspil að tvinna saman námið og tónlistarlífið. Þetta snýst fyrst og fremst um að skipuleggja tímann vel. Ég er viss um að reynsla mín af því að sinna mörgum verkefnum samtímis komi mér að góðu gagni að námi loknu.“





## Læknadeild

Læknadeild hefur alltaf notið mikils trausts meðal almennings og er hún þekkt fyrir að fylgjast vel með þróun lækninga og nýjungum á sviði læknisfræðinnar. Deildin ætlar sér að vera í hópi 100 bestu læknadeilda í heiminum og mun hún með því gera sitt til að lyfta Háskóla Íslands upp í samsvarandi hóp meðal háskóla.

Nemendur læknadeildar hafa haft greiðan aðgang að þekktustu menntastofnunum í hinum vestræna heimi vegna góðrar reynslu þeirra af einstaklingum menntuðum í deildinni. Starfsmenn deildarinnar hafa einnig sterk alþjóðleg tengsl sem þeir hafa myndað gegnum nám sitt erlendis og gegnum alþjóðlegt rannsóknasamstarf. Læknadeild vinnur nú að því að nýta þau sóknarfæri sem skapast munu með byggingu nýs háskólasjúkrahúss með aðstöðu fyrir heilbrigðisvísindagreinarnar.

Hlutverk læknadeildar og námsleiða í kennslu og rannsóknum er að örva gagnrýna hugsun nemandans, veita honum innblástur og hvetja hann í að leita sér þekkingar á sjálfstæðan hátt. Einnig að örva samskipti nemenda og kennara og efla þannig félagslegan þroska þeirra sem og að þróa og viðhalda gæðum kennslunnar með alþjóðlegu samstarfi, samræmingu og árangursmati.

Í nýju skipulagi Háskóla Íslands myndar læknisfræðin sjálfstæða læknadeild. Í tengslum við deildina verða tvær námsleiðir, sjúkrajálfun og geisla- og lífeindafræði auk þverfaglegar námsleiðar í lýðheilsuvísindum. Á þessum sviðum starfa fremstu sérfræðingar landsins í líf- og læknisfræði og eru á annað hundrað kennarar og sérfræðingar fastráðnir við deildina auk fjölda stundakennara. Læknanámið er 6 ára nám til læknaprófs og sjúkrajálfun, geisla- og lífeindafræði eru 4 ára nám sem veita starfsréttindi. Fjöldatakmörkun er viðhöfð vegna takmarkaðs fjölda kennara og getu klínískra deilda til að annast kennslu, ásamt sjúklingafjölda.

*Stefán B. Sigurðsson, prófessor við læknadeild*

# Nemendur hafa mikið fram að færa

„Í því námi sem fram fer í læknadeild er mikil áhersla lögð á að nemendur verði virkir þátttakendur en ekki einungis þiggjendur. Reynt er að skapa gefandi umhverfi þannig að nemendur fái að kynnst framtíðar markmiðum strax í upphafi og að þeir viti allan tímann að hverju þeir stefna. Nemandinn á einnig að finna að hann hafi mikið fram að færa með ferskum hugmyndum og nýrri sýn á efnið þannig að kennarinn og fræðin hagnist á þessum gagnvirku samskiptum.“

Deildin vill sjá að nemendur geti starfað það sjálfstætt þegar þeir útskrifast að þeir séu færir um að byggja upp framtíð sína á grunni þeirrar þekkingar og reynslu sem þeir hafa fengið í deildinni. Námið á að gefa nemandanum breiðan og fjölpættan fræðilegan grunn fyrir sérnám og sérhæfingu í framtíðinni. Þeir eiga að hafa hæfileika sem veita þeim aðgang að hæfustu menntastofnunum heimsins. Þeir eiga einnig að hafa öðlast samskiptalegan þroska til að starfa í erfiðu umhverfi sjúkdóma þar sem bæði mikil gleði og sorg ráða ríkjum.

Deildin leggur áherslu á að auka mannaúð sinn sem skilar sér í öflugum rannsóknum og rannsóknaniðurstöðum sem birtast í bestu alþjóðlegu vísindatimaritunum. Deildin leitar stöðugt leiða til að efla samstarf við sterka alþjóðlega aðila. Í gefandi samstarfi við háskólasjúkrahúsið Landspítala stefnir deildin að því að vera í hópi 100 bestu læknadeilda heims.“



*Marteinn Ingi Smárason, nemi í læknadeild*

## „Maður er með líf fólks í lúkunum“

„Ég tók ákvörðun tveimur mánuðum áður en ég útskrifaðist úr menntaskóla að fara í læknisfræði. Ég skellti mér í inntökuprófið og flaug bara inn. Maður var búinn að heyra ýmsar sögur um það hvernig námið væri en síðan reyndist þetta svipað og ég bjóst við. Í rauninni bara mikill lærdómur. Þetta er að sjálfsögðu heljarinnar breyting frá því að vera í menntaskóla. Ástæðan fyrir því að maður er þarna er nú helst sú að það er eflaust möglegt tilfinning að bjarga mannlífi. Ég held að það sé reyndar erfitt starf að vera læknir, maður er með líf fólks í lúkunum. En ég held að doktor House eða Bráðavaktin í ríkissjónvarpinu endurspegli ekki raunveruleikann. En House er tvímælalaust svalur maður.“







*Er Háskóli Íslands búinn að þróa tæki til að mæla pólitíska réttsýni?*

## **Byltingarkennt tæki** *sem gæti forðað þúsundum frá blindu*

Við Háskóla Íslands verður til fjöldi sprotafyrirtækja sem eru afsprengi rannsókna sem síðan nýtast í framrás Íslendinga á alþjóðlegum mörkuðum. Ný íslensk uppfinning, tæki sem sýnir súrefnismagn í æðum í augnbotnum getur valdið byltingu í meðferð ýmissa sjúkdóma og komið í veg fyrir að þúsundir manna um heim allan missi sjón eða verði blindir. Tækið hefur verið þróað af læknum og verkfræðingum við Háskóla Íslands og er nú komið í framleiðslu og markaðssetningu víða um heim. Afrakstur rannsókna sem tengjast þessu tæki er undirstaðan í nýju sprotafyrirtæki, Oxymap, sem miklar vonir eru bundnar við.

Tækið nýja mælir súrefnismettun blóðs í æðum augnbotna og gefur þannig til kynna hvort súrefnisflæði í sjónhimnu er með eðlilegu móti. Slík mæling getur auðveldað greiningu á mörgum algengum blinduvaldandi sjúkdómum, svo sem gláku, æðalokunum í sjónhimnu og augnsjúkdómi í sykursýki.

Gláka og sjónhimnusjúkdómur í sykursýki hrjá þúsundir Íslendinga og geta valdið blindu ef ekkert er að gert. Ef sjúkdómar þessir eru greindir á frumstigi er mun frekar hægt að bregðast við og verja augun fyrir skemmdum og viðhalda þannig sjón einstaklingsins, sem margir telja hans verðmætustu eign.

Fyrir stuttu fengu Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra að kynnast tækinu og lýstu bæði mikilli ánægju sinni með það. Menntamálaráðherra sagði verulega gleðilegt að sjá hvernig íslenskt hugvit væri að skila sér í hátækniúnaði sem gæti haft bæði efnahagsleg og heilsufarsleg áhrif á fjölda einstaklinga. Össur sló á létta strengi eftir að hafa farið í greiningu með tækinu og hafði á orði að nú væri Háskólinn loksins búinn að þróa tól sem gæti mælt pólitíska réttsýni.

Það er löngu vitað að með því að beita

forvörnum til fulls er ekki einungis líf fjölda einstaklinga bætt stórlega, heldur er líka létt á samfélaginu. Sú skoðun er nú mjög útbreidd að besta fjárfestingin í heilbrigðiskerfinu sé á sviði forvarna. Tækið nýja er byltingarkennt í forvarnarstarfi. Það er sáraeinfalt og afar ódýrt í notkun en það byggir á stafrænni ljósmyndun og tölvulestri á gögnum. Sérstakur hugbúnaður skilar niðurstöðu sem sýnir stöðu súrefnisbúskapar á myndrænan hátt og auðveldar bæði fagfólki og sjúklingum að gera sér góða grein fyrir ástandinu.



*Birkir Már Kristinsson, nemi í sjúkráþjálfun*

**Nudda hvert annað**

*„Sjúkráþjálfun er líkamlegt starf og svo verður maður líka að huga að samskiptum við fólk. Að auki er þetta mjög fræðilegt nám þar sem maður verður að þæla mikið í bókunum. Þetta hentar mér vel og uppfyllir allar þær væntingar sem ég gerði til námsins. Síðan er þetta fjölbreytt starf. Það er hægt að gera margt og vinna á mörgum sviðum.*

*Svo skiptir miklu máli hvað hópurinn í sjúkráþjálfuninni er samhentur. Við nuddum hvert annað og það er því mikið um hópavinnu í náminu.“*

*Berglind Rós Gunnarsdóttir, nemi í matvæla- og næringarfræði*

**„Næringarfræðingar borða hamborgara“**

*„Ég er mikil áhugamannskjona um heilsu og næringarfræði og sennilega er það ástæðan fyrir því að ég fór í matvæla- og næringarfræðina. En það þýðir samt ekki að ég borði bara kál. Stundum fæ ég mér hamborgara. Maður lærir nefnilega að það má alveg fá sér eitthvað óhollt svo lengi sem það er í hófi. Síðan eru líka heillandi tengsl á milli næringar og andlegu hliðarinnar. Annars er þetta fámennur hópur í náminu sem mér finnst eiginlega bara betra. Ég var sjálf svolítið hrædd við að tynast í háskólasamfélaginu en það gerðist ekki.“*





## Matvæla- og næringarfræðideild

Markmið matvæla- og næringarfræðideildar er að veita fyrsta flokks kennslu í matvælafræði og næringarfræði og að stunda framúrskarandi rannsóknir á sínum fræðasviðum. Markmið er einnig að auka þekkingu samfélagsins á fræðasviðunum og að veita þjónustu sem nýtist opinberum aðilum, fyrirtækjum, stofnunum og neytendum eða almenningi í þágu aukinna lífsgæða og bættrar heilsu. Í þessum tilgangi er boðið upp á nám til BS-, MS- og doktorsgráðu í báðum greinunum, matvælafræði og næringarfræði, með miklum möguleikum varðandi námskeiðaval og sérhæfingu.

Námið er fjölbreytt, þverfaglegt og krefjandi og það byggir á bóklegu og verklegu námi og raunhæfum verkefnum. Lögð er áhersla á sjálfstæði, vísindaleg vinnubrögð og hæfni nemenda í lausnamiðuðu námi. Fjölbreytni námsins og hæfni til að sinna margs konar störfum gerir matvæla- og næringarfræðinga eftirsóttá í atvinnulífinu bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi.

Grunnnám til BS-gráðu er 90 eininga (þriggja ára) nám og um helmingur þess er sameiginlegur fyrir nemendur í matvælafræði og næringarfræði. MS-námið er 60 einingar með rannsóknarverkefni unnið undir handleiðslu og í samstarfi við kennara og samstarfsfólk innanlands og utan. Doktorsnám felur í sér 90 eininga vísindaleg og tæknileg rannsóknarverkefni sem leiða til nýrrar þekkingar og nýsköpunar.

Matvælafræði byggir á sterkum grunni raunvísinda og verk- og tæknifræði og námið veitir innsýn í heilbrigðisvísindagreinar. Verkefni eru m.a. um lausnir fyrir framleiðslu, vinnslu, nýtingu, líftækni og þróun matvæla með hagsmuni neytenda að leiðarljósi. Verkefni eru oft unnin í miklum tengslum við iðnaðinn og tæknifyrirtæki. Hægt er að sækja um löggilt stafsheiti matvælafræðings eftir BS-gráðu í matvælafræði.

Næringarfræði byggir á sterkum grunni líf- og heilbrigðisvísinda og það tengist félagsvísindum, markaðsfræði og upplýsingatækni. Verkefni fjalla m.a. um næringarþörf heilbrigðra og sjúkra á ýmsum æviskeiðum, í þróuðum löndum jafnt sem þróunarlöndum, hættu og hollustu matvæla og fæðutengdra efna og tengsl við umhverfi. Verkefni eru oft unnin í samstarfi við heilbrigðisstofnanir. Löggilt starfsheiti næringarfræðings krefst MS-gráðu í greininni.



*Inga Þórsdóttir, prófessor í matvæla- og næringarfræði*

## Nýtt og spennandi nám

„Nám í matvælafræði og næringarfræði felur í sér virka og skemmtilega umræðu milli kennara og nemenda. Forvitið og fræðilegt viðhorf er ráðandi og skapar það bæði virðingu fyrir viðfangsefninu og kraft til að takast á við þau fjölmörgu verkefni sem matvælafræði og næringarfræði standa frammi fyrir hérlendis og á alþjóðlegum vettvangi,“ segir Inga Þórsdóttir prófessor.

„Við viljum útskrifa fólk sem þorir að standa að nýsköpun, uppbyggingu og útrás og getur leyst álitamál og spurningar sem allra best í þágu öryggis og heilsu almennings hvar sem

er í veröldinni – hvort sem um er að ræða íslenskan íþróttamann eða hungrað barn í fjarlægum landi.

Aðferðafræðilega sterkt og lausnamiðað nám getur af sér framúrskarandi matvælafræðinga og næringarfræðinga. Rannsóknavinna og samstarf deildarinnar innan og utan Háskólans, stefnumótun, stjórnun og verkefni fyrir einkafyrirtæki og stofnanir hérlendis og erlendis nýtist nemendum. Hollusta og bestu leiðir til að fullnægja grunnþörf mannsins fyrir mat og næringu eru okkar mál.“

### Gunnar Birgir Sandholt, nemi í matvæla- og næringarfræði „Langar að brugga bjór“

„Ég ætlaði alltaf í næringarfræðina en mamma er í þessu og sjálfur vann ég í matvörubúð með framhaldsskóla. Þarna tvinna ég saman menntun og áhugamál mín varðandi mat. Í skólanum lærum við að þróa mat og búa til. Þetta er lítil og þægileg deild, mér finnst það mikill kostur því það kostar talsverða orku að samlagast eftir þetta stóra stökk að fara í háskóla. Í framtíðinni langar mig að vinna við flutning á matvælum en það er líka nátengt verkfræði. Annars hef ég einnig áhuga á því að brugga bjór hér á landi. Og hver hefur ekki áhuga á bjór?“





## Sálfræðideild

Sálfræði til BA-prófs er þriggja ára nám. Hegðun og sálarlíf mannsins er aðalviðfangsefni greinarinnar. Fjallað er um skynjun, skilning, áhrif umhverfis og erfða á hegðun, um skapgerðareinkenni fólks, þroska barna, gerð og notkun sálfræðilegra prófa og margt fleira. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér sjálfstæð vinnubrögð í námi og rannsóknum. Til að hefja sálfræðinám er ekki nauðsynlegt að hafa stúdentspróf af sérstöku sviði framhaldsskóla, en góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg og dágóð stærðfræðikunnátta æskileg.

BA-námið er almennur inngangur að fjölbreyttu fræðisviði og megináhersla er lögð á að nemendur kynnist rannsóknaaðferðum og kenningum í sálfræði. Bein sérhæfing í tiltekinni faglegri færni hefst síðar. Sálfræðirannsóknir eru hagnýttar á margvíslegan hátt í meðhöndlun sálrænna erfiðleika, í stjórn og rekstri fyrirtækja, í kennslu, þjálfun og uppeldisstarfi, í meðferð og umönnun fatlaðra, geð- og hugsjúkra, í ráðgjöf, stjórn, í hönnun tækja og mannvirkja, við skipulag vinnuumhverfis, í auglýsinga- og skemmtiðnaði og svo mætti lengi telja. Grundvöllur sálfræðinnar er þó rannsóknarstarf, grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir. Á hann er lögð áhersla í BA-náminu.

BA-próf í sálfræði nýtist vel í margvíslegum störfum við þjónustu, kennslu, rannsóknum og stjórnun bæði hjá opinberum stofnunum og í einkageiranum. Það nýtist einnig sem undirbúningur fyrir margs konar framhaldsnám, bæði hérlandis og erlendis, innan sálfræðinnar sem utan. Þar má til dæmis nefna nám í heilbrigðisfræðum, stjórnunar- og viðskiptafræðum, ráðgjöf, lífvísindum og fjölmiðlun.

Þeir sem hafa BA-gráðu í sálfræði og halda í framhaldsnám fara þó flestir í einhverja undirgrein sálfræðinnar. Hérlandis er unnt að stunda starfsréttindánám í sálfræði með því að ljúka cand. psych.-gráðu í Háskóla Íslands. Hundruð stúdenta með BA-próf frá Háskóla Íslands hafa líka stundað framhaldsnám í útlöndum með góðum árangri. Sálfræðingar vinna margir fyrir heilbrigðis- og fræðslufyrirvöld við ýmis störf, en margir starfa sjálfstætt eða fyrir einkafyrirtæki við ráðgjöf, stjórnun og rannsóknir.

Árni Kristjánsson, dósent í sálfræði

# Sálfræði – ein mest vaxandi vísindagreinin

„Nemendur og kennarar í sálfræði vinna saman að því markmiði að rannsaka hegðun, tilfinningar og skynjun mannsins í sem víðustum skilningi sem og frávik frá því sem kallast má eðlilegt, t.d. hvað varðar hegðun og tilfinningar,“ segir Árni Kristjánsson, dósent í sálfræði.


„Kjarninn í allri þekkingarleit í sálfræði eru tilraunir sem gerðar eru til þess að svara brennandi spurningum um ofangreind efni. Mikil áhersla er lögð á rannsóknir í faginu þar sem nemendur vinna náið með kennurum sínum við það að finna svör við áleitnum spurningum um viðfangsefni sálfræðinnar.

Námsleiðir sem nemendum bjóðast að loknu BA-námi eru margvíslegar. Margir kjósa að helga vinnu sína rannsóknum á meðan aðrir kjósa að vinna fremur að meðferð. Aðrir kjósa nám þar sem hægt er að sameina þetta tvennt. BA-nám í sálfræði við Háskóla Íslands undirbýr stúdenta mjög vel fyrir allar þessar leiðir.

Nám í sálfræði gerir miklar kröfur til nemenda vegna þess að markmiðið er að þeir fái allra bestu menntun sem völ er á miðað við áhuga þeirra og framtíðaráætlanir. Besti vitnisburðurinn um gæði sálfræðináms við Háskóla Íslands er árangur nemenda sem hafa útskrifast úr sálfræði síðustu þrjú áratugi. Margir hafa haldið til útlanda í framhaldsnám við góðan orðstír og reynslan sýnir að nemendur með BA-próf frá Háskóla Íslands eru eftirsóttir víða í erlendum háskólum. Aðrir kjósa að sækja um inngöngu í hið ört vaxandi og eftirsóttta starfsréttindánám við Háskólann.

Sálfræðin er ein mest vaxandi vísindagrein samtímans og er síaukin þörf fyrir vel menntaða sálfræðinga á hinum ýmsu sviðum atvinnulífsins. Nám í sálfræði uppfyllir öll þau skilyrði sem gerð eru til góðrar menntunar að loknu stúdentsprófi og möguleikar við náms- og starfsval að náminu loknu eru gríðarmiklir og fjölbreytilegir.

Sálfræði er nú orðin að sjálfstæðri deild innan hins nýja heilbrigðisvísindasviðs og væntum við mikils af þessari nýju skipan mála, enda opnar hún fyrir nánari samvinnu við skyldar deildir sem mun efla sálfræðina enn frekar í framtíðinni.”





## Tannlæknadeild

Meginmarkmið náms í tannlæknadeild er að mennta nemendur í tann- og munnvísindum og stuðla þannig að bættri munn- og tannheilsu þjóðarinnar. Hlutverk tannlæknadeildar er að stunda rannsóknir og efla þekkingarsköpun með meistara- og doktorsnámi ásamt því að standa fyrir endur- og símenntun tannheilbrigðisstétta og vera leiðandi í ráðgjöf um tannheilsu.

Í náminu er nemendum boðið upp á fagleg og krefjandi nám í tannlæknisfræðum þar sem lausnarleitarnám er haft að leiðarljósi og nemendur eru hvattir til dáða. Nám í tannlæknisfræði tekur 6 ár og lýkur með kandidatsprófi í tannlækningum, cand. odont. Tannlæknanámið er fjölbreytt nám samsett af bóklegri og mikilli verklegri kennslu sem fer fram með fyrirlesturum og verklegum æfingum, dæmatímum og umræðutímum.

Tannlæknisfræði er einungis hægt að stunda sem aðalgrein. Námið er alls 180 einingar. Í desember að loknu fyrsta misseri 1. árs er haldið samkeppnispróf þar sem 7 efstu nemendurnir geta haldið áfram námi við deildina. Rannsóknartengt framhaldsnám við tannlæknadeild er nú í örum vexti en klínískt framhaldsnám verða nemar að stunda erlendis enn sem komið er.

Sérstaða tannlæknadeildar felst ekki aðeins í smæð hennar heldur einnig í því að innan hennar er rekið munnsjúkrahús þar sem saman kemur menntun nemenda, rannsóknir og þjónusta við almenning. Tannlæknadeild hefur sett sér það markmið að eflast enn frekar sem munnheilbrigðisskóli á heimsmælikvarða, öflugt rannsóknasetur og megin endurmenntunarsstofnun fyrir allar munnheilbrigðisstéttir í landinu.

Tannlæknadeild hefur umsjón með verklegri þjálfun tanntækjanema ásamt fræðilegum fyrirlesturum í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Ármúla. Deildir sér einnig um menntun tannsmiða til sveinsprófs og stefnt er að því að námið verði í framtíðinni til BS.-gráðu.



*Inga B. Árnadóttir, dósent við tannlæknadeild*

# Tannlæknaþjónusta á heimsmælikvarða

„Klínísk kennsla tannlæknadeildar byggist á trausti og virðingu milli stúdenta og kennara við meðhöndlun sjúklinga í fullri meðvitund, oft við erfiðar aðstæður á tilfinningaríku svæði, í munnholinu. Tannlæknadeild virkjar skapandi samstarf milli nemenda og kennara með gagnkvæmri virðingu, nútímalegu, faglegu krefjandi námi þar sem lausnarleitanám er haft að leiðarljósi og nemendur hvattir til dáða. Síðustu þrjú árin er viðvera á klíník 6 tímar á dag með sjúklinga og undir náinni handleiðslu kennara.“

Tannlæknadeild er samfélag nema í tannlækningum, tanntækni og tannsmíði, sem leggja stund á teymisvinnu ásamt úrvalkennarariði með fjölbreyttan bakgrunn. Kennarar deildarinnar hafa að lokinni sex ára tannlæknamenntun sótt þriggja ára

framhaldsmenntun sína til margra af bestu tannlæknaskólum í Bandaríkjunum og Evrópu.

Tannlæknanemar frá tannlæknadeild Háskóla Íslands standa mjög framalega að námi loknu og eiga nemendur greiðan aðgang að framhaldsnámi erlendis. Til fróðleiks má geta þess að á síðustu 10 árum hafa um 50% af brautskráðum nemum frá tannlæknadeild lokið sérmenntun við virta erlenda háskóla og þar hafa 6 lokið doktorsprófi.

Styrkur tannlæknadeildar er klínísk kennsla sem stenst alþjóðlegan samanburð samkvæmt viðurkenndu gæðamati og hefur starf deildarinnar skilað þjóðfélaginu tannlæknaþjónustu á heimsmælikvarða.“

*Heiðís Halldórsdóttir, formaður nemendafélags tannlæknanema*

**„Fékk sjálf tannskemmd“**

„Heilbrigði fólks hefur ávallt heillað mig. Þess vegna endaði ég í tannlækningum. Síðan hefur námið heillað mig enda gaman að hitta mismunandi fólk og fegra það. Það má segja að ég sé tannlæknir með hugsjónir. Allavega erum við ekki þessar stöðluðu steriótýpur af tannlæknum eins og fólk sér í bíómyndum. Við höfum gaman að því sem við gerum. Við erum ekki heldur fullkomin því sjálf fékk ég tannskemmd eftir að ég byrjaði í náminu! Þá lét ég skólafélaga minn laga skemmdina.“





## HVER SKAPAÐI GUÐ?

Visindavefur Háskóla Íslands veit svarið!

Visindavefur Háskóla Íslands er ein af gáttum samfélagsins inn í akademiuna þar sem öllum gefst kostur á að leggja fram spurningar, af hvaða toga sem er, og fá við þeim visindaleg svör. Spurningarnar fara rakleiðis til starfsmanna vefsins. Visindavefurinn svarar því til dæmis hvers vegna menn verða latir og hann hefur jafnvel tekist á við heimspekilega þætti eins og efan um hvort það sé réttlæt看legt að eiga peninga á meðan annað fólk sveltur? Hann veit líka hver skapaði peningana. Visindavefurinn hugar líka ekki við að svara spurningum eins og: Hver skapaði guð? Hvernig litur Guð út? Er Guð til? Hvernig getur Guð verið dáinn ef hann fæddist aldrei?

Visindavefurinn fjallar um öll visindi, hverju nafni sem þau nefnast, allt frá stjörnufræði til handrita og frá sameindalíffræði til sálarfræði. Gestir á vefnum geta sett fram efnisorð í leitarvél sem tengjast því sem þá fýsir að vita og fengið ábendingar um svör og annað tengt efni. Efnið á vefsetrinu er orðið svo umfangsmikið að verulegar líkur eru á að fólk geti fengið svar við spurningum sínum umsvifalaust. Vinsældir Visindavefsins eru slíkar að 12 prósent af heildarumferð allra notenda Háskólavefsins kemur í gegnum Visindavefinn.

Og hvert er svo svarið við því hver skapaði guð? Hmmm!!! Kíktu á Visindavefinn, visindavefur.is

Eva María Jónsdóttir, fjölmiðlakona og BA í almennri bókmenntafræði

## „Gott veganesti“

„Ekkert er skemmtilegt nema það sé erfitt,“ segir Eva María Jónsdóttir, þáttastjórnandi á Sjónvarpinu, sem lauk BA-prófi í almennri bókmenntafræði haustið 2007.

Námið tók Eva á 6 árum, en á hluta námstímans stundaði hún vinnu og eignaðist þrjú börn. Stundum tók hún sofandi börnin með sér í skólann og lagði barnavagninum fyrir framan kennslustofuna. „Ef þau vöknudu tók ég þau inn og sem betur fer voru allir mjög skilningríkir í þau skipti,“ segir hún.

Hugarfar Evu gagnvart námi breyttist eftir því sem á leið námstímans. „Áður var maður kannski ekki svo meðvitaður um að námið manns er dýrmæt eign sem enginn getur tekið frá manni. Maður er ekki í námi fyrir neinn nema sjálfan sig,“ segir Eva og bætir við að fyrir henni sé nám alvöru glíma sem dýpki lífið.

„Aginn og einbeitingin á meðan á náminu stóð var mesta áskorunin vegna þess að ég hef tilhneigingu til þess að flöggra svoltiði um.“

Eva skrifaði lokaverkefnið sitt í Þjóðarbókhöfðunni sumarið 2007 og fjallaði hún um Svarfdælasögu, eina af þeim Íslendingasögum sem lítið hefur farið fyrir. Hún segir dvölinna þar hafa verið einn eftirminnlegasta þátt námsins. „Á þessum stað myndast sérstakt samfélag þar sem kraumar undir mikil og næstum því áþreifanleg hugarorka. Þótt fólkíð sitji og þegi eru allir að springa af hugsanaorku.“



„Námið var jákvætt á öllum stigum og ég átti bæði ánægjuleg samskipti við nemendur og kennara. Sem nemandi fann ég fyrir sérstakri auðmýkt sem maður finnur ekki svo glatt fyrir í krefjandi starfi þar sem ætlast er til þess að maður viti allt. Nemendur njóta þeirra forréttinda að geta spurt kennara um hvað sem er á allt öðrum forsendum en þegar fólk spyr spurninga í sínu faglega starfi. Að þessu leyti var námið svo sannarlega gott veganesti, það frestaði því að maður gerðist óforbetranlegur besservisser á vinnustaðnum.“

Eva stefnir á MA-nám í Íslenskum bókmenntum í náinni framtíð.

## Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor í viðskiptafræði Fjölmenntafræði viðskiptaháskóli Íslands

„Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands er fjölmenntafræði viðskiptaháskóli landsins með um 1200 nemendur. Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands hefur alla tíð haft frumkvæðið í þróun viðskiptafræðináms á Íslandi. Viðskiptafræðideildin býður upp á afar traust nám þar sem nemendum bjóðast umtalsverðir valmöguleikar bæði innan deildar og í öðrum deildum skólans. Meistaránám deildarinnar skipar henni ótvírætt í forystusætið. Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands ætlar að efla og styrkja stöðu sína í samkeppninni hér á landi með öflugri rannsóknarstarfi og framúrskarandi kennslu í virku samstarfi við nemendur og íslenskt athafnalíf.“



# MORÐ Í ÁRNAGARÐI!

- brjótast út átök á milli sagnfræðinga og íslenskufraeðinga?

Í Þriðja táknuinu, spennusögu Yrsu Sigurðardóttur, er Árnagarður vettvangur morðs og fullyrt er að Árnagarður sé bygging sagnfræðiskorar. Þetta sætta íslenskufraeðingar sig ekki við, enda líta þeir á Árnagarð sem sinn helgidóm.

Ónefndur íslenskunemi fullyrðir að mikill óróleiki hafi gripið um sig í kjölfar útkomu bókarinnar. „Kennararnir gáfu hverjir öðrum illt auga og sagnfræðinemar stugguðu við íslenskunemum og öfugt,” segir nemandinn og bætir við: „Það er mikil spenna í húsinu – nú er bara að bíða og sjá hvað gerist þegar allt sýður upp úr!”

## Glæpasérfræðingurinn mikli í Gimli

- afbrotastimplun getur valdið skertum tengslum við löghlýðið fólk, segir Jón Gunnar Bernburg

Afbrot og glæpamenn eru hluti af samfélaginu. Það er fjallað um þá í útvarpi, sjónvarpi og blöðum og á milli þess sem við drekkum í okkur fjölmiðlaefnið horfum við á nýjustu glæpaseríuna líða eftir skjánum.

En það eru ekki bara þú og ég sem fylgjumst með glæpum – það gera félagsfræðingar líka. Við félags- og mannvísindadeild rannsaka fræðimenn afbrota- og frávikshegðun og velta því m.a. fyrir sér hvaða áhrif það hefur að vera stimplaður sem afbrotamaður.

Afbrotastimplun, t.d. það að vera handtekinn fyrir afbrot, er meðal þess sem Jón Gunnar Bernburg, dósent við félags- og mannvísindadeild, hefur rannsakað. Hann segir félagsfræðinga hafa haldið því fram að afbrotastimplun geti stuðlað að félagslegu brennimerki sem getur haft slæm áhrif á sjálfsmynd hins stimplaða. „Auk þess getur afbrotastimplun valdið skertum tengslum við löghlýðið fólk,” segir Jón Gunnar, „og jafnframt minnkað tækifæri í skóla og á vinnumarkaði og stuðlað að því að einstaklingurinn sökvi dýpra í félagsskap jaðarhópa og afbrotahegðun festist í sessi.”

Doktorsritgerð Jóns Gunnars styður þessar tilgátur. Þar rannsakaði hann langtímaáhrif slíkrar félagslegrar stimplunar en niðurstöður rannsóknarinnar, sem náði til 500 bandarískra pilta frá 13 til 22 ára aldurs, voru m.a. þær að þeir sem fengu á sig afbrotastimplun á unglingsárum voru marktækt meira í afbrotum á tvítugsaldri en hinir.

Refsingar auka oft líkur á afbrotahegðun: „Engin rannsókn hefur verið framkvæmd hérlandis á stimplunaráhrifum,” segir Jón Gunnar sem telur slíka rannsókn tímabæra fyrir margar sakir. „Refsingum á borð við fangelsisvist er í einn stað ætlað að sveigja brotafólk inn á beinu brautina, en erlendar rannsóknir benda almennt til þess að þær geri það að jafnaði ekki.

Margar rannsóknir, þar á meðal mín, benda þvert á móti til þess að refsingar auki oft líkur á afbrotahegðun.” Hann bætir því síðan við að eitt af því sem heldur mörgum frá glæpabrautinni sé sú útbreidda skoðun að refsing á borð við fangelsisvist sé ærumeiðandi brennimerki.



Nú fer mestur tími Jóns Gunnars í að skoða afbrotahegðun meðal íslenskra ungmenna og einblínir hann þar ásvokallaðar hverfakenningar. „Samkvæmt þessum kenningum getur félagsleg samsetning hverfisins haft mjög mikilvæg áhrif á velferð ungmenna. Ég og íslenskir samstarfsmenn mínir höfum fengið mjög athyglisverðar niðurstöður úr þessum rannsóknum á undanförunum misserum.”

Námskeið um afbrotafræði við félagsvísindadeild hafa verið kennd um nokkurt skeið við miklar vinsældir, ekki aðeins hjá nemum í félagsfræði heldur einnig í öðrum greinum.



## Glæpir til skemmtunar Glæpasagan krufin til mergjar frá Dostojevsky til Arnaldar og Yrsu

Í bókmenntanámskeiðum Háskóla Íslands eru ekki aðeins lesnar hátimbraðar fagurbókmenntir eftir kanónur bókmenntaheimsins. Þvert á móti er t.d. jaðarbókmenntum og barnabókmenntum gert hátt undir höfði. Þessar bækur eru rannsakaðar af miklum alvörubunga – en þó með bros á vör. Á meðal námskeiða í þessum anda er Glæpasagan, eða krimminn.

Bergljót Kristjánsdóttir, prófessor í íslenskum bókmenntum, hefur haft veg og vanda að Glæpasöggunni sem kennd hefur verið þrisvar sinnum við skólann, einu sinni á MA-stigi og tvisvar á BA-stigi. Bergljót segir bæði svokallaða hámenningu og lágmenningu vera til umræðu í námskeiðinu, það sé raunar ótrúlega fjölbreytt – enda glæpir framdir í bókmenntum af öllu tagi.

Í námskeiðinu fræðast nemendur m.a. um megineinkenni glæpasögunnar, mismunandi gerðir hennar, þróun og sögu. Bæði eru lesnar glæpasögur og horft á kvikmyndir, en að auki hafa nemendur stundum sett á svið frumsamin leikrit þar sem þeir nýta sér námsefnið til að skapa hið fullkomna glæpaleikrit.

## Afbrotamenn með ofvirkni undir smásjánni

- frumkvöðlarannsókn á barnæsku afbrotamanna með ofvirkni og athyglisbrest

Samkvæmt nýlegri rannsókn við Háskóla Íslands uppfylla 15% íslenskra fanga öll skilyrði um ofvirkni og athyglisbrest (ADHD) og tæplega helmingur uppfyllir skilyrði um ADHD í barnæsku.

„Það er ákaflega mikilvægt að rýna betur í þennan málaflokk til að geta áttað sig betur á stöðunni hérlandis,“ segir Helgi Þór Gunnarsson. Í MA-verkefni sínu í fötlunarfræði samþættir Helgi Þór öll þau fræði sem hann hefur lagt stund á við Háskóla Íslands: fötlunarfræði, afbrotufræði og uppeldis- og menntunarfræði. Ákaflega lítið er vitað um félagslegar aðstæður afbrotamanna sem greinst hafa með ADHD einhvern tíma á lífsleiðinni.

„Því tel ég ákaflega mikilvægt að hlusta á rödd þessa hóps og greina frá sjónarmiðum einstaklinganna,“ segir Helgi Þór sem er fyrstur til að afla skipulegra gagna hérlandis um þetta málefni.

Rannsóknin er í fullum gangi: „Barnæska þeirra afbrotamanna með ADHD sem ég hef þegar tekið viðtöl við einkennist af slæmu

gengi í skóla, félagslegri einangrun, rótleysi og tíðum búferlaflutningum,“ segir Helgi Þór, en þessi atriði virðast hafa átt mestan þátt í að einstaklingarnir villtust út af beinu brautinni í heim fíkniefna og þaðan í afbrot.

Þátttakendur hafa verið greindir með ADHD eða telja sig vera með það og allir teljast þeir til afbrotamanna. Hluti þeirra mun sitja í fangelsi á meðan rannsóknin fer fram, en flestir munu um frjálst höfuð strjúka. Markmiðið er að þátttakendur endurspegli sem mesta breidd hvað félagslega og efnahagslega þætti varðar.

Helgi Þór vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar muni endurspeglar raddir og reynslu þessa samfélags hóps, leiði til betri skilnings á félagslegum aðstæðum þeirra og hvernig unnt er að styðja þá til betri vegferðar í lífinu. „Jafnframt er stefnt að því að rannsóknin verði grundvöllur að tillögum til aðgerða sem eru til þess fallnar að fyrirbyggja að börn og ungmenni með athyglisbrest og ofvirkni leiðist út í afbrot og aðra áhættuhegðun.“

## Hver er hræddur við handalaus manninn?

– Hið fatlaða illmenni er ekki aðeins illt. Það er í raun skrímsli.

Mörg illmenni kvikmyndanna og bókmenntanna eru ekki einungis illa eygð og ófrýnileg og klædd af einstakri ósmekkvísi, heldur eru þau gjarnan fötluð til að undirstrika vondan ásetning.

Dægurmenning á stóran þátt í að skapa og viðhalda staðalímyndum um fatlað fólk og er því mikilvæg heimild um viðtekin viðhorf til fólks sem er fatlað. Undanfarin misseri hafa Ármann Jakobsson, lektor við Háskóla Íslands, og Hanna Björg Sigurjónsdóttir, lektor í fötlunarfræði við Háskólann, unnið að því að greina stöðu og ímyndir fatlaðs fólks í dægurmenningu. Þæling þeirra afhjúpa okkur mennina að því marki að

við virðumst flétta auðveldlega saman fötlun og illt innræti. Í rannsóknnum sínum hefur Ármann Jakobsson bent á að einn frægasti krypplingur allra tíma, Ríkharður III, hafi ekki fengið kryppuna sína fyrir en í leikriti Shakespeares. Varahugavert innræti hans dugði ekki til, það varð að gera mannvonskuna sýnilega hið ytra með einhverju lagi.

„Hið fatlaða illmenni er ekki aðeins illmenni. Það er í raun skrímsli. Það er afskræmd, ófullkomin, brengluð mannvera og fötlunin er birtingarform þess,“ segir Ármann. Hann hefur bent á að líkamleg fötlun óþokka

sé algeng í James Bond myndunum og þaðan er handalausni maðurinn runnin.

„En það þýðir ekkert að vera reið við handalaus illmennið úr Bond-myndinni því að við bjuggum það sjálf til úr ótta okkar og vanmætti, gagnvart hugmyndinni um fötlun. Sá ótti getur líka verið lamandi, ekkert síður en fötlunin sjálf,“ segir Ármann, og svo bætir hann við: „Fötlun manneskja er ekki jafn stórkostlega öðruvísi, jafn framandi og fötluðu illmennin í sögunum gefa til kynna. Það er rangt að flokka fólk í fatlað og ófatlað. Það er nær að spyrja alla: Hver er þin fötlun?“

# Háskólatorgið er **bylting** en ekki breyting

Með tilkomu Háskólatorgs er eins og hjartsláttur háskólasamfélagsins hafi orðið taktfastari og gróskan í mannlífinu á svæðinu hefur fengið byr í seglin. Nemendur, kennarar og starfsmenn í skólanum nota torgið til að hittast og skrafa um öll heimsins mál og leysa þarna lífsgátuna á hverjum einasta degi.

Öll þjónusta á torginu hefur slegið í gegn og nýtur sín betur en nokkurn óraði fyrir. Hinn nýstárlegi veitingastaður Háma er líklega einn sá vinsælasti í Reykjavík því viðskiptavinir eru mörg hundruð á dag. Röðin hringar sig stundum um torgið eins og undið spaghetti í suðupotti og Háskólatorg er svo sannarlega suðupottur akademískra pælinga.

„Þetta mikla hús leynir á sér og er bylting en ekki breyting í húsnæðismálum Háskólans,“ segir í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins þann 1. desember síðastliðinn. Og höfundurinn heldur áfram: „Það opnar alveg nýjar víddir í samskiptum innan háskólasamfélagsins og er til þess fallið að skapa nýtt andrúm, verða uppspretta ferskra hugmynda og vettvangur aukinna samræðna og samstarfs meðal háskólamanna. Háskólatorgið er bygging, sem hefur verið hönnuð af hugmyndaauðgi og útsjónarsemi. Byggingin teygir sig á milli bygginga, sem fyrir eru og tengir þær saman á skemmtilegan og hagkvæman hátt.“







Rebekka Sigurðardóttir hjá Félagsstofnun stúdenta

## Holl og góð fæða í Hámu á stúdentaverði!

Óhætt er að fullyrða að Félagsstofnun stúdenta hafi sjaldan verið í jafngóðum tengslum við háskólastúdenta og nú, en með tilkomu Háskólators hefur allt mannlíf Háskólasamfélagsins skipt um gír og Félagsstofnun stúdenta á ekki sístan þátt í því með rekstri veitingastaðarins Hámu í Háskólatorgi.

„Í dag starfa um 120 manns hjá FS sem rekur Bóksölu stúdenta, Leikskóla stúdenta, Stúdentamiðlun, Stúdentagarða, Kaffistofur stúdenta og auðvitað veitingastaðinn Hámu, sem nú nýtur gríðarlegra vinsælda,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, markaðsstjóri hjá Félagsstofnun stúdenta.

Rebekka segir að Félagsstofnun stúdenta verði fertug á árinu, en hún hafi verið stofnuð af stórhuga stúdentum við Háskóla Íslands árið 1968. Hún segir að í upphafi hafi FS verið falið að annast rekstur og bera ábyrgð á félagslegum fyrirtækjum sem þá voru starfrækt í þágu stúdenta. „Stofnunin er enn í eigu og þágu stúdenta og hefur þjónustan aukist jafnt og þétt með árunum.“

„Nú, í upphafi 40 ára afmælisárs FS, hefur orðið bylting í allri aðstöðu stúdenta,“ segir Rebekka. „Með flutningi FS í Háskólatorgið, hjarta háskólasamfélagsins, hefur FS gefist kostur á að auka og bæta enn við þjónustu sína. Bóksala Stúdenta er flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði og á veitingastaðnum Hámu er í boði holl og góð fæða, á stúdentaverði auðvitað, og á barnum er hægt að fá kaffi og með því eða drykki og tapas eftir því sem við á,“ segir Rebekka og brosir á meðan hún bendir



yfir hið glæsilega torg þar sem hundruð stúdenta sitja og skrafa og snæða hádegisverð dagsins.

Rebekka segir að skrifstofur FS séu aðgengilegar í Háskólatorgi en FS taki einnig þátt í rekstri þjónustuborðs þar sem veittar eru upplýsingar um allt sem snýr að háskólasamfélaginu.

„Eins og alltaf mun FS leggja áherslu á að gera háskólalífið skemmtilegra og hún mun bjóða stúdentum á tónleika og aðra viðburði á nýjum staði í samvinnu við Háskólann eftir því sem við á.“

# Hugvísindasvið

Menning samtímans á upphaf sitt í hugvísindum – og það gildir einnig um menningu fortíðar og framtíðar. Við hugvísindasvið er menning, há sem lág, skoðuð út frá öllum mögulegum og ómögulegum sjónarhornum og fólki kennt að tala um hana – á fjölmörgum tungumálum. Fjórar deildir eru við sviðið, hver með sínar áherslur, þælingar og sjónarmið.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# HUGVÍSINDASVIÐ



## Vegir liggja til allra átta

*Nám í menningarmiðlun slær í gegn*

Nám í hagnýtri menningarmiðlun hefur heldur betur slegið í gegn. Þá er ekki aðeins átt við nemendur, heldur einnig almenning sem flykkist á sýningar og viðburði sem nemendur standa fyrir sem hluta af námi sínu.

Hagnýt menningarmiðlun er 45 eininga MA-nám innan íslensku- og menningardeildar og hefur Eggert Þór Bernharðsson veg og vanda að því. Námið byggist á þverfaglegu samstarfi kennara ólíkra námslína og má með sanni segja að leiðir menningarmiðlunar liggja í allar áttir,

bæði innan skólans og utan. Með samstarfinu er markmiðið að tengja saman íslenska sögu og menningu, skapa nýja þræði og nýjar tengingar auk þess að opna nemendum nýjar leiðir í miðlun rannsókna sinna.

Að undanförunu hafa t.d. verið haldin námskeið í samspili miðlunar og menningar og ólíkum miðlunarleiðum, sögutengdri ferðaþjónustu, menningu og fræðum í útvarpi, heimildakvikmyndagerð sem og námskeið í ólíkum miðlunarleiðum á safnasýningum.

Nám í hagnýtri menningarmiðlun fer fram um land allt og verkefni nemenda eru eins ólík og þeir eru margir. Má t.d. nefna tímaritsútgáfu, stuttmyndir, veggspjöld og safnasýningar. Almennangi gefst oft tækifæri að njóta afraksturs vinnu þeirra, t.d. nú í vetur þegar áhugasamir nemendur stóðu fyrir sögugöngum bæði í Reykjavík og á Akureyri þar sem almenningur var leiddur um ákveðin hverfi og sagðar voru sögur úr því, ljósmyndir skoðaðar og ófá leyndarmál ljóstruð upp.



## Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Guðfræðideild er elsta deild Háskóla Íslands. Hún á rætur að rekja til Prestaskólans sem var stofnaður 1847 og varð ein af deildum Háskólans 1911. Lengi var litið á guðfræðideildina sem prestaskóla en á síðari árum hefur námið orðið fjölbreyttara. Nýjar námsleiðir hafa verið stofnaðar og aukin áhersla verið lögð á trúarbragðafræði.

Hefðbundnar greinar guðfræðinnar, biblíufræði, kirkjusaga, trúfræði, trúarbragðafræði og siðfræði auk kennimannlegrar guðfræði gegna enn mikilvægu hlutverki í náminu. Ný sjónarhorn hafa hins vegar rutt sér til rúms innan þeirra. Til dæmis með tilkomu kvennaguðfræði, áherslu á áhrifasögu Biblíunnar og menningarfræði og þá ekki síst rannsóknum á trúarlegum stefnum í kvikmyndum.

Í guðfræðideild stunda um 150 stúdentar nám. Fastráðnir kennarar eru níu. Fimm prófessorar, einn dósent og þrjú lektorar. Allt starf deildarinnar er til húsa í Aðalbyggingu Háskólans. Nemendur hafa því gott aðgengi að kennurum.

Námsleiðir í grunnnámi eru: BA-nám í guðfræði, BA-nám í guðfræði, djáknanám og þverfaglegt nám í trúarbragðafræði

Framhalds- og viðbótarnám er: Mag. theol.-nám í guðfræði, embættispróf, MA-nám í guðfræði, MA-nám í trúarbragðafræði, Doktorsnám í guðfræði og 30e djáknanám



Hjalte Hugason, prófessor í guðfræði

## Grundvallarspurningar mannlegrar tilveru

„Í guðfræðideild eru stúdentahópar fámennir í flestum námskeiðum miðað við það sem gerist í stærri deildum. Við í guðfræðideild lítum á þetta sem kost vegna þess að skapandi samstarf kemst helst á þar sem maður talar við mann augliti til auglitis og af opnum huga,“ segir Hjalte Hugason prófessor.

„Raunin er líka sú að með kennurum og stúdentum skapast oft persónuleg kynni sem leiða til margra ára samstarfs sem oft lýkur með spennandi lokaverkefni.


Í guðfræðideild er fengist við ýmsa frumþætti vestrænnar menningar og grundvallarspurningar mannlegrar tilveru. Deildin vill að nemendur hennar verði læsir á trú og menningu samtímans og í stakk búinir til

að leiða aðra í glímu þeirra við lífsgátuna. Því óskar hún þess að nemendur hennar finni sér störf sem víðast í samfélaginu. Auk þess kostar hún kapps um að veita verðandi starfsfólki kirkjunnar haldgóða menntun.

Guðfræðideild mætir vaxandi samkeppni með því að fjölga námsleiðum og auka námsframboð. Nú er boðið upp á guðfræði sem auka- og aðalgrein til BA-prófs, til embættisprófs, MA-prófs og doktorsprófs. Hægt er að stunda djáknanám eftir tveimur leiðum og leggja stund á almenna trúarbragðafræði. Sumar þessara leiða eru starfsmiðaðar en aðrar ekki. Á fáum árum hefur deildin þróast úr prestaskóla í fjölbreytta guðfræði- og trúarbragðafræðideild.“

### Davíð Þór Jónsson, guðfræðinemi Vil verða prestur

„Á sínum tíma hætti ég í námi vegna anna en ég er kominn aftur í guðfræðina. Aðallega vegna þess að áhuginn hefur hreinlega aukist á ný. Mér leið ofboðslega vel í náminu á sínum tíma. Það var ótrúlega erfitt að ákveða að hætta en ég vildi þá frekar eltast við fræðina. Í dag gæti ég vel hugsað mér að verða prestur og það er markmið mitt núna. Ég stefni á að klára embættispróf árið 2010. Ég hef reyndar ekki kynnst starfi prests öðruvisi en að sækja kirkju og sem skjólstæðingur. Ástæðan fyrir því að ég ákvað að klára námið er aðallega vegna þess að ég er að verða fyrir straumhvörfum. Ég fann líka að ég var að verða ósáttur með það að klára ekki námið. Ég er trúður maður.“





## Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda

Langar þig að kynnst erlendum menningarheimum? Læra erlend tungumál og kynnst bókmenntum, kvikmyndum og menningu ólíkra þjóða?

Við deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda er boðið upp á fjölbreytt nám á eftirfarandi sviðum:

- Asíufræði: japanska og kínverska
- Norðurlandamál: danska, finnska, norska og sænska
- Helstu þjóðtungur Evrópu og Ameríku: enska, franska, ítalska, rússneska, spænska og þýska
- Fornmál: gríska og latína (dyr að menningu Evrópu frá upphafi)

Í náminu er kappkostað að nemendur nái hratt og örugglega tökum á því tungumáli sem þeir leggja stund á og kynnist menningu og þjóðfélagsaðstæðum viðkomandi málsvæðis. Rík áhersla er lögð á notkun netsins, kvikmynda, margmiðlunarefnis og tölva til að gera kennsluna lifandi og fjölbreytilega. Oft koma erlendir gestafræðimenn og taka þátt í kennslunni og í sumum greinum er boðið upp á námskeið erlendis eða að nemendur geti tekið hluta námsins við erlenda háskóla.

Með tungumálakunnáttu sinni og fræðilegri innsýn í málvísindi, bókmenntir og menningu afla nemendur sér þekkingar og færni til að takast á við áhugaverð alþjóðleg störf, t.d. í alþjóðasamskiptum, ferðapjónustu og viðskiptum eða störf tengd tungumálakennslu, þýðingum, fjölmiðlum, menningu, almannatengslum og stjórnsýslu.

Allar greinar deildarinnar er hægt að læra til BA-gráðu (3 ára nám) og sumar einnig til diplómagráðu (1½ árs hagnýtt nám) sem og til MA-gráðu (5 ára nám) eða M.Paed.-gráðu (4½ árs nám fyrir verðandi kennara).

Stefnt er að því að deildin, sem og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum sem er rannsóknaveitvangur deildarinnar, flytji í glæsilega nýja byggingu á háskólasvæðinu árið 2010. Þar verður fullkomin aðstaða til kennslu og rannsókna í erlendum tungumálum auk þess sem byggingin mun hýsa margvíslega starfsemi í tengslum við alþjóðlega miðstöð tungumála.

Er þetta ekki eitthvað fyrir þig?



Oddný G. Sverrisdóttir dósent við hugvísindadeild

## Sköpunargleðin virkjuð

„Hugvísindadeild er öflugur vettvangur skapandi samstarfs þar sem nemendur og kennarar takast sameiginlega á við flókin og ögrandi verkefni á fjölbreyttu fræðasviði. Við deildina er hægt að læra 30 námsgreinar svo sem heimspeki, tungumál, bókmenntir, sögu, menningarfræði, hagnýta ritstjórn, tákn málsfræði, umhverfis- og náttúrusiðfræði – auk óteljandi tengimöguleika. Þannig spannar deildin mjög vítt fræðasvið.“

Hugvísindin skírskota til fortíðar, vísa veginn til framtíðar og gefa nemendum þannig einstakt tækifæri til að öðlast dýpri skilning á samtímanum og sjálfum sér. Hugvísindadeild kappkostar að virkja sköpunarkraft nemenda og örva þá til dáða með því að virkja þá í samstarfi, koma fram við þá af virðingu og taka jákvætt undir hugmyndir þeirra.

Hugvísindadeild útskrifar nemendur sem eru vel menntaðir á því sviði sem þeir hafa valið sér, búa yfir gagnrýninni hugsun, eru færir um að greina flókin viðfangsefni og setja fram hagnýtar lausnir. Nemendur sem lokið hafa námi frá hugvísindadeild standa því sterkir að vígi þegar þeir koma út á vinnumarkaðaðinn, enda hefur sýnt sig að þeir yfirfæra þekkingu sína á flest svið íslensks samfélags og á alþjóðavettvangi.

Hugvísindadeild lagar námsframboð sitt að síbreytilegum kröfum og tækifærum samfélagsins með því að bjóða sifellt upp á nýjar og spennandi námsgreinar. Jafnframt leggur deildin áherslu á að rækta hinn klassíska menningararf með framboði greina sem dýpka skilning okkar á liðnum tíma, hugmyndum, menningu og sögu og tengja þetta við samtímann eftir því sem tilefni gefst.“

## Hlín Agnarsdóttir, leikhúsfræðingur og bókmenntafræðinemi „Háskólinn er toppurinn“

„Háskólinn er svo mikilvægur suðupottur af hugmyndum, fræðum, þekkingu, skemmtun og gleði. Þetta er ein af þessum ástæðum sem gerir það áhugavert að vera til. Fyrir mig skiptir miklu máli að vera í hvetjandi og skapandi umhverfi og Háskólinn hreinlega toppar það. Síðan er svo skemmtilegt samfélagið innan Háskólans þar sem fólk af öllum aldri hittist og talar sama tungumálið. Þarna má líka finna frábæra kennara. Fyrir mig er þetta líka sérstakt enda var ég hérna fyrir þrjátíu árum síðan. Síðan þá hefur gríðarlega mikið breyst, skólinn er ótrúlega víðsýnn og fræðisviðin hafa vikkad út. Háskólinn er toppurinn.“



## Sagnfræði- og heimspekideild

Í þessari deild eru tvö meginfræðasvið, heimspeki og sagnfræði, en auk þess er boðið upp á nám í klassískum fræðum, miðaldafræði og hagnýtri menningarmiðlun.

Heimspeki er tilraun til að svara grundvallarspurningum, hvort sem þær varða hversdagslega reynslu, efnið, sálina, hugsunina eða æðri mættarvöld. Nemendur eru þjálfaðir í gagnrýninni hugsun, nákvæmum lestri frumtexta og skýrri rökræðu.

Menntun í heimspeki hefur reynst feikigóð undirstaða á fjölmörgum sviðum þjóðlífsins. Meðal fyrrum nemenda má nefna alþingismenn, ráðherra, bæjarstjóra, stjórnarereindreka, þáttagerðamenn, blaðamenn, kynningarfulltrúa, textagerðarfolk, kennara, skáld, starfsmenn fjármálastofnana og kvikmyndagerðarmenn.

Grunnnámskeið veita yfirlit yfir heimspekisöguna og innsýn í helstu greinar heimspekinna: frumspeki, siðfræði, þekkingarfræði og rökfræði. Í málstofum og framhaldsnámskeiðum er leitað við að veita dýpri skilning á afmarkaðri sviðum og tilteknum kenningum.

Heimspeki er kennd til BA-, MA-, M.Paed. og Ph.D.-prófs, og 45 eininga MA-prófs í þremur greinum hagnýttar siðfræði.

Klassísk fræði (30 eininga námsbraut í BA-námi) fást við menningarheima Forngríkkja og Rómverja og arf þeirra. Þau eru í senn sagn- og bókmenntafræði, heimspeki og málvísindi: Þverfaglegur inngangur að grundvelli vestrænnar menningar.

Sagnfræði fæst við mannleg samfélög og einstaklinga, stjórnkerfi þeirra og stjórn mála, frelsi og ófrelsi, atvinnuvegi og efnahagslíf, hvers konar lífnaðarhætti og menningu í viðasta skilningi. Sagnfræðingar túlka og lesa heimildir á gagnrýnan og frjóan hátt. Því reynir á rökréttu hugsun, hugkvæmni og frumleika í starfi þeirra. Við miðlun sagnfræðilegs fróðleiks reynir líka á skýrleika í hugsun og leikni í meðferð máls. Sagnfræði er kennd á öllum námsstigum; til BA-prófs, MA-prófs og doktorsprófs.

Miðaldafræði dregur saman þekkingu á ólíkum sviðum, t.d. tungumálum, bókmenntum, sagnfræði eða tónlist, og nýtir hana við sérhæfðar og heildrænar rannsóknir á menningu þessa tímabils. Miðaldafræði er kennd til BA-prófs sem aukagrein.

Hagnýt menningarmiðlun er MA-nám sem byggist á þverfaglegu samstarfi með það að markmiði að tengja saman íslenska sögu og menningu og opna nemendum nýjar leiðir í miðlun rannsókna sinna og þekkingar. Áhersla er lögð á að nemendur ljúki miðlunarverkefnum, tileinki sér fjölbætta framsetningu efnis og öðlist reynslu sem geri þeim fært að vinna sjálfstætt á sviði miðlunar.



Vilhjálmur Árnason og Eggert Þór Bernharðsson

# Krafa um fagmennsku og sannleiksleit

„Í sagnfræði- og heimspekideild er skapandi samstarf á milli nemenda og kennara bæði í kennslu og rannsóknum. Í kennslunni, sem meðal annars fer fram í formi málstofa, er lögð áhersla á að virkja nemendur til rökræðu um viðfangsefnið,“ segir Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki.

„Í öflugum rannsóknarnámi deildarinnar er náð samstarf nemenda og kennara sem miðar að því að nemendur verði sem hæfastir á sínu sviði. Nemendur sem lokið hafa námi í sagnfræði- og heimspekideild hafa öðlast staðgóða þekkingu á námsefninu, tamið sér heiðarleg, fræðileg vinnubrögð og eru þjálfaðir í gagnrýnni hugsun. Þeir eru færir um að gera skýra og rökstudda grein fyrir skoðunum sínum og miðla þekkingu sinni í

rituðu og töluðu máli. Þeir hafa kynnst rótum menningar okkar og hugmyndasögu sem gerir þá vel læsa á umhverfi sitt. Þeir munu vinna störf sín af fagmennsku og hafa að leiðarljósi að virða það sem sannara reynist í hvívetna. Með þetta veganesti munu þeir geta haslað sér völl á margvíslegum starfsvettvangi.

Sagnfræði- og heimspekideild mun umfram allt kappkosta að veita nemendum vandaða menntun og góða aðstöðu til náms. Í deildinni verða kröfur um fagmennsku, sannleiksleit og gagnrýna hugsun hafðar í hávegum. Deildin mun forðast að skapa sér ímynd sem ekki er innstæða fyrir heldur sýna það í verki að nemendur geti fengið menntun á fræðasviðum deildarinnar sem stenst viðurkenndar gæðakröfur og alþjóðlegan samanburð.“

Atli Sigþórsson, nemi í sagnfræði

„Sagnfræðin nýtist vel í spurningakeppni“

„Það var nú eiginlega eðlileg þróun frá menntaskóla að fara í söguna. Ég hef líka áhuga á henni. Sjálfur hafði ég engar fastmótadar væntingar til námsins. En þetta reyndist auðveldara en ég hafði búist við. Það sem ég hef lært af þessu öllu saman er eiginlega bara þetta að mannskepan er ansi glötuð. Ég er bara búin að læra um hreint volæði mannkynsins. Held líka að það sé ansi lífseig myta að sagan spái eitthvað fram í tímann. En björinn og félagslífið heillar. Til þess að vera sanngjarn þá getur það verið ansi gaman að takast á við sagnfræðina.“





## Íslensku- og menningardeild

Hvað eiga Íslandsklukkan, máltaka barna, Hómerskviður, Citizen Kane, táknmálistúlkun, Mona Lisa og þýðingar sameiginlegt? Jú, nemendur í íslensku- og menningardeild glíma við þessi viðfangsefni og ótal önnur í þeim fjölbreyttu námskeiðum sem þar eru kennd. Námið býr fólk m.a. undir störf í mennta- og menningarstofnunum, við fjölmiðla, almannatengsl og bókaútgáfu, sem og frekara nám og fræðistörf.

Í íslenskunáminu er fengist við íslenskar bókmenntir og íslenska málfræði, frá upphafi ritaldar til okkar daga. Innan íslenskunnar er líka boðið upp á hagnýta íslensku þar sem nemendur fá yfirlit yfir meginatriði málkerfisins og eru þjálfaðir í að nota málið í ræðu og riti. Þá er ritlist nú kennd sem aðalgrein og er þar m.a. boðið upp á námskeið í sagna-, leikrita-, ljóða- og handritsgerð. Í tungutækni er viðfangsefnið notkun tölvu í tungumálum og notkun tungumála í tölvum og er samstarf um það nám við Háskólann í Reykjavík.

Sérstök námsbraut er í íslensku fyrir erlenda stúdenta. Einnig er boðið upp á stutta námsbraut í hagnýtri íslensku fyrir erlenda stúdenta.

Í almennri bókmenntafræði eru nemendur þjálfaðir í að lesa og túlka bókmenntir Vesturlanda og annarra heimshluta. Þá eru í boði námskeið í leikhúsfærðum auk þess sem nán tengsl eru við menningarfræði og kvikmyndfræði, en síðari greinin er nú kennd sem aðalgrein. Nám í listfræði veitir nemendum þekkingu í sögu myndlistar og þjálfun í að greina og túlka myndlistarverk og annað sjónrænt efni.

Í almennum málvísindum er fjallað um mannlegt mál frá sem flestum sjónarhornum, könnuð þróun tungumála, gerð þeirra og hlutverk. Í táknmálfræðum er m.a. kennd færni í íslensku táknmáli, málfræði táknmálsins og menning og saga heyrnarlausra. Í þýðingafærðum eru nemendur þjálfaðir í miðlun upplýsinga milli menningarheima og veitt innsýn í sögu þýðinga, allt frá fornöld til tölvuæddrar þýðingatekni nútímans. Í hagnýtri ritstjórn og útgáfu er lögð áhersla á að búa nemendur undir ritstörf og ritstjórn af ýmsum tagi.



Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor í íslensku- og menningardeild

## Menntum fólk til forystu

„Kennsla í íslensku- og menningardeild byggist mjög á virkri þátttöku nemenda í umræðum og samræðum og einnig á ritgerðum þar sem þekking og frumleiki nemenda fær að njóta sín undir leiðsögn kennara,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson prófessor í íslensku- og menningardeild. Eiríkur segir að deildin leggi mikla áherslu á að ráða nemendur sem aðstoðarmenn kennara, bæði við kennslu og rannsóknarverkefni. Í slíkum verkefnum skapist oft nán samvinna þátttakenda sem bæði kennarar og nemendur læra mikið af.

„Íslensku- og menningardeild menntar fólk til skapandi starfa og forystu í íslenskum fræðum, menningu og listum á öllum sviðum þjóðlífsins – við rannsóknir, í mennta- og menningarstofnunum, í fjölmiðlun og bókaútgáfu, í viðskiptalífinu og víðar,“ segir Eiríkur.

„Deildin er þess fullviss að sú fjölbreytta menntun sem hún veitir geri nemendum kleift að sinna þessum störfum með sóma og reisu, en jafnframt af samviskusemi og heiðarleika.“

„Þótt kennslugreinar íslensku- og menningardeildar séu ekki kenndar við aðra íslenska háskóla á deildin vitaskuld í harðri samkeppni við aðrar fræðigreinar og erlenda skóla og í þeirri samkeppni þýðir ekki annað en standa sig. Deildin vinnur sífellt að því að styrkja sig í samkeppninni með því að bjóða upp á fjölbreyttara og sveigjanlegra nám, þverfaglegar námsleiðir og gagnvirka kennsluhætti, en einnig með öflugum og frjóum rannsóknum á meginsviðum íslenskra fræða, menningar og lista. Frumleiki og nýsköpun í kennslu og rannsóknum einkennir deildina og skilar af sér nemendum sem búa yfir þekkingu, dugnaði og dirfsku sem gagnast þeim í hvers kyns viðfangsefnum og störfum.“

## Blundar rithöfundur í þér?

Oft heyrir staðhæft að allir Íslendingar séu rithöfundar og allir eigi þeir eitthvað í skúffunum – hvort sem þeir þori að viðurkenna það eða ekki. Það er því ekki að undra að ritlist skuli hafa verið kennd innan íslenskuskorar í tvo áratugi. Um skeið hefur verið hægt að taka ritlist sem aukagrein en til að svara eftirspurn nemenda hefur verið ákveðið að frá næsta hausti verði ritlist einnig kennd sem 60 eininga aðalgrein við nýja íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands.

Í ritlist er fengist við hið ritaða orð á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Í sérhæfðum ritlistarnámskeiðum fá nemendur innsýn og þjálfun í ritun texta. Þar er t.d. kennd sagnagerð, ljóðagerð, smíði kvikmyndahandrita o.fl., en aðaláherslur fara gjarnan eftir þeim sérfræðingum sem kenna námskeiðin hverju sinni. Að auki verða almenn inngangsnámskeið um bókmenntafræði, strauma og stefnur í bókmenntum, íslenska og almenna bókmenntasögu og fleira sem nýtist nemendum vel við skriftirnar.

Ritlist er ekki einungis fyrir upprennandi rithöfunda með skálddrauma. Textasmíð á einn eða annan hátt kemur inn á ótal svið samfélagsins og nýtist við ólíklegustu störf. Þeir sem hyggja á frama í kennslu, leikhúsum, félagsmiðstöðvum o.þ.h. njóta góðs af þessu námi og sömu sögu er að segja um þá sem starfa við auglýsingagerð, fjölmiðla, kynningarstörf og fleira. Þetta eru aðeins nokkur dæmi þar sem nám og reynsla af ritlist kemur til góða.



## Ekkert skortir í kvikmyndafræðinni, nema kannski poppið

Öruggt er að fáum finnst kvöð að vera skyldaðir til að horfa á bíómyndir. Í kvikmyndafræðinni við Háskóla Íslands er allt undir – frá spaug sömum dellumyndum til hádrámatískra búningamynda og auðvitað allt þar á milli. Það er allt gert til að tryggja að saman fari góð skemmtun og akademísk fræði, ekkert skortir nema kannski poppið og kókið.

Nemendur í kvikmyndafræði fá yfirlit yfir sögu kvikmynda og þjálfun í að skilja og túlka kvikmyndir frá ýmsum tímum og þjóðlöndum út frá mismunandi sjónarhornum. Þá kynna þeir sér helstu hugtök og vinnuaðferðir kvikmyndafræðanna og þjálfast í að fjalla um kvikmyndir og annað myndefni og texta á fræðilegan hátt.

Kvikmyndin er alþjóðlegt listform og miklu máli skiptir fyrir íslenskt menningarlíf að hér myndist kvikmyndamenning sem byggist á tengslum við aðra menningarheima. Markvisst nám í kvikmyndafræði á háskólastigi er nauðsynlegur liður í slíkri menningarmótun.

Nemendum í öðrum greinum er velkomið að taka námskeið í faginu, enda eitt af markmiðunum með kennslu í kvikmyndafræði að skapa mikilvæg tengsl við svið sem fyrir eru í íslensku- og menningarheild, svo sem bókmenntir og listfræði. Kvikmyndafræðin eru í miklum blóma og hafa á stuttum tíma komið út nokkrar bækur á íslensku í faginu, bæði með frumsömdum greinum eftir íslenska höfunda og bækur með þýddum erlendum greinum.

## Svalir raunvísindamenn

### 180 ára gömul tækni notuð til að lina sársauka vegna íþróttameiðsla

Við Háskóla Íslands hafa nemendur þróað tæki sem lina sársauka við íþróttameiðsl. Tækið byggist á 180 ára gamalli tækni – sem reyndar hefur verið snúð á haus við gerð SportCool-tækisins.

Þorsteinn I. Sigfússon, prófessor við Háskóla Íslands, og samstarfsmenn hans, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal og Sigurður Örn Aðalgeirsson, eru hugmyndasmiðir SportCool-tækisins svokallaða sem ætlað er að lina kvalir við íþróttameiðsl. Verkefnið hlaut önnur verðlaun í samkeppninni Upp úr skúffunum árið 2006 og sama ár hlutu Jón Steinar og Sigurður Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir verkefnið.

Hugmyndin að SportCool á rætur að rekja til sérstakrar varmarafmagnsaðferðar sem hefur verið þekkt í um það bil 180 ár og byggist á því að tveir samtengdir ólíkir málmar snúa áttavitanálf af eðlilegri stefnu við mismunandi



Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdarstjóri CCP og tölvunarfræðingur

## Félagsskapurinn skipti öllu

„Mér hafði gengið ágætlega í framhaldsskóla og svo hvöttu foreldrar, afar og ömmur mig til þess að fara í Háskóla Íslands. Þá var ég ekki viss hvað ég vildi læra. Valið stóð á milli efnafræðinnar, líffræði og tölvunarfræði. Af einhverjum ástæðum endaði ég í tölvum enda blundaði ávallt í mér smá tölvunörd. Þetta var sennilega árið 1993 en þá var nokkuð í tölvubyltinguna. Þess vegna sá ég aldrei fyrir mér hvað ég ætti að gera af mér eftir nám. Það breyttist þó fljótlega eftir að netið varð að veruleika,“ segir Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdarstjóri tölvuleikjarisans Íslenska,

CCP en hann er tölvunarfræðingur frá Háskóla Íslands.

„Það undarlega við að fara í Háskólann var sennilega sjokkið sem fylgdi náminu. Skyndilega þurfti ég að fara læra eins og brjálæðingur. Að auki var ég í aukavinnu með OZ á þeim tíma. En það sem skipti mig mestu máli voru skoðanaskiptin á milli bekkjarfélaga minna. Það er það sem ég er þakklátastur fyrir. Svo er ég ótrúlega stoltur að hafa þrjúkast í gegnum námið auk þess að vinna fulla vinnu með OZ.“



hitastig. Þá myndast segulsvið umhverfis málmbýnnurnar, en það segulsvið orsakast af spenninum milli platananna.

SportCool-tækið snýr þessu ferli við og notaður er rafstraumur til að stjórna nákvæmlega hitamun milli tveggja málmskifa. Komið hefur í ljós að hálfleiðarar gefa mestan hitamun. Þessir eiginleikar hafa verið nýttir við hönnun

á SportCool-tækinu til þess að lina sársauka við íþróttameiðsl. Í stað íspoka og kælivökva kemur kæling sem hægt er að stýra nákvæmlega og draga þannig úr hættu á ofkælingu og vefjaskemmdum. Tækið mun einnig nýttast í meðferð þar sem þörf er á kælingu til að draga úr sársauka sem fylgir bólgum og liðaskemmdum.





## Hvar býr keisarinn í Kína?

Ísland er óralengt frá Asíu í kílómetrum talið og kannski enn lengra í menningu, en fjarlægðirnar skipta ekki svo miklu máli í hröðum samskipta- og ferðamáta nútímans og þjóðir sem áður áttu lítið sameiginlegt tengjast nú óðar nánnum böndum á öllum sviðum mannlífsins.

Við Háskóla Íslands hefur japanska verið kennd um nokkurt skeið en frá og með síðastliðnu hausti gefst nemendum einnig kostur á að læra kínversk fræði við skólann.

Geir Sigurðsson, forstöðumaður Asíuseturs á Íslandi, segir námið taka mið af þeim róttæku breytingum sem á undanföllum áratugum hafa átt sér stað í Kína sem og stöðu landsins á alþjóðavísu hvað varðar viðskipti, stjórnmál, menningarmál og alþjóðleg samskipti.

„Þannig er áhersla námsins á Kína samtímans, en þó með sterkri hliðsjón af sögu og fornri menningu Kínverja enda útilokað að öðlast fullnægjandi skilning á kínversku nútímasamfélagi án þekkingar á þessum þáttum,“ segir Geir og bætir því við að námið feli í sér mikla tungumálaþjálfun og ættu nemendur að vera orðnir vel mælendí á kínversku að námi loknu.

Í dag er kínverska kennd sem námsleið til 30 eininga en vilji nemendur læra meira geta þeir tekið hana sem stærri hluta innan Austur-Asíufræða sem felur í sér námsdvöl við kínverskan háskóla. Sem stendur eru samstarfsskólarnir þrír, Ningbo-háskóli, sem ásamt Háskóla Íslands vinnur að uppsetningu Konfúsíusarstofnunar við Háskólann næsta vor, Fudan-háskóli í Shanghai og Jilin-háskóli í Changchun. Á næstunni mun háskóli í Beijing bætast í hópinn.

Að sögn Geirs er námsleiðin þverfagleg í eðli sínu þótt hún sé kennd innan hugvísindasviðs og gert er ráð fyrir að önnur svið leggi til námskeið í hana í framtíðinni.



# Júdo, tedrykkja og japanskt rapp

- Japanshátíð er ómissandi árlegur viðburður

Enginn ætti að láta hina árlegu Japanshátíð fram hjá sér fara – það sýndi hin nýafstaðna hátíð sem var samvinna japönskunema, sendiráðs Japans og Japana sem búa hér á landi. Hátíðarsalur í Aðalbyggingu og nærliggjandi kennslustofur voru troðfullar af gestum frá opnun til lokunar og kunnu þeir sannarlega vel að meta það sem í boði var, þeir allra djörfustu spreyttu sig meira að segja í karókí!

Aðstandendur hátíðarinnar settu skemmtilegan blæ á viðburðinn með því að klæðast hefðbundnum japönskum fatnaði og meðal stærri viðburða voru teathöfn með tesíðameistara, japanskar bardagalistir og spurningakeppni.

Einnig gafst gestum tækifæri á að bragða á japönskum mat sem er heimsfrægur, fá nafn sitt skrifað með japönsku lettri og skoða origami, japanskt pappírsmat. Nemar í japönskum fræðum sáu um kynningar og fræddu gesti um ýmsa þætti japanskrar menningar svo sem hryllingssögur, japanska rapp-tónlist, ninjamenningu og súmóglímu. Einnig gátu gestir spreytt sig á japönsku borðspilunum igo og shogi og skoðað ljósmyndir skiptinema frá Japan.

Japanshátíð er prýðisgott dæmi um fjölbreytni japanskrar menningar og það víða svið sem nám í japönsku fræðum spannar, en japanska hefur verið kennd við Háskóla Íslands frá haustinu 2003.

## Marta Rós Karlsdóttir, nemi í véla- og iðnaðarverkfræði „Óendanleg tækifæri í orkumálum“

„Ég valdi þetta nám aðallega vegna þess að ég hef mikinn áhuga á orkunýtingu. Þetta nám líkist helst orkuverkfærðinni. Ég ákvað fyrir löngu að hrærast í orkumálum enda heilla þau mig nokkuð. Ég fór reyndar fyrst til Noregs þar sem ég lærði orkuverkfærðina. Það er náttúrulega óendanlega mikið af tækifærum í þessum bransa. Áhuginn hefur líka aukist gríðarlega undanfarið ár og þá sérstaklega þegar orkumálin voru á oddinum í REI-málinu. Þetta er kannski hin nýja viðskiptafræði. Andrúmsloftið í deildinni er líka gott, sérstaklega á milli nemanda og kennara.“



# Menntavísindasvið


Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, íþróttافرæðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Nemendur læra um mismunandi kennsluaðferðir, þroska barna og unglinga, stjórnun, stefnumótun og aðferðafræði rannsókna. Í öllum fjórum deildum menntavísindasviðs er rík áhersla lögð á tengsl við væntanlegan starfsvettvang.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# MENNTAVÍSINDASVIÐ



## Menntavísindarannsóknir skapa mikilvæga þekkingu

Á menntavísindasviði eru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á sviði menntunar, uppeldis og þjálfunar í þeim tilgangi að skapa nýja þekkingu íslensku samfélagi til hagsbóta. Lögð er áhersla á að skipulag og þróun í íslenskum fræðslu- og menntamálum sé byggð á bestu fánlegri þekkingu á hverjum tíma.

Nú eru starfandi fjórar rannsóknastofur á menntavísindasviði, Rannsóknastofa í menntunarfræði ungra barna, Rannsóknastofa í fjölmenningsfræðum, Rannsóknastofa um þroska, mál og læsi barna og unglunga og

Rannsóknarstofa í íþrótt- og heilsufræði. Fleiri rannsóknarstofur eru í undirbúningi og er stefnt að því að efla starf þeirra á næstu árum. Markmið rannsóknastofanna er að auka og efla rannsóknir og miðla þekkingu út í samfélagið, en það gera þær m.a. með ráðstefnum og málþingum.

Meðal rannsókna sem nú eru í gangi er rannsókn á lífsstíl 7-9 ára grunnskólabarna, rannsókn á viðhorfi og skilningi ungra barna á ýmsum þáttum í daglegu lífi þeirra og skólagöngu, rannsókn á skólaþróun í

fjölmennings-samfélagi á Íslandi sem tekur til allra skólastiga og rannsókn á þroska leik- og grunnskólanema.

Auk rannsókna sem rannsóknastofurnar standa fyrir eru unnar fjölmargar aðrar rannsóknir á sviðinu. Má þar nefna rannsókn á atferlisvandamálum í grunnskólum Reykjavíkur, rannsókn á lífsstíl 9 og 15 ára Íslendinga, rannsókn á þekkingu barna á ofbeldi á heimilum og rannsókn menntun nemenda með þroskahömlun í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.



## Kennaradeild

Í kennaradeild er boðið upp á fjölbreytt og metnaðarfullt nám fyrir verðandi kennara í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Nemendur læra um nám og þroska, uppeldi og menntun frá sjónarhóli menntunarfræði, sálfræði, félagsfræði, heimspeki og siðfræði. Jafnframt er lögð rík áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang. Kennaradeild er stærsta deild menntavísindasviðs en við deildina stunda um 1.700 nemendur nám. Við deildina starfa helstu sérfræðingar á sviði menntavísinda á Íslandi.

### Grunnskólakennarafræði

Stúdentum gefst kostur á að sérhæfa sig í kennslu yngstu barnanna í grunnskóla, kennslu barna á miðstigi eða í kennslu tiltekinnar greinar í grunnskóla.

Þeir sem velja að sérhæfa sig í kennslu yngstu grunnskólubarnanna öðlast þekkingu á helstu hugmyndum um nám og kennslu barna og innsýn í margar námsgreinar.

Þeir sem sérhæfa sig í kennslu grunnskólubarna á miðstigi þurfa að námi loknu að hafa gott vald á kjarnagreinum grunnskólans, íslensku og stærðfræði og þar að auki á tveimur öðrum námsgreinum.

Nemendur sem kjósa að sérhæfa sig í tiltekinni kennslugrein geta tekið allt að helming B.Ed.-námsins í þeirri grein.

Kennslugreinar grunnskóla sem hægt er að sérhæfa sig í:

- Íslenska – Íslenskt tákni – Danska
- Enska – Hönnun og smíði
- Samfélagsgreinar – Stærðfræði
- Náttúrufræði – Myndmennt – Tónlist, leiklist og dans – Textílmennt – Upplýsingatækni
- Heimilisfræði

### Leikskólakennarafræði

Í náminu kynnast nemendur kenningum og aðferðum við uppeldi og kennslu leikskólubarna. Nemendur kynnast sálfræðilegum kenningum um vitrænan þroska, tilfinningaþroska og þróun tilfinningalegra tengsla.

Markmið námsins er að kennaraefnin fái heildarsýn á starfssemi leikskólans, hugmyndafræði leikskólauppeldis og það menningar- og menntahlutverk sem leikskólinn gegnir í lífi ungra barna. Nemendur læra að skipuleggja námssvið leikskólans í tengslum við menningu, náttúru og samfélagið sem við lifum í og taka mið af því að leikurinn er náms- og þroskaleið barnsins.

### Kennsluréttindanámi

Námið er ætlað þeim sem vilja starfa við kennslu í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla og hafa meistarárþing í iðngrein.



Anna Kristín Sigurðardóttir, forstöðumaður kennaradeildar

# Áhersla á fjölbreytni

„Í kennaradeild mynda kennarar og nemendur virkt lærdómssamfélag um skólastarf,“ segir Anna Kristín.

„Í nemenda- og kennarahópnum er fólk með margvíslega reynslu og sérsvið sem leiðir af sér frjóar og skapandi umræður um breytileg viðfangsefni kennarans.“

Í kennaradeild eru menntaðir verðandi kennarar á öllum skólastigum og í fullorðinsfræðslu. Námið undirbýr fólk undir starf þar sem tekist er á við fjölbreytt og vandasöm viðfangsefni þar sem reynir á fræðilega þekkingu um nám og kennslu ásamt færni í samskiptum og miðlun.

Námið undirbýr nemendur undir fjölbreytt dagleg viðfangsefni en ekki síður undir það að verða leiðtogar hver á sínu sviði sem leiða framtíðarþróun skólastarfs í landinu.

Mikil áhersla er lögð á fjölbreytni bæði í námsframboði og námsaðferðum þannig að hver og einn nemandi getur mótað sitt nám í samræmi við sitt áhugasvið og hvert hann stefnir varðandi væntanlegan starfsvettvang. Nýjar námsleiðir verða til nánast á hverju ári til að bregðast við breyttum áherslum í samfélaginu. Flest öll námskeið er unnt að taka bæði í fjarnámi og staðnámi.“

## Atli Kristinsson, kennari í Landakotsskóla Vettvangsnámið mikilvægt

„Námið hjálpaði mér að komast af stað í kennslunni,“ segir Atli Kristinsson kennari í Landakotsskóla sem lauk B.ed-námi fyrir grunnskólakennara vorið 2007.

„Æfingakennslan hjálpaði manni langmest en eftir á að hyggja hefði gagnast mjög vel að læra meira um aga- og bekkjarstjórnun vegna þess að í stórfum grunnskólakennara fer töluverður tími í slíka hluti.“





## Íþróttá- og heilsufræðideild

Við Íþróttá- og heilsufræðideild er boðið upp á grunnám til BEd- og BS-gráðu og meistaranám til MEd- og MS-gráðu. Aðalmarkmið grunnnámsins er að búa nemendur undir störf á sviði kennslu, íþróttáþjálfunar, heilsuþjálfunar og stjórnumar á sviði íþróttá og heilsuræktar. Í meistaranámi er auk þess markmiðið að auka þekkingu og færni í þróunarstarfi, rannsóknnum og akademískum vinnubrögðum.

Íþróttá- og heilsufræði til BEd- og BS-gráðu Í náminu er lögð áhersla á að auka þekkingu nemenda á heilsu, vexti, þroska, hreyfingu og lífsstíl barna og unglinga, sem og fullorðinna og aldraðra. Meðal kennslugreina eru líffæra- og lífeðlisfræði, hreyfingarfræði, næringarfræði, heilsufræði, félagsfræði, kennslufræði, sálfræði, útivist og ýmsar íþróttageinar.

Tvær námsleiðir eru í boði, BEd- og BS-nám. Grunnám veitir réttindi til kennslu í íþróttum á öllum skólastigum.

Áherslur í BEd-námi miða að því að búa nemendur undir kennslu í íþróttum og heilsurækt í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Lögð er áhersla á að nemendur fái viðtæka og góða þekkingu á sviði hreyfingar og heilsu og verði m.a færir um að efla heilsuuppeldi í skólum.

Áherslur í BS-námi miða að því að búa nemendur undir fjölbreytt störf á sviði heilsuræktar m.a. við þjálfun íþróttafólks, þjálfun í heilsuræktarstöðvum, þjálfun aldraðra og við æskulýðs- og félagsmálastörf hjá sveitarfélögum.

Íþróttá- og heilsudeild er í alþjóðlegu samstarfi við nokkra háskóla á Norðurlöndum. Almenn nemendaskipti eru í grunnnámi og einnig er samnorrænt skipti- og útivistarnám. Nemendur geta t.d. tekið eins árs nám í útivist sem hluta af grunnnámi. Íþróttá- og heilsudeild er einnig aðili að Evrópsku meistaranámi "European master in health and physical activity" og geta nemendur tekið námskeið.

Íþróttá- og heilsudeild er staðsett á Laugarvatni. Þar er vaggá íþróttáfræðinnar á Íslandi og framúrskarandi aðstaða til náms, rannsókna og kennslu.

Ann Helen Odberg forstöðumaður íþróttá- og heilsufræðideildar

# Fjölskylduvænt umhverfi

„Við Íþróttá- og heilsufræðideild er lögð rík áhersla á að mennta öflugra kennara og íþróttá- og heilsuþjálfara enda eru fræðimenn deildarinnar leiðandi í rannsóknum á sviði íþróttá og heilsu á Íslandi.

Nemendur í grunnnámi fá viðtæka og góða þekkingu á sviði hreyfingar, heilsu og útivistar, en framtíðar starfsvettvangur nemenda er skólar, íþróttáþjálfun, þjálfun á heilsuræktarstöðvum, þjálfun almennings og við æskulýðsstörf.

Í meistaranámi er lögð áhersla að auka þekkingu og færni nemenda í þróunarstarfi og rannsóknum. Íþróttá- og heilsufræðideild er í öflugum alþjóðlegu rannsóknasamstarfi við háskóla á Norðurlöndum og í Evrópu og geta nemendur tekið hluta af sínu námi erlendis.

Brautskráðir nemendur frá íþróttá- og heilsufræðideild starfa á mjög fjölbreyttum vettvangi atvinnulífsins og koma að mörgum verkefnum er lúta að bættari heilsu landans.

Íþróttá- og heilsufræðideild er staðsett á Laugarvatni. Þar er vaggá íþróttáfræðinnar á Íslandi og framúrskarandi aðstaða til náms,



útivistar, fjölskyldulífs, rannsókna og kennslu. Kennarar og nemendur mynda heildstæða einingu þar sem rannsóknir og nám haldast í hendur. Samfélagið á Laugarvatni er mjög fjölskylduvænt. Þar er leik-, grunn- og framhaldsskóli og fjölbreytt íþróttastarf barna, foreldra og nemenda."

## Elisabet Gunnarsdóttir, íþróttakennari og þjálfari kvennaliðs Vals „Námstíminn á Laugarvatni einstakur“

„Námstíminn á Laugarvatni var einstakur,“ segir Elisabet Gunnarsdóttir íþróttakennari og þjálfari íslandsmeistara kvennaliðs Vals í knattspyrnu en hún útskrifaðist úr náminu árið 1999.

„Mig dreymdi alltaf um að vera þjálfari í fullu starfi og ná faglegum árangri á þeim vettvangi og það hefur gengið eftir,“ segir Elisabet hógvæn en liðið sem hún hefur þjálfað s.l. fjögur ár vann Íslandsmeistaratitilinn þrisvar sinnum á þeim tíma.

Elisabet starfar einnig í Knattspyrnuakademíu Íslands í Körnum í Kópavogi og rekur Laser-tag sal í sama bæjarfélagi.

Nám íþróttakennara fer að mestu leyti fram á Laugarvatni og segir Elisabet dvölina þar hafa verið frábæra þótt námið hafi vissulega verið krefjandi. „Þarna voru góðir kennarar og það var mikil tilbreyting fólgin í því að dvelja á heimavist þar sem nálægðin við kennara og samnemendur var mikil og þar ég eignaðist vini sem enn hittast í hverjum mánuði, nær 10 árum eftir útskrift.“

Fagþekking í íþróttáfræði og þjálfun er mjög mikilvæg að mati Elisabetar sem segir námið á Laugarvatni í heild sinni hafa verið mjög gott. „Námið hefur nýst mér vel í starfi og enn í dag glugga ég í gömlu kennslubækurnar til að rifja upp.“





## Þroskaþjálf- og tómsundafræðideild

Í þroskaþjálf- og tómsundafræðideild er boðið upp á nám í þroskaþjálf- og tómsunda- og félagsmálafræði. Lögð er áhersla á að nemendur fái trausta vísindalega fagþekkingu, leikni í skilvirkum starfsháttum og góða þjálfun á væntanlegum starfsvettvangi. Þroskaþjálfar og tómsundafræðingar starfa á sviði menningar- og menntamála, félagslegrar þjónustu og á vettvangi tómsunda og heilbrigðiskerfis. Þessar fagstéttir þjóna fólki á öllum aldri og standa vörð um og efla hagsmuni þeirra og réttindi. Þær byggja m.a. störf sín á teymisvinnu með öðrum fagstéttum og taka að sér stjórnunar og ráðgjafarstörf á vettvangi að námi loknu.

Nám í þroskaþjálf- og tómsundafræði miðar að því að nemendur öðlist sérfræðiþekkingu og hæfni til þess að veita fötluðu fólki fjölbreytilega þjónustu og ráðgjöf í samfélaginu í þeim tilgangi að styðja við fullgilda samfélagsþátttöku þeirra, jafnrétti og lífsgæði á við aðra.

Meginfræðasvið í námi þroskaþjálf- og tómsundafræði eru þroskaþjálf- og tómsundafræði, félagsfræði, þroskafræði og siðfræði. Nemendur kynnast þróun kenninga og hugmynda um fötlun og fá innsýn í nýjar íslenskar og erlendar rannsóknir og áherslur í búsetu-, atvinnu-, skóla- og fjölskyldumálum. Fjölbreytilegar þjónustuþarfir og aðstæður fatlaðra eru í brennidepli svo og úrræði, nálganir og aðferðir til þess að mæta þeim.

Nám í tómsunda- og félagsmálafræði veitir sérþekkingu til starfa á sviði tómsunda- og félagsmála. Í náminu tileinka nemendur sér þekkingu á gildi, þýðingu og hlutverki tómsunda í nútímasamfélagi. Markmiðið er að þeir fái heildarsýn á þá starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og menningar- og uppeldishlutverk tómsundastarfs.

Megingreinar eru tómsundafræði, sálfræði, félagsfræði og siðfræði. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að stjórna, skipuleggja, framkvæma og meta tómsundastarf.

Vilborg Jóhannsdóttir, forstöðumaður þroskaþjálf- og tómsundafræðideildar

# Mjög fjölbreyttur starfsvettvangur

„Þroskaþjálf- og tómsundafræðideild er fremur lítil deild sem einkennist af nánum og skapandi samskiptum nemenda og kennara sem meðal annars verða til með krefjandi og hagnýtum verkefnum, lifandi umræðum, vettvangs- og útivistarferðum,“ segir Vilborg Jóhannsdóttir.

„Fjöldi metnaðarfullra kennara starfa við deildina og eru þeir allir í góðum tengslum við starfsvettvang. Lögð er rík áhersla á virk samskipti og virðingu sem og að gefa nemendum tækifæri til að móta hugmyndir ásamt kennurum sínum og leggja grunn að spennandi verkefnum og rannsóknum í nánum tengslum við starfsvettvanginn.“

Í þroskaþjálf- og tómsundafræðum eru gerðar væntingar til nemenda um að vera leiðandi í starfi og stefnumótun málaflöksins í samstarfi við fatlaða bæði héraðs og erlendis. Í náminu er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð, hugmyndafræði og stefnumótun. Jafnframt er unnið að því að efla áhuga nemenda á stöðu fatlaðra á Íslandi, gera þá meðvitaða um hlutverk sitt og starf með hag og réttindi fólks með fötlun að leiðarljósi.

Við viljum útskrifa framúrskarandi tómsundafræðinga sem hafa þekkingu á öllum sviðum frítímans. Mikil áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, siðferði, réttisýni og færni þeirra til að sjá um starfsemi á sviði tómsunda-



og félagsmála fyrir alla aldurshópa. Deildin væntir þess að tómsundafræðingar sem útskrifast frá deildinni starfi ötullega að því að sem flestir njóti allra kosta faglegs tómsundastarfs.

Námið er leiðandi á landsvísu og þetta er eina háskólaeild landsins sem býður upp á BA- og M.ed.-nám í þroskaþjálf- og tómsunda- og félagsmálafræðum. Nemendur eiga kost á að sækja um námsdvöl á erlendum vettvangi í eitt misseri.

Starfsvettvangur beggja fagstétta er mjög fjölbreyttur. Þroskaþjálfar starfa vítt og breytt í velferðarkerfinu í þágu fatlaðs fólks á öllum aldri, bæði við stjórnun og á vettvangi. Starfsvettvangur tómsunda- og félagsmálafræðinga er t.d. félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, ungmennahús, íþróttafélög, grunnskólar, leikskólar, þjónustumiðstöðvar aldraðra, starf með fötluðum, skrifstofur íþrótt- og tómsundamála og svo mætti áfram telja.“

## Björn Ágúst Magnússon, BA-nemi í þroskaþjálfun „Réttindagæsla skjólstæðinga verður hluti af mínu starfi í framtíðinni“

„Réttindagæsla skjólstæðinga verður hluti af starfi mínu sem þroskaþjálfari,“ segir Björn Ágúst Magnússon, BA-nemi í þroskaþjálfun en hann er staðráðinn í að láta gott af sér leiða.

„Mannréttindabaráttan hefur breyst til batnaðar síðastliðin 10 ár en samt er mikið verk óunnið fyrir þá sem stunda nám í þroskaþjálfun og vil ég leggja mitt af mörkum.“

Undanfarin ár hefur Björn unnið sem stuðningsfulltrúi á sambyli og leikskóla en ákvað haustið 2007 að fara í Háskólann. „Ég vildi læra meira um fatlanir, þroska og verða hæfari til þess að sinna starfinu þannig að skjólstæðingar mínir njóti góðs af.“

Björn stefnir á framhaldsnám eftir að hann öðlast reynslu sem þroskaþjálfari. „Mig langar til að stunda rannsóknir sem nýtast fólki með fötlun og annarra sem þurfa á þjónustu þroskaþjálf- og tómsundafræðinga að halda.“





Meistara- og doktorsnám á menntavísindasviði

# Framhaldsnám stóreflt og tækifæri til rannsókna aukin

Í öllum deildum menntavísindasviðs er nú boðið upp á meistaranám. Framboð námskeiða hefur aukist mikið og námsleiðum fjölgað. Í vor verður farið af stað með nýtt alþjóðlegt nám í menntunarfræði.

Meistaránamið er skipulagt sem eðlilegt framhald náms til bakkalágráðu en er ekki síður ætlað starfandi kennurum og öðrum sem lokið hafa bakkalágráðu á sviði uppeldis- og menntunar, íþrótta- og heilsufræði, tómsunda- og félagsmálafræði og þroskajálfafraði.

Allir sem hafa lokið háskólagráðu á sviði uppeldis, menntunar eða umönnunar eða skyldu sviði t.d. sálfræði, félagsfræði, félagsráðgjöf geta sótt um inngöngu í meistaranámið.

Í meistaranáminu búa nemendur sig undir fjölbreytileg störf við rannsóknir á sviði uppeldis og kennslu, menntunar og umönnunar eða störf þar sem rannsóknir eru nýttar við stefnumótun og stjórnun í skólakerfinu sem og annars staðar í atvinnulífinu.

## Meistaránám í menntunarfræði

Nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína í uppeldis- og menntunarfræði, efla starfshæfni sína og sérhæfa sig á afmörkuðum fræðasviðum. Hægt er að ljúka meistaranámi í menntunarfræði með MEd eða MA gráðu.

Nemendur geta sérhæft sig á ýmsum spennandi sviðum:

Fjölmennning

Fræðslustarf með fullorðnum – mannauðsprófun

Heimspæki menntunar

Íslenska – íslenskukennsla

Kennslufræði og skólastarf

Listmenntun – listasaga – verkmenntun  
Mál og læsi  
Menntunar- og kennslufræði yngri barna  
Náttúrufræðimenntun  
Sérkennslufræði  
Stjórnunarfræði menntastofnana  
Stærðfræðimenntun  
Upplýsingatækni og miðlun

## Alþjóðlegt nám í menntunarfræði

Með þessari nýju námsleið er opnuð ný leið fyrir tiltekinn markhóp stúdenta sem hefur áhuga á heildstæðu alþjóðlegra námi í menntunarfræðum en hingað til hefur verið í boði á Íslandi og hefur t.d. hug á að starfa í alþjóðlegu skólaumhverfi á Íslandi eða í öðrum löndum. Kennsla fer fram á ensku.

## Meistaránám í íþrótta- og heilsufræði

Í náminu er lögð áhersla á að auka þekkingu og færni nemenda í fræðilegum vinnubrögðum sem tengjast þróunarstarfi og rannsóknum.

Meðal kennslugreina eru aðferðafræði, þjálfunarlífeðlisfræði, faraldsfræði hreyfingar, líkamssamsetning og matsaðferðir, vöxtur, þroski og hreyfing barna, öldrun og hreyfing og íþróttir og næring. Tvær námsleiðir eru í boði, MEd.- og MS. nám.

Meistaránám í íþrótta- og heilsufræði er samstarfsverkefni íþrótta- og heilsufræðideildar menntavísindasviðs og heilbrigðisviðs.

## Meistaránám í tómsunda- og félagsmálafræði

Nemendur öðlast skilning á þeim stofnunum og samtökum í velferðarkerfinu sem hafa með starfsemi í frítímanum að gera og um leið fá þeir

tækifæri til að efla hæfni sína sem framsæknir stjórnendur á sviði tómsunda og félagsmála. Tómsunda- og félagsmálafræði er stækkandi fagsvið og störfum á vettvangi frítímans og tómsunda mun fjölga umtalsvert á næstu árum.

## Meistaránám í þroskajálfafraði

Nemendur geta sérhæft sig í stjórnun og forystu þar sem stjórnunarhlutverk fagstéttarinnar á vettvangi félagslegrar þjónustu er í brennidepli.

Þeim gefst tækifæri til þess að efla hæfni sína sem framsæknir stjórnendur á tímum hraðfara breytinga. Þá geta nemendur sérhæft sig í þroskajálfafraðum og öðlast dýpri þekkingu á kenningum, hugmyndum og rannsóknum innan fötlunarfræði bæði í þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og í þjónustu við fullorðið fatlað fólk.

## Doktorsnám í menntunarfræði

Í doktorsnámi styrkja rannsakendur hæfni sína til að hanna og vinna umfangsmikil rannsóknarverkefni af gagnrýnni nákvæmni í því augnamiði að skapa nýja þekkingu. Þetta krefst umfangsmikils mats, greiningar og samhæfingar nýrra, flókinn hugmynda. Doktorsnemar taka virkan þátt í fræðasamfélaginu á menntavísindasviði og vinna að rannsóknarverkefnum á vegum sviðsins.

## Kennsluréttindanam

Kennsluréttindanam á meistarastigi er ætlað þeim sem vilja starfa við kennslu í framhaldsskólum og efstu bekkjum grunnskóla. Námið er fyrir þá sem lokið hafa grunnnámi í listgrein eða grunnnámi í bóklegri grein (BA- eða BS- gráða eða hærri prófgráða frá viðurkenndum háskóla).



## Alþjóðlegt nám í menntunarfræði

Menntavísindasvið býður í fyrsta sinn alþjóðlegt nám í menntunarfræði, annars vegar til BA-gráðu og hins vegar til MA-gráðu. Hanna Ragnarsdóttir umsjónarmaður námsins segir að með því sé brugðist við hnattvæðingu, auknum fólksflutningum og þróun fjölmenningslegs samfélags á Íslandi.

„Það er mikilvægt að koma til móts við vaxandi hóp barna á Íslandi sem flytja milli landa og falla ekki vel inn í hefðbundna íslenska leik- og grunnskóla með markvissri menntun og þjálfun kennara til starfa í alþjóðlegum skólum. Búast má við að innan skamms verði stofnaðir alþjóðlegir skólar eða skóladeildir í auknum mæli á Íslandi til að sinna þörfum barna sendiráðsfólks og annars fólks, svo sem íslenskra og erlendra foreldra sem starfa í fyrirtækjum á alþjóðavettvangi,“ segir Hanna.

„Námið opnar einnig leiðir fyrir stúdenta sem vilja leggja stund á alþjóðlegt nám í menntunarfræðum, t.d. með áherslu á hnattvæðingu og þróun fjölmenningslegra samfélaga eða áherslu á þróunarfræði og störf í þróunarlöndum.

Í náminu verður lögð áhersla á alþjóðlega sýn, hnattvæðingu og málefni sem snerta öll lönd, þjóðerni, mannréttindi, fjölmenningsleg samfélög og fjölmenningslega menntun og sjálfbæra þróun.

Eingöngu verður kennt á ensku þar sem samsetning námsins og skipulag er miðað við fjölbreyttan stúdentahóp. Hanna segir námið m.a henta stúdentum af erlendum uppruna sem kjósa menntun og störf á Íslandi eða erlendis og vilja nýta sinn bakgrunn og sérstaka þekkingu í meira mæli og stúdentum sem hafa áhuga á störfum í alþjóðlegum skólum á Íslandi og erlendis eða alþjóðlegri sýn en hefðbundnara kennaranám býður upp á. Þá henti námið einnig vel þeim stúdentum sem hafa áhuga á störfum með börnum af ólíkum uppruna, innan skólakerfisins eða utan.“

# Austur og vestur mætast

## Háskóli Íslands í fararbroddi í rannsóknum á nálastungumeðferð

Nálastungumeðferð nýtur vaxandi vinsælda meðal íslenskra ljósmæðra og samkvæmt niðurstöðum tveggja nemenda við Háskóla Íslands lina nálastungur marktækt verki þeirra sem þjást af grindarverkjum á meðgöngu.

Nálastungumeðferð er upprunnin í kínverski læknisfræði og er meira en 2500 ára gömul. Ákveðnir punktar í líkamanum eru örvaðir með því að stinga fíngerðum nálum í þá. Nálastungur eru, samkvæmt kínverskum fræðum, taldar geta leiðrétt flæði lífsorkunnar (Qi) um orkubrautir líkamans og þar með stuðlað að réttu jafnvægi milli Yin og Yang sem er forsenda andlegs og líkamlegs heilbrigðis.

Á Íslandi hafa heilbrigðisstarfsmenn smám saman verið að opna augun fyrir möguleikum nálastungumeðferðar og er reynslan af meðferðinni jákvæð. Skortur hefur þó verið á rannsóknum á áhrifum hennar. Frá 1996 hafa þó verið skrifaðar sex lokaritgerðir við Háskóla Íslands um nálastungulækningar og eru nemendur í hjúkrunar- og ljósmóðurfræðum í fararbroddi rannsókenda á áhrifum nálastungumeðferðar.

Í lokaverkefni Helgu Sigurðardóttur og Stefaníu Guðmundsdóttur í ljósmóðurfræði, mætast austur og vestur, gamlar aðferðir og



nýjar. Þær mátu áhrif nálastungumeðferðar við grindarverkjum á meðgöngu og þróuðu aðferðir við meðferðina. 20 konur fengu nálastungumeðferð við grindarverkjum á ákveðnu tímabili og í lok þess mátu þær verkina og svöruðu spurningalistum auk þess sem tekin voru viðtöl við átta þátttakendur.

Niðurstöðurnar voru jákvæðar. Marktækt dró úr grindarverkjum þátttakenda auk þess sem meðferðin hafði jákvæð áhrif á getu til daglegra athafna. Í dag er þeim konum sem falla að viðmiðum fyrir slíka meðferð boðið upp á nálastungur. Meðferðin fellur vel að heilðrænni nálgun ljósmóðurfræðinnar og rannsóknin hvetur til áframhaldandi þróunar á nálastungumeðferð við grindarverkjum á meðgöngu.


## Takið þátt í stúdentapólitík!

- segir Birgir Ármannsson alþingismaður

„Menntunin var traust og undirstöðugóð á fræðilega sviðinu sem er grunnur sem ég byggði á seinna,“ segir Birgir Ármannsson alþingismaður sem lauk embættisprófi í lögfræði árið 1996.

„Það er töluvert mikil lögfræði fólgin í störfum alþingismanna og lögfræðinám er góður grunnur fyrir það sem við gerum. Ekki bara hvað við eigum að gera heldur ýmislegt um það hvernig við eigum að fara að því.“

Birgir, sem frá blautu barnsbeini hafði áhuga á pólitík og pólitísku starfi, er í dag formaður allsherjarnefndar Alþingis sem er sú nefnd í þinginu þar sem einna mest reynir á lögspeki, ekki síst í málefnum dómsmálaráðuneytisins – lögreglu og dómstóla.



Á háskólaárunum tók Birgir virkan þátt í félagsstarfi lagadeildar og í stúdentapólitíkinni. „Það var ekki bara námið sem gildi á námstímanum vegna þess að maður lærði ýmislegt af félagsstörfunum, ekki síður en af námsbókunum. Ég ráðlegg stúdentum að taka virkan þátt í bæði félagsmálum og stúdentapólitík vegna þess að það veitir kjörið tækifæri til þess að spreya sig á þáttum sem ekki eru í námskrá – vinna sjálfstætt og með öðrum.“



# Risastórar rannsóknir á agnarsmáum viðfangsefnum

*Nanótækni er meira að segja í þvottavélum og ísskápum*

Örtækni, sem oftast er betur þekkt sem míkro- eða nanótækni, hefur haft mikil áhrif á tækniþróun síðustu áratuga. Árið 2006 var nýr örtæknijarni opnaður við Háskóla Íslands og er hann sá fyrsti sinnar tegundar hérlendis. Þar glíma vísindamenn við að rannsaka og framleiða hluti sem eru minni en einstök rykkorn og er Kristján Leósson einn þeirra.

Kristján Leósson, vísindamaður hjá Eðlisfræðistofu Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands, hefur unnið ótullega að rannsóknum á örtækni hér á landi og hefur m.a. hlotið hvatningarverðlaun Vísinda- og tækniráðs fyrir framlag sitt til rannsóknarsviðsins. Rannsóknir á örtækni skipta miklu máli, enda leynist örtækni víðar en flest okkar grunar.

Öll tölvutækni, t.d. harðir diskar, geisladrif, mp3-spilarar og gsm-símar falla undir örtækni. Að auki byggir internetið á örtækni og sömuleiðis ljósleiðarar. Í dag er meira að segja hægt að kaupa ísskápa og þvottavélar þar sem yfirborð eru klædd bakteríudrepandi húð sem inniheldur silfuragnir í nanóstærð.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað í örtækni á síðustu árum. Þessi uppbygging er m.a. hluti af framtaki svonefnds örtæknivettvangs. Kristján hefur haft umsjón með uppsetningu hluta aðstöðunnar, þar á meðal hönnun á svokölluðu hreinherbergi til örtækni framleiðslu. Hreinherbergi er vinnuaðstaða þar sem rykmengun í andrúmslofti er haldið í lágmarki svo mögulegt sé að framleiða hluti á örsmæðarkvarða. Sjálfur hefur Kristján unnið að þróun nýrrar aðferðar til smásjárskoðunar, meðal annars á lifandi frumum.

Í framtíðinni á örtækni eftir að færast í ríkari mæli yfir svið læknisfræðinnar, m.a. til að gera lyfjagjöf skilvirkari. Tilraunir til að nota nanóagnir til að drepa krabbameinsæxli og leysa þannig að hólmi lyfja- og geislameðferðir eru hafnar og vonandi getur örtækni hjálpað í baráttu okkar við slík vandamál. Möguleikar nanótækninnar eru óþrjótandi en Kristján segir mikilvægast að örtækni nái að skila okkur hlutum eins og betri orkubúskap, minni mengun og skilvirkari meðferð við sjúkdómum.

## Koltvísýringur jafnaður við jörðu

*Alþjóðlegt samstarf um eyðingu útblásturs gróðurhúsalofttegunda*

Vísindamenn fullyrða að gróðurhúsaáhrif séu einn alvarlegasti umhverfisvandinn sem að mannkyni steðjar og menn keppast við að vinna gegn þessari þróun. 70% af orkunotkun Íslendinga byggist á innlendum sjálfbærum orkulindum. Vísindamenn okkar eru í lykilstöðu til að rannsaka hvernig draga megi úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Háskóli Íslands gegnir stóru hlutverki í alþjóðlegri rannsókn á því að binda koltvísýring sem steintegund neðanjarðar.

Sigurður Reynir Gíslason, prófessor við Háskóla Íslands, leiðir hóp vísindamanna sem rannsakar þennan möguleika. Að samstarfinu koma, auk Háskóla Íslands, Orkuveita Reykjavíkur,

Columbia háskóli í Bandaríkjunum og Rannsóknarráð Frakklands. Fjöldi vísindamanna koma því að verkefninu, auk íslenskra og erlendra doktorsnema. Háskóli Íslands gegnir hér lykilhlutverki. Aðkoma hans byggist á áratugauppbyggingu þekkingar á orku-, jarð- og umhverfisvísindum og markvissu alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi.

Í verkefninu felast tækifæri til að kljást við áhrif gróðurhúsalofttegunda og hlýnandi loftslags og hefur verkefnið vakið athygli víða um heim. Koltvísýringi er dælt ofan í basaltjarðlög á jarðhitasvæðum og vonast er til að þannig megi binda koltvísýringinn í árhundruð og jafnvel árþúsundir.



# Verkfræði- og náttúruvísindasvið


Verkfræði- og náttúruvísindasvið skiptist í sex deildir. Hver deild er með sitt sérsvið og er fengist við allt frá smæstu öreindum til alheimsins og stjarnanna. Tölvur, vélar og byggingar eru til skoðunar, lífríkið, plönturnar og dýrin sem og rafmagn, efnin í kringum okkur – að ógleymdum stærðfræðiformúlum og landfræði.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



# VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ



## Láttu bara gemsann þinn stilla gítarinn!

- Nemi og kennari við Háskóla Íslands þróa gítarstilli fyrir farsíma

Nemi og prófessor við Háskóla Íslands hafa þróað gítarstilli fyrir farsíma og vinna nú að viðskipta- og markaðsáætlun fyrir hugmyndina. Viðskiptahugmyndin er aðeins ein af mörgum sem spretta á sífellu upp við Háskóla Íslands – en hún er með þeim allra frumlegustu. Uppfinningamennirnir eru þeir Guðmundur Freyr Jónasson, meistaranemi í tölvunarfræði og Jóhann P. Malmquist prófessor. Þeir félagar hyggjast stofna sprotafyrirtæki til að hrinda áætlunum sínum í framkvæmd en fjöldi slíkra fyrirtækja verður til við Háskólann á ári hverju. Sum þeirra vaxa og dafna og hafa jafnvel umtalsverð áhrif á þjóðarhag Íslendinga. Þekktasta dæmið um þetta er alþjóðlega þekkingarfyrirtækið Marel, sem upphaflega var hugmynd við Háskóla Íslands.

Gítarstillirinn nýi virkar þannig að sá sem hyggst stilla gítarinn sinn hringir annað hvort í miðlæga þjónustumiðstöð eða notar hugbúnað sem er hlaðinn á farsímann. Hugmyndin líkist að



þessu leyti ýmsum leikjum sem nú þegar eru í farsímum. Hugbúnaðurinn ber saman tóna frá gítarum og staðlaða gítartóna og frávikid frá réttum tón er sýnt á myndrænan hátt í skjá símans. Notandinn strekkir eða slakar á strengjunum uns síminn sýnir réttan tón fyrir hvern streng. Lausnin er því sáraeinföld og skilvirk – og hún var verðlaunuð sem þriðja besta verkefnið sem dregið var „upp úr

skúffunni“ þegar Kristín Ingólfssdóttir rektor afhenti hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands í lok síðasta árs. „Uppúr skúffunum“ er samstarfsverkefni Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands, Einkaleyfastofu, Tæknigarðs, og Árnason/Faktor. Megintilgangur verkefnisins er að verðlauna áhugaverðar hugmyndir sem starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss vinna að.



## Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild

Meginkostir náms í iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild er hversu fjölbreytt það er og opnar margar leiðir út í atvinnulífið. Boðið er upp á fimm námsleiðir til BS-prófs: iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði, efnaverkfræði, tölvunarfræði og hugbúnaðarverkfræði. Í meistaranámi er hægt að velja á milli þessara sömu námslína og auk þess fjármálaverkfræði, og reikniverkfræði. Innan þessara greina má síðan sérhæfa sig á mismunandi sviðum. Í iðnaðarverkfræði er t.d. hægt að leggja áherslu á fjármálaverkfræði, rekstur og stjórnun fyrirtækja, kerfisverkfræði og sjávarútveg. Í vélaverkfræði má nefna tæknilega hönnun og líkanagerð, orkuverkfræði, stýritækni og tölfræði og í tölvunarfræði má velja á milli viðskiptalínu, reiknilínu og gagnvirknilínu.

Mjög góður andi er í deildinni og þar starfar traustur og samstilltur hópur. Nemendur eru sterkur hluti af líðsheildinni og reka tvö nemendafélög, Vélina, félag véla- og iðnaðarverkfræðinema og Nörd, félag tölvunarfræðinema. Félögin standa fyrir líflegu félagslífi auk þess að sinna hagsmunagæslu nemenda. Þá hefur árleg hönnunarkeppni véla- og iðnaðarverkfræðinema fest sig í sessi sem öflugur vettvangur lífandi verkfræði.

Aðaláhersla í náminu er lögð á kennslu grunnhugtaka fræðigreinanna. Ör þróun einkennir starfsvettvang verkfræðinga og tölvunarfræðinga og er leitast við að veita traustan grunn til að takast á við síbreytileg viðfangsefni. Nemendur vinna verkefni gjarnan í hópavinnu og er leitast við að nota raunhæf dæmi úr atvinnulífinu. Að námi loknu hafa nemendur haldgóða þekkingu á hvers konar flóknum útreikningum, margs konar hugbúnaði og forritun, hönnun burðarvirkja og vélbúnaðar, orkunotkun og nýtingu hennar, fjárfestingar- og arðsemisútreikningum, gæðastjórnun, sjálfvirkum stýrikerfum og ýmsum tölfræðilegum aðferðum, auk stjórnunar fyrirtækja og verkefna. Nemendur eru því vel undirbúnir hvort sem er fyrir krefjandi störf á vinnumarkaði eða frekara nám hjá virtum erlendum háskólum þar sem þeim hefur vegnað vel.

Það er því engin tilviljun að fyrrverandi nemendur deildarinnar gegna iðulega ábyrgðarstörfum í þjóðlífinu, hvort sem er á sviði fjármála, hátækni eða ráðgjafar. Þeir eru eftirsóttir starfskraftar með traustan faglegan grunn sem nýtist vel á öllum sviðum atvinnulífs. Starfsvettvangur þeirra er t.d. fyrirtæki og stofnanir á borð við banka og fjármálastofnanir, Orkuveitu Reykjavíkur, Össur auk hefðbundinna verkfræðistofa.



Kristján Jónasson og Fjóla Jónsdóttir, dósentar við HÍ

## Nemendur okkar eru eftirsóttir starfskraftar

„Í iðnaðar- véla og tölvufræðideild byggjast mörg námskeið á verkefnum þar sem lausnin verður til í samvinnu nemenda og kennara. Til að byrja með eru þetta oft tilbúin dæmi eða rannsóknir en þegar lengra er komið í náminu glímum við æ oftar við alvöru verkefni, ýmist tengd atvinnulífinu eða vísindarannsóknunum,“ segir Kristján Jónasson, dósent í tölvunarfræði.

„Nemendur vinna oft saman í hópum og til að byrja með fer þessi samvinna oft fram í svonefndum „vinnustofum“ þar sem kennari gengur á milli nemenda og ræðir við þá um lausn verkefnanna. Þegar fram í sækir fá nemendur síðan tækifæri til að reyna sig í launuðu hlutastarfi við deildina, í kennslu eða rannsóknunum. Ýmsar upptakomur krydda þetta samstarf, eins og til dæmis hin árlega hönnunarkeppni þar sem smíðuð eru hreyfanleg tæki sem þurfa að komast á leiðarenda í erfiðri braut.

Við viljum að nemendur sem útskrifast frá okkur þekki til nýjustu aðferða og tækni en kunni einnig skil á hefðbundnum fræðilegum undirstöðum. Við viljum einnig að þeir séu óhræddir við að sýna frumkvæði og takast á við krefjandi viðfangsefni. Nemendur héðan eru eftirsóttir starfskraftar og þeir kunna að leysa verkefni með fræðilegum aðferðum og „reikna út“ bestu lausnina. Margir enda í ábyrgðarstörfum í þjóðlífinu og þeir eru vel undirbúnir til að takast á við þá ábyrgð.

Deildin gerir strangar kröfur til menntunar og hæfni starfsfólks. Reynt er að hafa aðstöðu fyrir kennara og nemendur sem besta og aðgengi nemenda að kennurum er gott. Með þessu móti að leitast við að laða að góða nemendur sem er auðvitað mikilvæg forsenda fyrir því að komast í fremstu röð.“

### Hallgrímur Heiðar Gunnarsson, nemi í tölvunarfræði „Mikið félagslíf í deildinni“

„Ég byrjaði að vinna við tölvu sextán ára gamall, þannig að þetta höfðar ágætlega til mín. Þó ég kunni margt af því sem ég læri þarna þá er ég engu að síður alltaf að bæta einhverju við mig og læri eitthvað nýtt á hverjum degi. Svo er ég líka sáttur við frelsið í náminu. Maður ræður miklu um áherslurnar í náminu. Það er ágætt fyrir mann eins og mig. Annars er þetta ekki bara nám. Það er mikið félagslíf í deildinni. En ég veit ekki hvort ég muni vinna við forritun alla ævi. Maður verður bara að sjá til.“





## Rafmagns- og tölvuverkfræðideild

Rafmagns- og tölvuverkfræðideild býður upp á skemmtilegt, fjölbreytt og sérstaklega hagnýtt nám. Grunnnámið er þrjú ár og lýkur með BS-gráðu, meistaranámið er tvö ár og að því loknu er boðið upp á doktorsnám. Fagið hefur gjörbylt aðferðum mannsins til að nýta og dreifa orku, eiga samskipti og meðhöndla upplýsingar. Ekkert lát er á þróuninni en hún kallar á hugvit, frumkvæði og nána samvinnu við aðrar greinar á borð við eðlisfræði og stærðfræði. Megináhersla í náminu er lögð á að undirbúa nemendur til virkrar þátttöku í framförum á þessum sviðum. Það er gert með traustum fræðilegum grunni í bland við nýjustu þekkingu hverju sinni. Tölvuverð skörun er á störfum rafmagnsverkfræðinga og tölvuverkfræðinga og tölvuverkfræði á einnig margt sameiginlegt með tölvunarfræði. Meðal fagsviða rafmagns- og tölvuverkfræðinga má nefna rafeindatekni, fjarskiptatekni, stýritækni, raforkutækni og merkja- og myndgreiningu.

Verkefnavinna er mikilvægur þáttur í náminu. Faglegur metnaður kennara og öflug rannsóknarvirkni tryggir að nemendur fá raunhæf verkefni til að glíma við. Nemendur vinna mörg verkefni í hópum. Þannig njóta þeir stuðnings hver af öðrum við krefjandi viðfangsefni og samhugurinn er mikill. Félagslífið er þar af leiðandi sterkt og heldur nemendafélagið VÍR uppi lífflegu og þróttmiklu starfi auk þess sem fulltrúar þess sinna hagsmunagæslu nemenda og eiga fulltrúa á deildarfundum.

Gríðarleg eftirspurn er eftir rafmagns- og tölvuverkfræðimenntuðu fólki á vinnumarkaði hérlendis og erlendis og bendir allt til að svo verði áfram. Nám í rafmagns- og tölvuverkfræði nýttist því sannarlega mjög vel. Nemendur verkfræðideildar Háskóla Íslands eru eftirsóttir starfskraftar og hafa náð frábærum árangri í framhaldsnámi við bestu háskóla heims. Þjálfun í að greina viðfangsefni og velja aðferðir til úrlausnar gerir rafmagns- og tölvuverkfræðinga einnig eftirsóttá til margvíslegra annarra starfa en hefðbundinna verkfræðistarfa. Fyrirverandi nemendur eru í forystuhlutverkum á mörgum sviðum atvinnulífsins, t.d. í hátækniyrirtækjum eins og Marel og CCP og einnig í bönkum og ráðgjafayrirtækjum.

# Í fremstu röð

*Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor við rafmagns- og tölvuverkfræðideild*

„Rafmagns- og tölvuverkfræðideild hefur ætíð átt því láni að fagna að hafa mjög góða nemendur og raunar hafa margir afburðanemendur stundað nám í deildinni,“ segir Anna Soffía Hauksdóttir, prófessor.

„Það eru forréttindi að fá að kenna slíku fólki, dýpka skilning þess, aðstoða það við að tileinka sér námsefnið hratt og vel og ekki síst að fá að opna því heim hagnýtra fræða. Það er gaman að upplifa kraftinn í nemendum okkar og sjá blikið í augunum. Nemendur sjá verkfræðileg afrek allt í kringum sig í nútímanum og glíma við krefjandi verkefni í náminu sínu.

Deildin býður nám til BS-, MS- og doktorsprófs. MS- og doktorsnemar eru vaxandi og öflugur hópur innan deildarinnar sem ásamt kennurum og BS-nemum stuðlar að skapandi samstarfi, oft í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Nemendur okkar hafa einnig haldið til framhaldsnáms erlendis, margir hverjir við bestu verkfræðiskóla í heimi. Það eitt segir sína sögu um gæði námsins hér.

Deildin leggur áherslu á að nemendur hennar nái góðum tókum á viðfangsefnum sínum og geti leyst þau af kunnáttu, vandvirkni og heiðarleika. Nemendur okkar eru mjög eftirsóttir á mörgum sviðum atvinnulífsins og virðist hæfni þeirra og menntun nýtast æ víðar í þjóðfélögum nútímans. Kennarar deildarinnar eru vel menntaðir bæði hér og erlendis. Við leggjum áherslu á góða kennslu og handleiðslu nemenda. Við leggjum einnig mikla áherslu á birtingu rannsóknarniðurstaða kennara og



nemenda á alþjóðlegum ritrýndum vettvangi, bæði á ráðstefnum og í tímaritum. Þetta ásamt öflugri alþjóðlegri samvinnu og samstarfi við atvinnulíf gerir okkur kleyft að vera í fremstu röð í ögrandi samkeppnisumhverfi.“

*Sigursteinn Haukur Reynisson, nemi í rafmagns- og tölvuverkfræði*

„Vekjum hver annan“

„Eftir að ég kláraði iðnnámið fór ég í verkfræðina. Ég hef aðallega áhuga á vöruþróuninni. Ástæðan er sú að það er gaman að geta skilið eitthvað eftir sig. Þetta er mjög skapandi nám enda erum við að fara taka þátt í hönnunarkerpinni þar sem við ætlum að rusla einhverju saman til þess að koma bolta ofan í gat.

Þetta er rosalega þéttur hópur í verkfræðinni og það er mjög skemmtilegt. Við fáum okkur líka bjór og spjöllum. Auk þess sem bekkjarfélagarnir vekja mann ef maður sefur yfir sig. Það getur verið ansi gagnlegt þegar klukkan klikkar.“






## Umhverfis- og byggingarverkfræðideild

Í umhverfis- og byggingarverkfræðideild er boðið upp á þrjú ára grunnnámið sem lýkur með BS-gráðu í umhverfis- og byggingarverkfræði. Að því loknu gefst nemendum kostur á tveggja ára meistaranámi sem lýkur með MS-gráðu í umhverfisverkfræði eða byggingarverkfræði. Loks er boðið upp á doktorsnám í báðum greinum. Nám í umhverfis- og byggingarverkfræði spannar fjölda fagsviða sem eru mikilvæg fyrir uppbyggingu og rekstur nútíma þjóðfélaga. Má þar nefna mannvirkjahönnun, umhverfisverkfræði, vatna- og straumfræði, skipulag og samgöngur sem og jarðtækni og grundun.

Fyrstu tvö árin í grunnnámi sækja nemendur skyldunámskeið með áherslu á stærðfræði og eðlisfræði og grunnnámskeið í verkfræði. Með þessu er lögð trausta undirstaða fyrir frekara nám. Á þriðja ári eru verkfræðinámskeið ráðandi og geta nemendur valið á milli nokkurra námskeiða. Mikilvægur hluti margra námskeiða er verkefnavinna sem unnin er í hópum. Öflugar rannsóknir kennara og sterk tengsl við atvinnulífið tryggja að verkefni sem nemendur vinna eru raunhæf og byggja á nýjustu þekkingu á fagsviðunum. Hópaþinnan hefur mælst mjög vel fyrir hjá nemendum sem njóta þannig félagskafar og stuðning hvers annars. Í verkefnavinunni myndast oft vináttusambönd sem endast ævilangt. Gott aðgengi nemenda að kennurum er einkennandi fyrir deildina sem jafnframt má segja að sé undirstaða þess góða anda sem þar ríkir. Félagslíf er í miklum blóma og reka nemendur deildarinnar félagið Naglana sem sinnir hagsmunagæslu nemenda auk þess að standa fyrir vikulegum vísindaferðum í fyrirtæki og skemmtunum af ýmsum toga.

Áralöng reynsla er fyrir því að nemendur með próf í umhverfis- og byggingarverkfræði frá Háskóla Íslands hafi staðið sig afburðaveg í framhaldsnámi við bestu verkfræðiskóla heims. Nemendur eru viðurkenndir á atvinnumarkaði og eftirsóttur starfskraftur í fjölbreytt og ábyrgðarmikil störf í þjóðfélaginu. Má nefna fyrirtæki og stofnanir á borð við ráðgjafaverkfræðifyrirtæki, banka, og rannsóknarstofnanir sem dæmi um starfsvettvang þeirra.



Sigurður M. Garðarsson, prófessor í straumfræði

## Nemendur útskrifast með trausta fagþekkingu

„Umhverfis- og byggingarverkfræðideild stuðlar að nánu samstarfi nema og kennara. Þetta birtist meðal annars í mikilli verkefnavinunni þar sem samstarfið stuðlar að skapandi lausnum á verkfræðilegum verkefnum,“ segir Sigurður M. Garðarsson, prófessor.

„Samstarf kennara deildarinnar við fagaðila í þjóðfélaginu dregur að sérfræðinga sem koma með ólíka sýn inn í kennsluna sem gerir nemendum kleift að sjá lausnir frá mismunandi sjónarhornum. Nemendur hafa sterk áhrif á stjórnun deildarinnar og hafa því tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri sem skilar sér í skapandi umgjörð við miðlun þekkingar til nema.“

Nemendur sem útskrifast frá deildinni hafa trausta, yfirgrípsmikla og viðurkennda fagþekkingu í verkfræði sem þeir geta beitt af sjálfsöryggi og metnaði við lausn verkefna í nútímaþjóðfélagi. Námið er krefjandi og útheimtir skipulag og atorku sem gerir útskrifaða nema að eftirsóttum starfskröftum í ábyrgðarmiklum störfum í þjóðfélaginu.

Deildin laðar til sín afar hæft starfsfólk með alþjóðleg tengsl sem skapar lífandi og metnaðarfullt starfsumhverfi. Þannig tryggir deildin að stundaðar séu öflugar rannsóknir með erlendum og innlendum samstarfsaðilum á fagsviðum deildarinnar og að nemendum sé kennt það besta og nýjasta á fagsviðum sínum.“

Dórótea Höeg Sigurðardóttir, nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði

„Ótal leiðir opnast“

„Það var áhuginn á hönnun, stærðfræði og raunvísindum sem dró mig inn í umhverfis- og byggingarverkfræðina. Ég hef alltaf haft áhuga á stærðfræði og langaði að hagnýta mér þann áhuga. Þetta er ekki jafn karllægt nám og það var. Þetta er að breytast. Andrúmsloftið er gott í deildinni. Ég fann það strax og ég byrjaði í náminu að allir eru viljugir til þess að aðstoða mig. Síðan er námið líka ótrúlega fjölbreytt og eftir því sem á það liður verður mér æ betur ljóst hversu ótal marga möguleika það opnar fyrir mér.“



## Raunvísindadeild

Raunvísindadeild býður upp á nám í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði.

Stærðfræði er í senn elst og yngst allra vísindagreina. Framfarir í stærðfræði eru örari en nokkru sinni fyrr og mikilvægi hennar fyrir aðrar fræðigreinar og þjóðfélagið í heild hefur aldrei verið meira en nú. Stærðfræðinám til BS-prófs við Háskóla Íslands býður upp á marga spennandi möguleika. Nemendur geta valið á milli sjö ólíkra kjörsviða þar sem hliðargrein (eðlisfræði, tölvunarfræði, sameindalíffræði, hagfræði eða fjármál) eða áhersla á ákveðin sérsvið stærðfræði (reiknifræði eða líkinda- og tölfraði) bætist við traust og staðgott undirstöðunám. BS-próf í stærðfræði er góð undirstaða fyrir áframhaldandi nám en jafnframt eru stærðfræðingar eftirsóttir á vinnumarkaði. Nemendur með BS-próf í stærðfræði frá Háskóla Íslands hafa stundað framhaldsnám við marga af frægustu og bestu háskólum heims og hafa staðið sig vel. Auk BS-náms er í boði MPæð-nám ætlað þeim sem hafa áhuga á kennslu og rannsóknánám til meistara- og doktorsprófs.

Eðlisfræði fjallar um eðli, gerð og hegðun efnisheimsins, allt frá smæstu öreindum til stærstu vetrarbrauta og alheimsins í heild. Fjölmargar tækni framfarir síðustu áratuga og alda byggjast á uppgötvunum eðlisfræðinnar. Eðlisfræðingar beita ýmsum aðferðum við að leysa viðfangsefni sín. BS-nám í eðlisfræði er þriggja ára nám. Megináherslan er á skyldunámskeið í eðlisfræði og stærðfræði en jafnframt er boðið upp á valnámskeið í eðlisfræði og af öðrum námsbrautum. Helstu rannsóknasvið í eðlisfræði við Háskólann eru eðlisfræði þéttefnis, stjarnæðlisfræði, öreindafræði og veðurfræði. Starfsvettvangur eðlisfræðinga er fjölbreyttur. Margir starfa við rannsóknir á sérsviði sínu í háskólum og hátækniyfirtækjum en aðrir starfa við hvers kyns störf þar sem traust grunnenntun í raunvísindum kemur að gagni til dæmis í fjármálagæiranum og opinberri stjórnsýslu.

Efnafræði fjallar um byggingu og eiginleika efnisins, sameindir, kristalla, vökva, lofttegundir og fleira og einnig um efnahvörf og aðrar umbreytingar efnis. Í efnafræðinámi við Háskóla Íslands er bæði lögð áhersla á fræðilega undirstöðu og verklegt nám og eru nemendur þjálfaðir í aðferðum efnafræðinnar með tilraunum. Að loknu BS-námi hafa nemendur góðan grunn á helstu sviðum efnafræðinnar, svo sem eðlisefnafræði, lífrænni efnafræði, ólífrænni efnafræði og efnagreiningu, sem þeir nýta sér ýmist til frekara náms eða við fjölbreytt störf í nútíma atvinnulífi. Lífefnafræði fjallar um þá efnafræði sem lífverur og starfsemi þeirra byggja á. Grunneiningar fruma eru rannsakadur, svo sem kjarnsýrur, prótein, sykrur og fitusýrur. Lífefnafræðin tengir saman efnafræði, líffræði, læknisfræði, lyfjafræði ásamt matvæla- og næringarfræði. Hún er ört vaxandi hátæknigrein sem gegnir æ mikilvægar hlutverki í atvinnulífi og þjófnustu. Á undanförunum árum hefur framhaldsnám í efnafræði og lífefnafræði stóreflst við Háskólann og er bæði boðið upp á meistara- og doktorsnám.

Lárus Thorlacius, prófessor í eðlisfræði

## Nám sem opnar margar dyr

„Raunvísindadeild býður upp á fjölbreytt nám í náttúruvísindum. Við deildina starfa margir af fremstu vísindamönnum þjóðarinnar og sumt af okkar efnilegasta námsfólki stundar þar nám. Í nýju skipulagi Háskólans verður hún að þremur deildum:

Líf- og umhverfisvísindadeild þar sem boðið verður upp á nám í líffræði, landfræði og ferðamálafræði.

Jarðvísindadeild með námi í jarðfræði og jarðeðlisfræði.

Raunvísindadeild sem nær yfir nám í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði.

Stúdentar munu áfram fá trausta fræðilega og verklega undirstöðumenntun þar sem lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Þegar liður á námið og sérstaklega í framhaldsnámi felst kennslan sífellt meira í einstaklingsbundinni leiðbeiningu um sérhæfð viðfangsefni og stúdentinn færast úr hlutverki nemanda sem þiggur fróðleik frá kennurum yfir í samherja í leit að lausnum á ýmsum af þeim heillandi gátum sem náttúran býður upp á.

Það hefur verið hlutverk raunvísindaeildar, og verður áfram hlutverk hinna nýju náttúruvísindaeilda, að mennta stúdenta til fjölbreyttra starfa sem byggja á þekkingu og skilningi á náttúrunni og nútímatækni af ýmsum toga. Við viljum að útskrifaðir nemendur séu færir um að takast á við skapandi verkefni, veita faglega ráðgjöf og miðla þekkingu sinni áfram. Nám við deildinar opnar margar dyr bæði að frekara námi hérlandis og við fremstu háskóla erlendis sem og að fjölbreyttum störfum sem snerta flest svið þjóðlífsins.

Í þekkingarþjóðfélagi nútímans verður sífellt meiri þörf fyrir fólk með góða menntun í náttúruvísindum sem getur skapað nýja þekkingu og tækni og hefur skilning á flóknum



náttúruyfyrirbærum eða framleiðsluferlum. Í dag er Háskóli Íslands eini háskóli landsins sem býður upp á nám í allhliða náttúruvísindum en náttúruvísindin eru alþjóðleg og við höfum lengi átt í samkeppni við mun stærri og öflugri háskóla erlendis bæði um stúdenta og í rannsóknum. Það er keppikefli náttúruvísindaeilda Háskóla Íslands að bjóða upp á nám sem er bæði spennandi og gagnlegt þannig að íslenskir námsmenn kjósi áfram að afla sér grunnþekkingar á náttúruvísindum hjá okkur en jafnframt viljum við laða að fleiri erlenda námsmenn og bjóða upp á alþjóðlegt háskólaumhverfi af bestu gerð.“

### Óskar Arnórsson, nemi í véla- og iðnverkfræði „Fjölbreyttir framtíðarmöguleikar“

„Ég fór í véla- og iðnaðarverkfræðina vegna þess að það hentaði mér ágætlega. Ég var góður í stærðfræðinni í framhaldsskóla. Að vísu er ómögulegt að leggja það að jöfnu enda voru það gríðarleg viðbrögð að fara í Háskólann. Það kemst að minnsta kosti enginn gegnum þetta nám nema eiga góða að. En maður verður að þrauka. Námið býður líka upp á fjölbreytta framtíðarmöguleika. Sjálfur var ég að vinna hjá VGK-hönnun en býst við því að fara í mastersnám eftir að ég klára BS-gráðuna.“






## Líf- og umhverfisvísindadeild

Líf- og umhverfisvísindadeild býður upp á nám í líffræði, landfræði og ferðamálafræði.

Líffræði fjallar um lífverur, hvernig þær starfa, þróast og eiga samskipti við umhverfi sitt. Í grunnnámi (BS) er veitt þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og innsýn í lífheiminn, allt frá innsta kjarna til heilla vistkerfa. Viðfangsefnin eru fjölbreytt: einstakar örverur, frumuræktum, grasategundir og dýr, ensímkerfi, fiskstofnar, gróðurlendi, vatnasvið o.fl. Boðið er upp á rannsóknánám þar sem fengist er við fjölbreytt verkefni og áhersla lögð á alþjóðlegt samstarf. Reynslan sýnir að líffræðingar stunda margvísleg störf. Annars vegar endurspeglar þetta breidd líffræðinnar sem fræðigreinar. Hins vegar sýnir þetta að almenn þjálfun til vísindaiðkana er eftirsótt og gagnast á fjölmörgum starfssviðum. Líffræðistofnun er vettvangur rannsókna kennara og sérfræðinga í líffræði en einnig eru starfrækt á vegum Háskóla Íslands fræðasetur á landsbyggðinni þar sem m.a. er fengist við rannsóknir í líffræði.

Landfræði fjallar um ýmsar hliðar náttúru og mannlegs samfélags, en þó umfram allt sambúð fólks og náttúru. Nemendur í grunnnámi geta valið um tvö kjörsvið: náttúrufræði eða mannvistarlandfræði. Námið er afar fjölbreytt og felst meðal annars í vettvangsnámi og verklegu námi. Landfræðingar starfa meðal annars að skipulagsmálum, við náttúru- og umhverfisrannsóknir, náttúruvernd, kortagerð og meðferð landupplýsinga, byggða- og atvinnuþróun, þróunarsamvinnu, svo fátt eitt sé talið. Háskóli Íslands er eini háskólinn hérlendis sem býður upp á landfræðimenntun.

Ferðamálafræði er ung fræðigreini. Hún fjallar um orsakir og eðli ferðalaga sem og áhrif ferðamennsku á umhverfi og samfélag. Námið tengir saman ýmis fræðasvið, þar á meðal náttúru- og umhverfisfræði, skipulagsfræði, viðskiptafræði og menningarfræði. Kennsluáðferðir eru fjölbreyttar og kennslan lífandi í þessari ört vaxandi grein. Að loknu námi hafa nemendur bæði sterka fræðilega grunnþekkingu og staðgóða þekkingu á þeirri mikilvægu atvinnugrein sem ferðapjónusta er. Ferðamálafræðingar frá Háskóla Íslands starfa m.a. hjá ýmsum fyrirtækjum í ferðapjónustu og hjá opinberum aðilum.



Einar Gíslason, nemi á öðru ári í ferðamálafræði

## Sveitastrákur í ferðamálafræðina

„Þegar ég var ungur þá ferðaðist ég mikið um Norðurland en sjálfur er ég frá Húsavík. Ég var þá að vinna í vegagerð. Á þessu ferðalagi fór ég að taka eftir mörgum tækifærum í ferðapjónustu. Í kjölfarið ákvað ég að læra ferðamálafræði í Háskóla Íslands.

Ferðapjónustan er vannýtt grein og það er óendanlega mörg tækifæri út um allt land. Enda hefur straumur ferðamanna aukist gífurlega undanfarin ár. Ég er mjög Íslandssinnaður þannig að ég held ég muni einbeita mér meira að innlendri ferðapjónustu frekar en þeirri erlendu. Að auki er ég sveitastrákur í mér.“



## Atli Geir Júlíusson, nemi í umhverfis- og byggingarverkfræði „Mögnuð arfleið“

„Ég fór í þetta nám aðallega vegna þess að það tvinnar saman áhugamál mitt og námið. Ég hef gaman að stærðfræðinni og finnst gatnagerð og skipulag byggða athyglisvert. Síðan getur maður farið að vinna í banka vilji maður það. Áhuginn er reyndar talsverður. Ég á það til að gleyma mér í verkefnum á kvöldin. Ég hef gaman af vegahönnun, fólk gerir sér kannski ekki alltaf grein fyrir því að það er hugsun á bak við vegina sem það ekur eftir. Það er líka magnað að skilja eitthvað eftir sig, þá er hönnunin engin smá arfleið.“







## Jarðvísindadeild

Jarðvísindadeild býður uppá nám í jarðfræði og jarðeðlisfræði. Jarðvísindi eru öflug fræði-grein við Háskóla Íslands og nýtur deildin sambúðar og samstarfs við sérfræðinga á Jarðvísindastofnun Háskólans. Jarðvísindi eru breitt svið sem nær allt frá jöklajarðfræði til eldfjallafræði, jarðskjálftum til jarðhita og frá steingervingafræði til haffræði. Þá eru jarðvísindi fræðasvið sem hefur mikla samfélagslega þýðingu og gagnast vel þegar nemendur leita út á vinnumarkað að námi loknu.

Grunnnámið er þrjú ár og lýkur með BS-gráðu í jarðfræði eða jarðeðlisfræði. Verklegt nám í tilraunastofum, námsferðir og útivera eru mikilvægir þættir í náminu og innan ramma grunnnámsins er töluvert valfrlsi. Að loknu grunnnámi er boðið uppá framhaldsnám sem miðar að sérhæfingu á mismunandi sviðum jarðvísinda: meistaranám í tvö ár og að því loknu doktorsnám. Kennarar og sérfræðingar við jarðvísindadeild og Jarðvísindastofnun hafa mikinn faglegan metnað og eru öflugir í rannsóknunum. Margir þeirra taka þátt í stórum alþjóðlegum rannsóknum og birta á ári hverju fjölda greina í alþjóðlegum vísindatímaritum. Þetta skilar sér til nemenda við jarðvísindadeild í nútímalegri sýn á viðfangsefni.

Jarðvísindadeild hefur þá sérstöðu innan Háskóla Íslands að á hverju ári koma tugir erlendra nemenda að stunda nám við deildina, bæði í grunnnámi og framhaldsnámi. Nemendahópurinn er því mjög alþjóðlegur. Félagslíf nemenda er öflugt: Fjallið, sem er félagsskapur nemenda í grunnnámi, heldur uppi líflegu félagsstarfi og Folda, félag framhaldsnema, stendur meðal annars fyrir vikulegum fyrirlestrum um ýmis svið jarðvísinda. Nemendur eiga fulltrúa á deildarfundum og taka virkan þátt í stefnumótun og stjórn námsins. Nám í jarðvísindum er ekki bara nytsamt, heldur er það líka mjög skemmtilegt. Nemendur í jarðvísindum læra að lesa berg og land, þekkja virkni, ferli og afurðir innrænna og útrænna afla og öðlast á þann hátt skilning á náttúrusögu og virðingu fyrir umhverfinu.

Jarðvísindi eru í mikilli sókn jafnt heima fyrir sem erlendis. Nægir að minna á mikilvægi jarðfræðirannsókna við nýtingu jarðhita og beislun fallorku, vöktun eldstöðva og nýtingu jarðefna, olíuleit og umhverfisrannsókna. Nemendur frá jarðvísindadeild Háskóla Íslands eru eftirsóttir á vinnumarkaði bæði heima og erlendis og vinna jafnt hjá opinberum stofnunum og fyrirtækjum, ráðgjafafyrirtækjum og verkfræðistofum. Þá vinnur talsverður fjöldi jarðvísindamanna við umhverfismál og kennslu í framhaldsskólum og háskólum.



# Ætlaði að verða ísaldarjarðfræðingur

**- segir Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður sem lauk BS-prófi í jarðfræði frá Háskóla Íslands**

„Ég var ákveðinn í því að fara í framhaldsnám í loftslags- og Ísaldarjarðfræði en lenti óvart inni á þingi og hef verið þar síðan,“ segir Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður sem lauk BS-prófi í jarðfræði árið 1981 og prófi í kennslu- og uppeldisfræði ári síðar.

Náttúran og útivera eru tvö af eftirlætis áhugamálum Steingríms og áttu þátt í að hann valdi jarðfræðinámið. „Ég vildi ekki skipta á því og neinu öðru; kennararnir, skólafélagarnir og vettvangsferðirnar, allt var þetta stórskemmtilegt.“

Samtökin Junior Chamber International á Íslandi hafa margsinis kosið Steingrím besta ræðumann Alþingis. „Jarðfræðimenntun er ekki svo galin bakgrunnur fyrir alþingismenn enda er oft fjallað um orku- og umhverfismál á Alþingi og námið í kennslu- og uppeldisfræði spillir ekki fyrir þegar fjallað er um menntamál

eða félags- og uppeldismál á Alþingi,“ segir Steingrímur hugsi.

„Þótt lögfræðinám sé vissulega góður bakgrunnur fyrir þingmenn við undirbúning lagafrumvarpa þá nýttist slíkt nám ekki endilega eins vel í samskiptum við kjósendur. Gagnsemi náms er ekki spurning um utanaðbókarlærdóm heldur hvernig námið þroskar einstaklinginn.“

Steingrímur er fæddur og uppalinn á Gunnarsstöðum í Þistilfirði í Norður-Þingeyjarsýslu, einum afskekktasta hluta Íslands og þeim sem fjærst liggur höfuðborginni. Á menntaskólaárunum fór Steingrímur sem skiptinemi til Nýja-Sjálands og tveimur árum seinna í puttaferðlag um vesturströnd Bandaríkjanna, Kyrrahafseyjar, Nýja-Sjáland og Ástralíu áður en hann settist á skólabekk í Háskólanum. „Við sveitamennirnir eru mestu heimsborgararnir þegar við hleypum heimdraganum,“ segir Steingrímur kíminn.



# Félagsstofnun stúdentanna

Félagsstofnun stúdentanna er þjónustufyrirtæki í eigu stúdentanna við Háskóla Íslands og er hlutverk FS fyrst og fremst að þjónusta háskólastúdentanna meðan á námi stendur. FS styrkir einnig starfsemi Stúdentaráðs og deildarfélög stúdentanna.

FS hefur flutt alla starfsemi sína í Háskólatorgið, Sæmundargötu 4.

## STARFSEMI FS:

**BÓKSALA STÚDENTA** - Hlutverk Bóksölu stúdentanna er að útvega stúdentum kennslubækur og önnur námsgögn á sanngjörnu verði.

**KAFFISTOFUR STÚDENTA** - Hlutverk Kaffistofa stúdentanna er að stuðla að heilbrigðu mataræði háskólastúdentanna með því að bjóða fjölbreytt og gott vöruúrval á lágmarksverði.

**LEIKSKÓLAR STÚDENTA** - Hlutverk Leikskóla stúdentanna er að stuðla að tryggja framboði leikskólarýma, öruggri vistun og framsækinni fræðslu fyrir börn háskólastúdentanna.

**STÚDENTAGARÐAR** - Hlutverk Stúdentagarða er að bjóða stúdentum við HÍ til leigu hentugt og vel staðsett húsnæði á sanngjörnu verði.

**STÚDENTAMIÐLUN** - Hlutverk Stúdentamiðlunar er að aðstoða stúdentanna við leit að störfum og verkefnum, við að útvega sér leigu-húsnæði á frjálsum markaði og að miðla og koma verkefnum, rannsóknnum og þekkingu á framfæri.

**HÁMA** - Háma er nýr veitingastaður, kaffihús og bar og er staðsett í Háskólatorgi. Háma mun bjóða upp á hollan og góðan háskólamat en nafnið Háma er stytting á háskólamatur.


# Verkfræði Tölvunarfræði

VERKFRÆÐIDEILD

[www.verk.hi.is](http://www.verk.hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Með því að mennta hæfa verkfræðinga og tölvunarfræðinga fyrir íslenskt samfélag hefur Háskóli Íslands stuðlað að gjörbreyttum atvinnuháttum og átt drjúgan þátt í að gera Ísland að einni auðugustu þjóð veraldar.

## Meistaránám, MS Doktorsnám, Ph.D.

- » Um 100 námskeið í boði.
- » Kennarar í fremstu röð á sínum sviðum.
- » Sterk tengsl við atvinnulífið.
- » Nálægð stúdenta við kennara auðveldar námið.
- » Góð vinnuaðstaða.
- » Hægt að taka hluta námsins erlendis hjá virtum samstarfsskólum.
- » Ýmsir möguleikar á styrkjum.
- » **Umsóknarfrestur er til 15. mars**

[www.verk.hi.is](http://www.verk.hi.is)

Byggingarverkfræði  
Efnaverkfræði  
Fjármálaverkfræði  
Hugbúnaðarverkfræði  
Iðnaðarverkfræði  
Rafmagnsverkfræði  
Reikniverkfræði  
Tölvunarfræði  
Tölvuverkfræði  
Umhverfisverkfræði  
Vélaverkfræði



# BER ER HVER AÐ BAKI...

Spyrjið ekki aðeins: Hvað getur Háskóli Íslands gert fyrir mig?

Spyrjið einnig: Hvað get ég gert fyrir Háskóla Íslands?

Miði í Hapdrætti Háskólans bætir aðstöðu til náms, kennslu og rannsókna.

– Vertu með og fáðu þér miða á [hhi.is](http://hhi.is) eða hjá umboðsmanni.



**HAPDRÆTTI  
HÁSKÓLA ÍSLANDS**  
*vænlegast til vinnings*